



Hákan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, var ánægðasti maður HM-torgsins á Ingólfstorgi í gær. Svíar lögðu þá Sviss að velli í 16-liða úrslitum mótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Ljósmaður felldu tólf prósentu hækkun

Heimildir Fréttablaðsins herma að formaður samninganefndar ljósmaðra hafi talað gegn samningi félagsins við ríkið á kynningarfundum. Samningurinn var felldur af félagsmönnum en óttast var að hann gæti skapað usla annars staðar.

KJARAMÁL Kjarasamningur ljósmaðra við ríkið, sem felldur var af félagsmönnum í síðasta mánuði, fól í sér um tólf prósentu launahækkun þegar allt er talið saman. Þá var samningurinn afturvirkur um níu mánuði. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Umræddur samningur fól í sér rúmlega 4,2 prósentu miðlæga launahækkun auk nokkurra bókana. Sú helsta fól í sér um sextíu milljóna króna innspýtingu frá heilbrigðisráðuneytinu. Hluti bókananna hefði skilað sér í frekari hækkunum en þessi hefði skilað sé misjafnlega til félagsmanna. Samningurinn var felldur af félagsmönnum með 63 prósentum atkvæða en þriðjungur vildi samþykka hann.

Fyrir þessu ári samdi hluti aðildarfélaganna BHM, en Ljósmaðrafélag Íslands á aðild að bandalaginu, við ríkið. Sá samningur fól í sér ríflega tveggja prósentu afturvirka hækkun til sex mánaða auk þess að laun hækkuðu á ný um tvö prósent í upphafi júní.

Að sögn heimildarmanna Fréttablaðsins var samningurinn þess eðlis að óttast var að hann hefði áhrif á samninga BHM þar sem hækkun ljósmaðra væri umtalsvert meiri en annarra aðildarfélaganna bandalagsins. Þórunn Sveinbjarn-

» Samninganefnd ljósmaðra hefur ekki upplýst hvaða kröfur hún hefur uppi nú þar sem trúnaður ríki um það sem fram fer á fundum.

ardóttir, formaður BHM, vildi ekki tjá sig um orðróminn eða stöðuna í kjaradeilu ljósmaðra þegar Fréttablaðið leitaði eftir því.

Samninganefnd ljósmaðra hefur ekki sagt frá því hvaða kröfur hún hefur uppi við gagnadila sinn nú og sagt að trúnaður ríki um það sem fram fer á fundum. Fjármálaráðuneytið birti í gær tölur þar sem farið er yfir kjör ljósmaðra á undanföllum árum. Þar segir að meðalheildarlaun ljósmaðra séu með því hæsta sem þekkt innan BHM og að meðaldagvinnulaun stéttarinnar hafi hækkað um framhjúkrunarfræðinga og önnur aðildarfélög bandalagsins. Þá sagði fjármálaráðherra að hann gerði ekki athugasemdir við að kröfurnar yrðu gerðar opinberar.

Fréttablaðið hefur rætt við nokkrar ljósmaður um samninginn sem felldur var. Sumar þeirra höfðu á orði að kynningin á samningnum

hefði ekki verið eins og best verður á kosið í ljósi þess hve ofboðslega flókinn hann var. Þá hafi formaður samninganefndarinnar talað gegn honum. Ný nefnd var skipuð eftir að samningurinn var felldur.

Ekki náðist í samninganefndarfulltrúa ljósmaðra í gær til að bera efni fréttarinnar undir þá og spyrja út í afstöðu þeirra til yfirlýsingar fjármálaráðuneytisins þrátt fyrir margitrekadar tilraunir.

Ljósmaður hafa boðað til yfirvinnubanns sem mun taka gildi um miðjan mánuðinn ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Bannið kemur til með að hafa mikil áhrif ef af því verður en ástandið er víða slæmt fyrir og vaktir keyrðar áfram með neydarmönnum.

Velferðarnefnd Alþingis kom saman í gær vegna stöðunnar sem komin er upp. Á fundinum mættu, auk nefndarmanna, heilbrigðisráðherra, landlæknir og fulltrúar Landspítalans. Guðjón S. Brjánsón, fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, lagði fram bókan á fundinum þar sem skorað er á stjórnvöld að leiðrétta kjör ljósmaðra.

„Staðan sem komin er upp er grafalvarleg og við megum engan tíma missa,“ sagði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að fundi loknum. joli@frettabladid.is

Sá fyrsti á Opna breska

GOLF Haraldur Franklín Magnús, atvinnukylfingur úr GR, komst fyrstur íslenskra kylfinga á Opna breska meistaramótið í golfi í gær. Er um eitt elsta og virtasta golfmót heimsins að ræða en þar mun hann keppa við kylfinga á borð við Tiger Woods, Jordan Spieth og Rory McIlroy.

Tók hann þátt í úrtökumóti með 72 öðrum kylfingum en aðeins þrjú þeirra komust áfram í Opna breska meistaramótið.

Var hann eftur við komu í klúbbhúsið en hann þurfti að



biða eftir að mótinu lyki áður en sætið var í höfn. Hann tók léttan blund í búningsklefanum til að halda ró sinni.

„Ég hafði ekki taugar í að fylgjast með. Ég fór bara inn í búningsherbergi, stillti vekjaraklukkuna og ætlaði að reyna að sofa aðeins,“ sagði Haraldur þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

Hann sagði að veðurástandur hefðu eflaust ekki truflað hann jafn mikið og aðra kylfinga.

„Það var hávaðarok þarna en ég held að veðrið hafi hjálpað mér.“

— kpt / sjá síðu 14

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Bubbi Morthens fjallar um laxalús og eit. **10**

SPORT Þó ótrúlegt megi virðast komust Englendingar í 8-liða úrslit á HM eftir vítaspyrnukeppni. **14**

TÍMAMÓT Blængur NK kom til heimahafnar í gær með verðmætasta farminn. **16**

LÍFIÐ Með hverju mæla útlendingar við vini sína á Íslandi? **26**

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• NÝSKÖPUN Á ÍSLANDI
• MARKAÐURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Bæjarhátíðarskraut!



Vatnsheldar fánalengjur ofl.

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Austlæg átt í dag og dálitil væta í flestum landshlutum en styttr upp á vestanverðu landinu með deginum. Milt í veðri. **SJÁ SIÐU 18**



Bergþóra Þorkelsdóttir tekur við starfi forstjóra Vegagerðarinnar 1. ágúst næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með auðmýkt í farteskinu

SAMGÖNGUR „Starfið leggst mjög vel í mig. Þetta er viðamiklidi og spennandi verkefni. Ég fer með auðmýkt í farteskinu og byrja að læra, eins og maður gerir á nýjum stað,“ segir Bergþóra Þorkelsdóttir sem hefur verið skipuð forstjóri Vegagerðarinnar.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, skipaði Bergþóru en Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra vék sæti vegna tengsla sinna við Bergþóru.

„Ég sótti um starfið vegna þess að mér fannst það áhugavert og taldi mig geta uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru. Ég hef mikla og langa stjórnunarreynslu og finnst áhugavert að koma inn í stofnun sem hefur svona víðtækt og vaxandi hlutverk í íslensku samfélagi. Þetta er verkefni sem er áhugavert fyrir manneskju á mínum stað í lífinu.“

Bergþóra segir að hennar næsta verkefni sé að kynnast stofnuninni og umhverfi hennar betur.

Umsækjendur um starfið voru metnir út frá níu hæfnisþáttum sem sérstök hæfnisnefnd skilgreindi út frá þeim kröfum sem fram komu í starfsauglýsingunni. Mest vægi hafði stjórnunarreynsla, eða 25 prósent, reynsla af rekstri og áætlanagerð við 20 prósent og þekking á samgöngum eða atvinnulífi 15 prósent. – sar

Leiða saman hesta sína



Landsmót hestamanna í Viðidal hófst með pomp og prakt, brokki og tölta 1. júlí og nær hápunkti á sunnudaginn. Þúsundir fylgjast með glæsilegustu hrossum landsins næstu daga og þátttakendurnir koma hvaðanæva. Hér sjáum við knapa á vegum Léttis frá Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tvær milljónir vegna handtöku

DÓMSMÁL Íslenska ríkið var í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðasta mánuði dæmt til að greiða manni rúmlega 2,2 milljónir króna í skaða- og miskabætur vegna ólögmatrar handtöku.

Maðurinn lá undir grun um að hafa smyglað fíkniefnum til landsins. Lögreglan hafði fengið heimild til húsleitar hjá honum en áður en til hennar kom fór maðurinn af heimili sínu. Upp hófst eltingaleikur sem endaði með handtöku hans þar sem lögregla beitti meðal annars kylfum.

Að mati dómsins þótti ekki sýnt fram á að lögmætum aðferðum hefði verið beitt við handtökuna. Voru manninum dæmdar 300.000 krónur í miskabætur vegna þessa.

Þá var einnig fallist á að greiða manninum tæpar tvær milljónir króna í skaðabætur vegna líkamstjóns sem hann hlaut við handtökuna. – jõe

Vita ekkert um ferðir manns sem féll af þaki

Lögreglan setti upp fjölda eftirlitsmyndavéla eftir að kona hvarf sporlaust úr miðbæ Reykjavíkur í janúar í fyrra. Þær virðast ekki geta gefið neinar vísbendingar um hvernig dauða bandarískis manns í miðbænum um liðna helgi bar að.

LÖGREGLUMÁL Svo virðist sem ekkert sé hægt að segja til um hvers vegna bandarískur karlmaður, fæddur 1992, lést í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt laugardags. Þrátt fyrir fjölda nýrra eftirlitsmyndavéla segir yfirmaður lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að líkast til verði ekki hægt að upplýsa um hvað nákvæmlega gerðist. Ekkert er vitað um ferðir mannsins í miðbænum fyrir slysið.

Maðurinn féll af þaki hússins sem stendur við Lækjargötu 6a. Aðkoman að slyssstað var afar ljót þar sem mikið hafði blætt úr manninum. Hann var sendur með flýti á Landspítala til aðhlynningar en lést þar af sárum sínum skömmu síðar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hófst strax handa við að rannsaka málið og telur Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögsluþjónn að líkast til verði ekki hægt að segja til um hvers vegna maðurinn féll fram af húsþakinu.

„Karlmaðurinn var einsamall á ferðalagi um landið og hafði farið þarna upp á þak, mögulega þrilað þarna baka til, það eru stigar þar. Á öðru leyti vitum við ekki hvernig hann kom sér upp á þakið og höfum ekki hugmynd um það,“ segir Jóhann Karl. „Þetta er rannsakað sem slys og við getum ábyggilega aldrei upplýst hvað gerðist. Það eru engin vitni að þessu og enginn með honum. Það var bara komið að honum þarna liggjandi,“ bætir hann við.

Jóhann Karl segir ekki búíð að kryfja manninn og því er ekki hægt að segja til um hvert líkamlegt ásig-



Lögreglan er engu nær um ferðir mannsins og rannsakar dauðsfallið sem slys. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

komulag hans var. „Krufningin mun fara fram síðar.“

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setti upp 25 nýjar eftirlitsmyndavélar í miðborginni eftir hvarf Birnu Brjánsdóttur. Er nú svo komið að eftirlitsmyndavélar í Reykjavík á almannafæri eru 36 talsins og eru þær langflestar í miðbænum. Að auki eru eftirlitsmyndavélar sem fyrirtæki og einstaklingar hafa sett upp á svæðinu. sveinn@frettabladid.is



36 myndavélar eru til taks fyrir Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu eina.

ATVINNA

Ungt par sem á von á sínu fyrsta barni leitar að

Ijósmóður

til þess að aðstoða við að tryggja öryggi og heilsu barns og móður í fæðingu og sængurlegu vegna fyrirséðs álags og manneklu á fæðingardeildum sjúkrahúsa.

Móðirin er 26 ára frumbyrja í eðlilegri meðgöngu. Áætlaður fæðingarstaður er Landspítali eða HVE Akranesi. Áætlaður fæðingardagur er 7. júlí.

Verktakavinna. Tímakaup er 10.556 kr./klst. + kvöld/helgarálag auk bakvakta- og akstursgreiðslna.

Umsóknir berist á orvaenting@gmail.com



Hetjur framtíðarinnar

N1 mótið á Akureyri
4. – 7. júlí 2018

N1 mótið verður nú haldið í 32. skiptið á KA svæðinu á Akureyri dagana 4.-7. júlí. Ungir fótboltakappar fá hér tækifæri til framfara í góðum félagsskap rétt eins og núverandi landsliðsmenn Íslands fengu á sínum fyrstu árum í boltanum. Mótið byggir á traustum grunni og hvetjum við alla til að fylgjast með leikgleðinni. Myndum frá mótinu má deila undir myllumerkinu #n1mótið.

Við óskum mótsgestum leikgleði og góðrar ferðar á N1 mótið 2018.



-16 kr. +2 punktar

Í dag, 4. júlí, fá N1 korthafar 16 króna afslátt af eldsneytislítranum og 2 punkta að auki í tilefni af N1 mótinu.



#n1mótið

Alltaf til staðar



Báðar fylkingar í Kongó frömdu stríðsglæpi

AUSTUR-KONGÓ Bæði stjórnarhermenn og uppreisnarmenn í Lýðræðislega lýðveldinu Kongó (LLK) voru sekir um ýmis vöðaverk í átökum sem geisðu í Kasai-héraði í landinu árið 2016. Þetta kemur fram í skýrslu teymis sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslunni er fullyrt að báðar fylkingar hafi gerst sekar um stríðsglæpi. Þar er að finna lýsingar á brotum sem áttu sér stað.

Þar á meðal er vitnisburður drengja sem voru þvingaðir til samræðis við mæður sínar, konur sem voru látnar velja annaðhvort hópnaðgun eða aftöku og börn sem voru sannfærð af hermönnum um að galdrar gerðu þeim kleift að stöðva byssukúlur. Þá eru dæmi um að hermenn hafi lagt sér mannakjöt til munns. – jõe

Ætlar að mæta áfram til vinnu þrátt fyrir ný lög

PÓLLAND Forseti hæstaréttar Póllands sör þess eio í gær að berjast gegn nýjum lögum þar í landi sem lækka eftirlaunaaldur hæstaréttardómara. Hún lýsir nýju lögunum sem „hreinsun ríkisstjórnarinnar á réttinum“.

Samkvæmt nýju lögunum lækkar eftirlaunaaldur dómara úr 70 árum niður í 65 ár en breytingin tók gildi á miðnætti í gær. Breytingarnar fela í sér að nærri 40 prósent dómara við réttinn þurfa að hætta störfum.

Breytingin er afar umdeild en margir telja að með henni sé vegið að sjálfstæði dómstóla og reynt að gera þá hliðhollari stjórnvöldum. Evrópusambandið hefur meðal annars barist gegn henni. Ríkisstjórn landsins segir hins vegar að breytingin sé til þess fallin að berjast gegn spillingu og auka skilvirkni dómstólsins.

Prof Gersdorf, forseti hæstaréttar, er í hópi dómara sem munu þurfa að láta af störfum vegna laganna. Dómarar eldri en 65 ára geta enn starfað við réttinn en þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda. Hún óskaði eftir slíku en fékk ekki.

„Plön Gersdorf hafa ekkert breyst. Hún hefur í hyggju að mæta áfram til vinnu,“ sagði talsmaður hæstaréttar við blaðamenn í gær. – jõe

LEIÐRÉTTING

Í viðtali við Emil Hallfredsson í helgarblaði Fréttablaðsins kom fram að faðir hans hefði unnið hjá Alcoa. Hið rétta er að hann starfaði um árabíl hjá Alcan.

Síminn lýsir yfir vonbrigðum vegna ákvörðunar PFS

SAMKEPPNI Síminn hf. braut fjölmíðlalög með því að beina viðskiptum Sjóvarps Símans að dótturfélagi sínu Mílu. Þetta er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) en Símanum var gerð níu milljóna króna sekt vegna brots sins.

Málið er til komið vegna þess að haustið 2015 stöðvaði Síminn dreifingu á ólínulegu efni Sjóvarps símans yfir kerfi Vodafone, nú Sýnar, en það hafði í för með sér að myndlykill Símans var

nauðsynlegur til að ná sjónvarpi frá fyrirtækinu.

Í yfirlýsingu frá Símanum lýsir fyrirtækið yfir vonbrigðum með ákvörðunina og telur hana skaðlega fyrir samkeppni á markaði.

„Markaðsráðandi efnisdreifingarfyrirtæki á Íslandi, [þ.e. Vodafone], og opinbert innviðafyrirtæki [Gagnaveita Reykjavíkur] hafa með málinu reynt að fá að taka upp og miðla í hagnaðarskyni en án áhættu sjónvarpssefni sem Síminn hefur fjárfest í og

framleitt. Hafa félögin einatt átt stuðning PFS vísan í þeirri viðleitni sinni, sem aftur hamlar gerð innlends sjónvarpssefnis,“ segir í yfirlýsingu.

Í tilkynningu frá Sýn um málið segir að Sýn fagni niðurstöðu PFS og að fyrirtækið sé að kanna réttarstöðu sína með tilliti til mögulegra skaðabóta. Ákvörðunin bendir til þess að Síminn hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína og mögulega brotið samkeppnislög einnig. – jõe



Síminn hefur lýst vonbrigðum með ákvörðunina og telur hana skaðlega.

Ævaforð skáti gæti breytt hugsun okkar um landnám

Ísland gæti hafa verið verstöð löngu fyrir meint landnám árið 871. Gríðarstór skáli hefur fundist á Stöð við Stöðvarfjörð. Fornleifauppgröftur gæti breytt hugmyndum okkar um ástæður landnáms.

VÍSINDI Fornleifauppgröftur á Stöð í Stöðvarfirði á Austurlandi gæti breytt hugmyndum okkar um landnám á Íslandi, eðli þess og ástæður. Unnið hefur verið að rannsóknum á mannabústöðum á svæðinu undanfarið og verður framhaldið næsta sumar.

„Það kom í ljós á síðustu dögum uppgraftrarárs að þessir tveir skálar sem við erum að rannsaka á Stöð í Stöðvarfirði, sá eldri og sá yngri, eru miklu stærri en við höfðum gert okkur grein fyrir og eru með þeim stærstu á skandinavískan mælikvarða,“ segir Bjarni Einarsson fornleifafræðingur sem stýrir uppgræftrinum á Stöð.

„Þann yngri túlka ég sem hið eiginlega landnámsbyli með búskap, stendur ofan í eldri skálanum sem ég áður túlkaði sem útstöð. Það kom á óvart hversu gríðarlega stór hann er,“ segir Bjarni. „Hann er að minnsta kosti fjórutíu metra langur.“

Útstöðvar eru vel þekkt fyrirbæri í norrænum menningarheimi en stöð sem þessi var rekin af höfðingja, stórbónda eða kóngi og hafði það hlutverk að framleiða vörur til sölu heima fyrir. „Við þekkjum þetta fyrirbæri sem verstöð þar sem fólk vinnur auðlindir fjarri heimabæ. Á Austurlandi hefur fiskur og fugl verið veiddur, lýsi unnið úr hval, selir veiddir og spik, kjöt og húðir unnar. Jafnframt hefur verið möguleiki á að vinna járn á svæðinu úr mýrarráuda,“ bætir Bjarni við.

Báðir skálarnir á Stöð í Stöðvarfirði eru ævaforðir. C-14 greiningar gefa til kynna að búseta kynni að hafa hafist rétt eftir 800 og verið



Frá Stöð við Stöðvarfjörð þar sem Bjarni Einarsson og fleiri standa í meiriháttar fornleifauppgræftri.

Það kom á óvart hversu gríðarlega stór skálinn er, hann er að minnsta kosti 40 metra langur.

Bjarni Einarsson, fornleifafræðingur



fram yfir landnám. „Samkvæmt gjöskulögum eru þeir eldri en frá 871. Það er visbending enn sem komið er en landnámslagið fræga er ekki í veggjum skálanna. Hins vegar finnst það yfir mannvirkinu í smíðjunni í eldri skálanum sem gefur ákveðnar visbendingar.“

Þessi hugmynd um að hér hafi verið útstöð konungs, höfðingja eða stórbónda, gæti breytt hugmyndum okkar um af hverju menn hafi sest að hér á landi. „Útstöðvarkenningin byggir á því að fólk hafi

komið hingað til lands til að vinna auðlindir hér við land og farið af landi brott aftur á haustin. Þannig taka einstaklingar ekki bara vörur til sinna heimahaga heldur líka upplýsingar um þetta nýja land,“ segir Bjarni. „Á grundvelli þeirra upplýsinga gæti því það fólk tekið meðvitanda ákvörðun um að setjast að á Íslandi. Fólksflutningakennningar byggja á því að á einhverjum tímupunkti verður þráin eftir nýjum stað meiri en viljinn til að vera um kyrrt.“ sveinn@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ Á RENEGADE LONGITUDE

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

TILBOÐSVERÐ
3.790.000 KR.

LISTAVERÐ 4.390.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.



Jeep

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI JEEP Á ÍSLANDI - ÞVERHOLTÍ 6 - 270 MOSFELLSBÆR- SÍMI: 534 4433
WWW.JEEP.IS - WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

50 GB
+ ENDALAUST
SNAPP

Tilboð



4.5G
VoLTE

SAMSUNG
Galaxy S8+ 64 GB

89.990 kr.

Fullt verð 99.990 kr.
Práðlaus hleðsla fylgir.

50 GB
+ ENDALAUST
SNAPP



4.5G
VoLTE

SAMSUNG
Galaxy S9+ 64 GB

124.990 kr.

Samsung 5.100 mAh
stuðpinni fylgir.

Endalaust góður dill

50 GB fylgja öllum
farsímum + endalaust

Tal/SMS & Snapp

Heitt



DJI
Osmo Mobile 2

19.990 kr.



Urbanista
Berlin

5.990 kr.



Nova
Stuðpinni 5.200 mAh

2.990 kr.

Nýtt



Snapchat
Spectacles 2018

19.990 kr.

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Rúmlega 200 drukknuðu á þremur dögum á Miðjarðarhafi

FLÓTTAFÓLK Það sem af er ári hafa rúmlega eitt þúsund manns á flotta frá heimkynnum sínum drukknað á leið sinni yfir Miðjarðarhaf. Þar af drukknuðu rúmlega 200 á síðustu þremur dögum.

Óttast er að smyglarar freisti þess nú að fara háskalegri leið yfir hafði þar sem yfirvöld á Ítalíu og í Líbíu hafa ákveðið að stórefla strandgæslu sína.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna greindi frá því í gær að 276 flóttamenn hefðu komið til

» **Vel yfir eitt þúsund flóttamenn hafa drukknað það sem af er ári.**

Tripólí í Líbíu í byrjun vikunnar. Þar af voru 16 manns sem komust lífs af þegar bátur þeirra sökk með 130 manns um borð.

Þetta er fjórða árið í röð sem fleiri en eitt þúsund manns drukkna á leið sinni yfir Miðjarðarhaf.

Othman Belbeisi, fulltrúi Alþjóðlegu fólksflutningastofnunarinnar, sagði í gær að skyndileg fjölgun dauðsfalla flóttafólks væri ógnvænleg þróun.

„Smyglarar hagnýta sér neyð flóttafólks og þörf þess til að halda yfir Miðjarðarhafið áður en yfirvöld á svæðinu herða landamæraeftirlit sitt,“ sagði Belbeisi.

Talið er að aðeins helmingur þeirra sem flúið hafa Líbíu í ár hafi komist til Evrópu. Hlutfallið var 86 prósent á síðasta ári. – khn



Flóttafólki hefur verið vísað frá Ítalíu í stórum stíl. NORDICPHOTOS/AFP



Skólabörn í Svíþjóð fá ekki einkunnir fyrr en í 6. bekk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja ekki gefa einkunn í 4. bekk

SVÍÞJÓÐ Meirihluti sænskra kjósenda er mótfallinn því að grunnskólanemendum verði gefnar einkunnir þegar í fjórða bekk. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var fyrir sænska ríkissjónvarpið. Einkunnir hafa nú verið gefnar í sjötta bekk frá og með 2011.

Jan Björklund, fyrrverandi menntamálaráðherra og formaður Frjálslynda flokksins, segir að margir hafi þá verið efins en nú þyki flestum það hafa gefist vel. Björklund bendir á að einkunnagjöf á miðstigi hafi verið felld niður á níunda áratug síðustu aldar. Árangur nemenda hafi þá farið að versna. – ibs



Þorvaldur Davíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þorvaldur vill verða bæjarstjóri

SEYÐISFJÓRÐUR Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari hefur sótt um stöðu bæjarstjóra Seyðisfjarðar-kaupstaðar.

Á lista umsækjenda eru fjórar konur og átta karlar en í auglýsingu fyrir starfið er farið fram á leiðtoga-hæfni, hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, skipulagshæfni, auk reynslu af stjórnun, stefnumótun og rekstri.

Nýr meirihluti Seyðisfjarðar ákvað að auglýsa eftir nýjum bæjarstjóra en Vilhjálmur Jónsson hefur gegnt starfinu frá 2011. Vilhjálmur hefur jafnframt verið oddviti Framsóknarflokksins í bæjarstjórn en flokkurinn tapaði fylgi í liðnum kosningum og féll meirihlutinn. Mun Vilhjálmur gegna starfinu þar til arftaki hefur verið ráðinn.

Þorvaldur Davíð hefur frá barnsaldri stundað leiklist en hann útskrifaðist frá hinum virta Juilliard-listaháskóla í New York árið 2011. Hefur hann meðal annars leikið í kvikmyndunum Vonarstræti (2014), Ég man þig (2017) og Svartur á leik (2012). Auk þess brá hann sér í aukahlutverk í myndinni Dracula Untold árið 2014. – dfb

Um 500 afskráningar á Íslandi vegna réttarins til að gleymast

Netrisanum Google bárust 1.376 beiðnir frá Íslandi frá miðju ári 2014 til ársloka 2017 um að tiltekna vefslóðir birtust ekki í leit á leitarvélum þess. Þær voru samþykktar af Google í 35 prósentum tilvika. Google hefur orðið við fjórum beiðnum íslenskra stjórnvalda um að efni verði fjarlægð af vefsvæðum fyrirtækisins.

SAMFÉLAG Google bárust 1.376 beiðnir frá Íslandi um að tiltekna vefslóðir birtist ekki í leitarvélum fyrirtækisins, frá því það hóf að taka við beiðnum í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í apríl 2014 til ársloka 2017. Þetta kemur fram í skýrslu sem internetrisinn birti nýlega um meðferð beiðna á grundvelli réttarins til að gleymast. Skýrslan var unnin í tilefni þess að þrjú ár eru liðin frá því að dómur Evrópudómstólsins féll vorið 2014, þar sem tilvist réttarins til að gleymast var fyrst staðfest.


Á upplýsingavæði Google kemur einnig fram að fjórar beiðnir hafi borist frá íslenskum yfirvöldum um að efni verði fjarlægð af vefsvæðum Google og hefur Google orðið við þeim beiðnum í öllum tilvikum. Ekki kemur fram um hvaða efni er að ræða að öðru leyti en því að efnið er flokkað á grundvelli höfundaréttar í þremur tilvikum og í einu tilviki á grundvelli einkalífs og öryggis.

Í fyrrgreindri skýrslu, sem fjallar um beiðnir frá öllum ríkjum ESB og EFTA-ríkjunum, kemur fram að 75 prósent allra sem senda fyrirtækinu beiðnir óska eftir afskráningu fimm eða færri vefslóða og í 35 prósentum tilvika óskar beiðandi einungis eftir afskráningu einnar vefslóðar. Nokkuð stór hluti umbeðinna afskráninga komi hins vegar frá tiltölulega fáum beiðendum. Þótt óskað hafi verið afskráningar á tæplega tveimur og hálfum milljónum vefslóða komi tæp 15 prósent þeirra frá einungis þúsund beiðendum. Sá sem atkvæðamestur hefur verið í beiðnum óskaði eftir afskráningu 5.768 vefslóða.

Í skýrslunni eru tekið nokkur dæmi um þau sjónarmið sem Google beitir við meðferð beiðna. Tekið er dæmi af beiðni athafnamanns í viðskiptum sem laut að frétt um sakfellingu sem hann hlaut fyrir tilraun til fjársvika. Google hafnaði beiðninni vegna alvarleika brotsins og tengsla þess við atvinnu mannsins.


Í öðru tilviki laut beiðni einstaklings að viðtali sem tekið var við hann í kjölfar hryðjuverkaárásar sem hann lifði af. Þrátt fyrir að hann hafi sjálfviljugur stuðlað að birtingu efnisins féllst Google á beiðnina vegna þess hve viðkvæmt efni var um að ræða og þess að viðkomandi var á unglingsaldri þegar viðtalið var tekið.

Um meðferð beiðna sem lúta að samfélagsmiðlum fer eftir því hvort viðkomandi hefur sjálfur einhver ráð með að takmarka aðgang að svæði sínu á viðkomandi miðli. Hafi hann ekki raunhæfan kost á því er líklegra að Google verði við beiðni um afskráningu slóðarinnar í leitarvélinni. adalheidur@frettabladid.is




Beiðnir til Google frá því dómur Evrópudómstólsins féll 2014 til ársloka 2017 skipta milljónum. NORDICPHOTOS/GETTY

Beiðendur afskráninga árin 2016 og 2017



Tegundir beiðna og samþykki Google 2016 og 2017



Nýr dómur frá Mannréttindadómstól Evrópu um réttinn til að gleymast

Í síðustu viku féll dómur hjá Mannréttindadómstól Evrópu í máli bræðra sem óskað höfðu eftir því, að nöfn þeirra yrðu fjarlægð úr fréttum í fréttasöfnun tiltekinnna þýska fjölmiðla, af morði sem þeir voru dæmdir fyrir árið 1993. Í dómnum segir að finna þurfi

jafnvægi milli réttar einstaklinga til friðhelgi einkalífs, frelsis fjölmiðla og réttar almennra borgara til aðgangs að upplýsingum. Þannig þurfi að veða rétt einstaklings sem fjallað væri um í netútgáfu fjölmiðils gagnvart rétti almennings til að vera upplýstur, ekki eingöngu

um málefni liðandi stundar heldur einnig um atburði fortíðar og sögulegt samhengi.

Í því tilviki sem dæmt var um jó tjáningarfrelsið og réttur almennra borgara til upplýsinga þyngra en réttur kæranda til friðhelgi einkalífs.

Beiðnir í tölum frá apríl 2014 til ársloka 2017

399.779
voru beiðendur afskráninga

2.367.380
vefslóðir sem beiðnir lutu að
Afskráning samþykkt í 43% tilvika

1.376
vefslóðir sem beiðnir
frá Íslandi lutu að
Afskráning samþykkt í 35% tilvika

4
beiðnir frá íslenskum
stjórnvöldum
Samþykktar í öllum tilvikum

„Ég hef ekki lengur áhyggjur af rigningu og móðu“


Ég þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af rigningu og móðu á gleraugum. Sjónsviðið er stærra, engin gleraugu fyrir manni. Rispur og óhreinindi á glerjum úr sögunni. Nú get ég keypt sólgleraugu, skíðagleraugu og fleira án sérþarfa.

Hlynur Ómarsson

AUGLJOS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • Sími 414 7000 • augljós@augljós.is • www.augljós.is

Flóknar og tímafreakar björgunaraðgerðir



Leitin sem varð að björgunaraðgerð

Fótboltastrákarnir tólf og þjálfari þeirra eru fundnir. Nú ráða björgunarmenn ráðum sínum um hvernig best sé að bjarga þeim úr dimum hellinum og í faðm fjölskyldna sinna. Svo gæti farið að drengirnir þurfi að bíða í marga mánuði eftir að sjá sólarljósið á ný.

TAILAND Leitin að drengjunum tólf sem urðu innlyksa djúpt ofan í helli í norðurhluta Taílands í síðustu viku hefur nú breyst í meiriháttar björgunaraðgerðir. Drengirnir eru á aldrinum 11 til 16 ára og þeir bíða í alls 9 daga í niðamykrri í hellinum ásamt fótboltaþjálfara sínum á meðan kafarar fíkrúðu sig um gangakerfið.

Viðbragðsaðilar á staðnum njóta stuðnings alþjóðlegra sveita björgunarmanna, en þeirra bíður nú ærið verkefni og fátt er um ákjósanlega möguleika í stöðunni.

Anand Surawan hjá taílenska sjóhernum sagði fjölmiðlum í gær að í versta falli þyrftu drengirnir að bíða í hellinum í fjóra mánuði, eða þangað til að flóðið sem lokaði hellinum rénar.

Einnig kemur til greina að láta hópinn kafa út úr göngunum en sérfræðingar hafa bent á að það sé afar vafasamt í ljósi þess hve veikburða

» Tíu dagar eru liðnir frá því að leit hófst að drengjunum og þjálfara þeirra.

drengirnir eru. Þeir eru jafnframt ósýndir.

Þá reyna björgunarmenn nú að finna aðra leið inn í hellinn. Mögulega verður farin sú að leið grafa 800 metra í gegnum fjallið sem hellirinn liggur undir.

Björgunarmenn eru hjá drengjunum öllum stundum. Þeir hlúa að sárum þeirra og næra. En ljóst er að björgunarmenn þurfa að hafa hraðar hendur, því úrhelli er spáð á svæðinu á næstu dögum. Þannig á vatnsflaumurinn í hellinum enn eftir að vaxa og um leið ógna þurra holrúminu þar sem hópurinn hefur dvalið í 10 daga.

kjartanh@frettabladid.is



Hér má sjá björgunarmenn halda ofan í hellinn. Hægra megin er mynd sem tekin var í hellinum. NORDICPHOTOS/AFP



NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



LAND ROVER Discovery 4

Nýskr. 05/12, ekinn 95 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 5.290.000 kr.

Rnr. 450006.



Range Rover Vogue

Nýskr. 03/15, ekinn 81 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 13.900.000 kr.

Rnr. 103625.



Range Rover Evoque HSE

Nýskr. 11/16, ekinn 17 þ. KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.490.000 kr.

Rnr. 370701.



JAGUAR F-Pace Portfolio

Nýskr. 06/2017, ekinn 10 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 8.290.000 kr.

Rnr. 450003.



JAGUAR F-Pace S

Nýskr. 02/2017, ekinn 15 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 10.990.000 kr.

Rnr. 103627.



LAND ROVER Discovery 5 HSE Lux

Nýskr. 05/2017, ekinn 11 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 13.590.000 kr.

Rnr. 450004.



Range Rover Evoque Autobiography

Nýskr. 06/2016, ekinn 3 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 8.990.000 kr.

Rnr. 410156.



BMW X1 Xdrive18d

Nýskr. 05/16, ekinn 30 þ.KM, dísil, sjálfskiptur.

Verð 4.590.000 kr.

Rnr. 144499.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari - Komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is



Tryggðu þér bíl á HM tilboði með grilluðum kaupauka!

Weber Q2200 fylgir tilboðsbílum til 15. júlí



700.000 kr. afsláttur

Verð nú
4.990.000 kr.
verð áður 5.690.000 kr.

Mercedes-Benz E 200 CDI

Nýskráður 6/2016, ekinn 8 þús. km, dísil, 2143 cc, 136 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992569



300.000 kr. afsláttur

Verð nú
690.000 kr.
verð áður 990.000 kr.

Kia Ceed LX 1.4

Nýskráður 6/2010, ekinn 155 þús. km, bensín, 1396 cc, 90 hö, beinskíptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992509



500.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz C-Class 250

Nýskráður 4/2016, ekinn 14 þús. km, dísil, 2143 cc, 205 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrífinn.

Raðnúmer: 340343

verð áður 6.190.000 kr.

5.690.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

Chevrolet Captiva

Nýskráður 7/2008, ekinn 206 þús. km, dísil, 1991 cc, 150 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrífinn.

Raðnúmer: 291096

verð áður 1.070.000 kr.

870.000 kr.



300.000 kr. afsláttur

Volvo S40

Nýskráður 3/2008, ekinn 140 þús. km, bensín, 2435 cc, 140 hö, sjálfskiptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992595

verð áður 1.590.000 kr.

1.290.000 kr.



500.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz CLA 220

Nýskráður 6/2015, ekinn 23 þús. km, dísil, 2143 cc, 205 hö, sjálfskiptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 340414

verð áður 5.490.000 kr.

4.990.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

VW Polo Comfortline

Nýskráður 6/2013, ekinn 72 þús. km, dísil, 1390 cc, 86 hö, sjálfskiptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 321025

verð áður 1.790.000 kr.

1.590.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

Kia Sorento EX

Nýskráður 6/2007, ekinn 233 þús. km, dísil, 2497 cc, 170 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992682

verð áður 1.090.000 kr.

890.000 kr.



400.000 kr. afsláttur

Audi A4 Avant

Nýskráður 6/2013, ekinn 80 þús. km, dísil, 1968 cc, 143 hö, sjálfskiptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 291252

verð áður 2.790.000 kr.

2.390.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

Kia Picanto EX

Nýskráður 12/2016, ekinn 28 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskíptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 291238

verð áður 1.790.000 kr.

1.590.000 kr.



540.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz B-Class 200 4MATIC

Nýskráður 7/2016, ekinn 33 þús. km, dísil, 2143 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992665

verð áður 4.490.000 kr.

3.950.000 kr.



400.000 kr. afsláttur

Mercedes-Benz A-Class 180

Nýskráður 5/2015, ekinn 54 þús. km, dísil, 1461 cc, 109 hö, sjálfskiptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 340438

verð áður 3.550.000 kr.

3.150.000 kr.



300.000 kr. afsláttur

Honda Accord

Nýskráður 7/2013, ekinn 56 þús. km, bensín, 1997 cc, 157 hö, sjálfskiptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992755

verð áður 2.650.000 kr.

2.350.000 kr.



200.000 kr. afsláttur

Kia Rio LX 1.4

Nýskráður 9/2015, ekinn 31 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskíptur, framhjóladrífinn.

Raðnúmer: 992706

verð áður 1.920.000 kr.

1.720.000 kr.

Erfið staða



Ólöf Skaftadóttir
olo@frettabladid.is

Þrjátíu ljósmæður hafa sagt upp störfum á Landspítalanum. Ljóst er að uppsagnirnar hafa mikil áhrif. Útskriftum mæðra og nýbura hefur verið flýtt. Stjórnendur og sérfræðingar á spítalanum funda á átta tíma fresti vegna stöðunnar sem upp er komin. Mun færri ljósmæður eru á vakt á meðgöngu- og sængurlegudeild en lágmarkið gerir ráð fyrir. Þetta er auðvitað ótækt ástand og ekki boðlegt gagnvart þeim verðandi foreldrum sem nú bíða eftir því að eignast barn.

Ljóst er að fæðingum fækkar ekki, þótt sólin láti vonandi sjá sig í nokkra daga í júlí. Álagið kemur til með að aukast á deildinni vegna almennra sumarleyfa. Á sumrin dregur einnig úr starfsemi annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

Formaður samninganefndar ljósmæðra hefur sagt félagsmenn fara fram á launaleiðréttingu en ekki hækkanir umfram aðrar stéttir. Þetta ruglar umræðuna. Árið 2008 fengu ljósmæður 16 prósentu hækku umfram önnur félög innan Bandalags háskólanna, sem leiðréttingu vegna viðurkenningar á aukinni menntun. Frá þeim tíma hafa ljósmæður fengið sömu hækkanir og önnur félög innan bandalagsins.

Það er þekkt að almennt er lítið svigrúm fyrir launahækkanir hér á landi án þess að þær leiði til verðbólgu og hærri vaxta. Á því tapa allir. Þannig að ef einn hópur hækkar miklu meira en annar þarf ástæðan að vera ærin, svo aðrar stéttir elti ekki.

Formaðurinn segir kröfu ljósmæðra einnig þá að ljósmóðir geti lifað sómasamlega af því að vinna dagvinnu. Könnun meðal stéttarinnar bendi til þess að þær vilji 671 þúsund krónur í grunnlaun á mánuði, sem jafngildir hækku grunnlauna um 17 prósent. Fá störf eru mikilvægari en að taka á móti börnum. Það er líka ljóst að börn koma ekki í heiminn á milli níu og fimm. Starf ljósmæðra er unnið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Á aðfangadagskvöld og afmælisdögum, nótt sem dag. Þetta vita þeir sem námið velja. Þannig er erfitt að tala um grunnlaun stétta eins og ljósmæðra.

Samkvæmt kjarakönnun háskólanna eru meðallaun ljósmæðra fyrir fullt starf um 848.224 krónur á mánuði, sem skiptast í grunnlaun, yfirvinnu, vaktaálag og önnur laun. Stéttin hefur næst-hæstu tekjur allra félagsmanna. Tekjur ljósmæðra eru hærri en lögfræðinga, sálfræðinga, dýralækna, háskólakennara og ráðuneytisstarfsmanna. Eina stétt bandalagsins sem er með hærri tekjur en ljósmæður eru háskólaprófessorar.

Stjórnvöld geta vitaskuld að hluta til kennt sér um hvernig komið er fyrir launabaráttu í landinu. Nægir þar að nefna vanhugsáðar ákvarðanir Kjararáðs á undanförunum misserum.

Þeir sem nú standa í vandræðum við ljósmæður eru ekki öfundsverðir. Þeir þurfa að huga að hvoru tveggja; mikilvægi starfs þeirra og heilsu þjóðarbusins. Vonandi verður samið við ljósmæður sem allra fyrst. Að þessu sinni og héðan í frá verður skynsemin þó að trompa tilfinningar.



Tekjur ljósmæðra eru hærri en lögfræðinga, sálfræðinga, dýralækna, háskólakennara og ráðuneytisstarfsmanna.

Halldór



Frá degi til dags

Fjölmíðlar í ruslflokki
Yfirvegaður sem fyrr hélt Brynjar Niélsson á Facebook í gær – þann vettvang sem hófstilla umræðu er að finna á þessum tímum – og vakti athygli á mikilvægu hlutverki fjölmíðla í lýðræðissamfélagi. Köld voru þó skilaboðin til ritstjórna landsins: „... sjálfur tel ég fjölmíðla veikasta hlekkinn í íslensku samfélagi. Eiginlega í ruslflokki eins og þeir segja hjá matsfyrirtækjum.“ Það er alþekkt bragð hjá taugaveikluðum stjórnmálamönnum að hatast út í fjölmíðla. Við sjáum slíkt daglega meðal popúlista sem ryðja sér til rúms hér á landi, sem og víðar. Því sjaldnast vilja þeir beina sjónum að eigin stöðu. Alþingi, vinnustaður Brynjars, sem ávallt á að vera hinn trausti hlekkur í lýðræðissamfélagi, mælist með 29 prósentu traust.

Sætaskipti
Í ljósi þessa telur undirritaður rétt að bjóða Brynjari að gerast sessunautur hans og vera honum innan handar eins og einn dag eða tvo svo Brynjar geti veitt honum nokkrar lexíur í aðhaldi. Þingmaðurinn verður þó að setta sig við blaðamannskaup, eðlilega. Inni á milli gætum við síðan rætt um Tottenham og tekið nokkrar skákir. Hver veit nema sju heimsókn yrði til þess fallin að auka traust fólks til bæði fjölmíðla og Alþingis. joli@frettabladid.is

Að senda náttúrunni reikning fyrir skaðanum



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Lúsafaraldur í fiskeldi er það versta sem hugsast getur fyrir alla á þeim vettvangi, þig, mig og þá. Stofnunin sem fer með eftirlitið með laxeldisfyrirtækjum, Matvæla- stofnun, notar orðið „meðhöndlun“ þegar hún gefur laxeldisfyrirtækjum hér á landi heimild til að nota eitru til að stöðva það sem verður ekki stöðvað. Eina leiðin til þess að meðhöndla laxalús í eldi er að nota eitru og það helling af því. Hvert halda menn svo að þetta eitru berist? Svárið er: Í allt lífríkið. Svo einfalt er það.

Hvað sögðu talsmenn Norðmanna hér á landi? Að það væri engin hættu á að laxalús yrði til vandræða en annað hefur komið í ljós. Nú nýlega fór fram uppboð á laxeldiskvóta í Noregi. Þar fór laxeldisleyfið fyrir tonnið á tæpar 2,6 miljónir króna. Samkvæmt því kostar þá leyfi fyrir 6.000 tonna laxeldi fyrir Laxa ehf. í Reyðarfirði 15,4 milljarða. Það sama á við um önnur fyrirtæki í laxeldi hér á landi. Út af hverju halda menn að Norðmenn hafi komið hingað og séu að gleypa firðina og hafi alls konar fólk á launum til þess að verja þessa mengandi stóriðju? Jú, hér sjá þeir gróða og marklaust eftirlit og ráðamenn sem sjá atkvæði í því að vera ekki með neitt vesen. Það hefur verið sannað að laxeldi hefur vond og óafturkræf áhrif á villta laxastofna.

Laxeldi í opnum kvíum er skaðlegt lífríkinu við strendur Íslands. Laxeldi á landi eða í lokuðum kvíum er eina umhverfisvæna leiðin til þess að vernda lífríkið við strendur landsins en það kostar peninga og Norðmennirnir sem hingað eru komnir og talsmenn þeirra hafa engan áhuga á því að borga það gjald. Þeir hafa áhuga á að ryksuga upp gullið úr lífríkinu við strendur Íslands og senda náttúrunni reikninginn fyrir skaðanum.



Hvert halda menn svo að þetta eitru berist? Svárið er: Í allt lífríkið. Svo einfalt er það.

ALA ÚTSALA 30-60% AFSLÁTTUR 30-60%

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

180x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ 157.509 kr.

13.990 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 225.013 kr.

ROYAL LAYLA 30% AFSL

Hágæða millstítt fimmevæða skipt heilsurúm með ástnum 10cm mjúkum toppi, millstíttu pokagormakerfi, stífum kant í ásamt botni og fótum.

FYRSTA GREIÐSLA Í OKTÓBER.

Einnig til í öðrum stærðum!

*12 mánaða vaxtaless kreditkortalán. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjon
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Kjaradeila íslenskra ljósmæðra: áskorun eða ógn?



Helga Gottfreðsdóttir prófessor, formaður námsbrautar í ljósmóðurfræði, Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands



Fjöldi klínískra kennara í ljósmóðurfræði hefur nú sagt starfi sínu lausu til að knýja á um bætt kjör. Það hefur áhrif víða. Í haust mæta ljósmæðranemar í skólann og ég veit ekki hverjir eiga að kenna þeim í klínísku námi.

Fyrir nokkrum dögum sat ég ráðstefnu sem bar yfirskriftina 'Normal Labour & Birth Research Conference' þar sem fjallað var um rannsóknir í tengslum við eðlilegt ferli meðgöngu, fæðingar og fyrstu dagana eftir fæðingu. Ráðstefnan var nú haldin í 13. sinn en hún er haldin til skiptis á Englandi og í einhverju öðru landi þar sem sérstaklega þykir þurfa að vekja athygli á heilbrigðisþjónustu við verðandi mæður og nýbura. Í ár var ráðstefnan í Michigan í USA.

Í umfjöllun um þjónustu við barnshafandi konur og útkomu fæðinga er stuðst við samhæfða skráningu á nokkrum þáttum til að auðvelda samanburð milli landa. Árið 2008 voru Bandaríkin þannig í 30. sæti þegar ungbarnadauði (e. infant mortality) er skoðaður. Samhengi er milli nýbura- og ungbarnadauða og fyrirburafæðinga en tíðni fyrirburafæðinga í Bandaríkjunum er töluvert hærri en í mörgum löndum Evrópu. Árið 2010 var tíðni keisaraskurða í USA rúm 30%. Í Bandaríkjunum sinna ljósmæður tæplega 11% fæðinga, þær hafa starfsleyfi í flestum fylkjum en kerfið er flókið og ákvarðanir um hvernig þjónustan skuli veitt og

hver skuli veita hana byggir ekki á bestu þekkingu á hverjum tíma.

Á síðustu fjórum árum hafa t.d. birst nokkrar vísindagreinar um ljósmæðrastar í hinu virta tímariti Lancet, þar sem áhersla er á aðkomu ljósmæðra til að byggja upp hágæða heilbrigðisþjónustu fyrir verðandi mæður og nýbura. Í greinunum er jafnframt vakin athygli á að of miklum fjármunum sé varið í litinn hluta þjónustu við verðandi mæður og nýbura, þ.e. í brádatilvik og flókin viðfangsefni, á kostnað þess að byggja frekar upp góða og jafnari þjónustu við allar verðandi mæður. Þannig er mögulega hægt að fyrirbyggja ýmis vandamál s.s. fjölda



fyrirburafæðinga og nýta fjármuni þá betur.

Upphaf að góðri heilsu

Mæðra- og ungbarnadauði hér á landi er með því lægsta sem þekktist. Á sama tíma eru færri keisaraskurðir gerðir hér en í flestum öðrum löndum. Þannig sýna rannsóknir að miðað við önnur lönd er áhætta við meðgöngu og fæðingar lítil á Íslandi og mjög öruggt að fæðast hér. Stöðugt bætist við ný þekking um mikilvægi þess að móðir og barn fái góða þjónustu á meðgöngu og fyrstu vikum eftir fæðingu en þessi tími er upphaf að góðri heilsu til lengri tíma.

Þó árangur í heilbrigðisþjónustu sé vissulega háður flóknu samspili félagslegra, efnahagslegra og pólitískra þátta, þá er hægt að færa rök

fyrir því að greitt aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu sem veitt er af videigandi fagfólki skilar sér í bættu heilsufari þjóðar.

Á Íslandi er löng hefð fyrir starfi ljósmæðra en á næsta ári fagnar Ljósmæðrafélag Íslands 100 ára afmæli. Starfssvið ljósmæðra hefur tekið breytingum til samræmis við þekkingu og kröfur á hverjum tíma. Ljósmæður sinna verðandi móður á meðgöngu, veita fæðingarhjálp og þjónustu fyrstu vikuna eftir fæðingu. Þær vinna innan sjúkrahúsa, á heilsugæslustöðvum, á fæðingarstofum og í heimahúsum. Ljósmæður sinna ráðgjöf um kynheilbrigði, brjóstgafarráðgjöf og ráðgjöf eftir erfiða fæðingarreynslu. Þær sjá jafnframt um flestar reglubundnar ómskoðanir sem gerðar eru í tengslum við meðgöngu hér á

landi og vinna við krabbameinsleit svo nokkuð sé nefnt.

Hverjir eiga að kenna?

Í haust munu tíu nemendur hefja nám við Námsbraut í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Þessir nemendur eru teknir inn í ljósmóðurnámið að undangengnu forvali þar sem fleiri sækja um en komast inn. Við höfum hingað til búið við þann mun að starfssviðið þykir eftirsótt og því getum við valið úr umsækjendum. Nám í ljósmóðurfræði er tveggja ára nám eftir hjúkrunarfræði og í ljósmóðurnámi er u.þ.b. 60% tímans þjálfun á klínískum vettvangi. Til að mennta hæfar ljósmæður þurfum við því ljósmæður í klínísku starfi. Þær ljósmæður hafa margar hverjar langa reynslu að baki en þær eru kjölfestan í því að okkur takist að viðhalda þeim gæðum sem við viljum hafa á okkar námi til að geta skilað hæfum ljósmæðrum til starfa. Nú blasir það við að í jafn fámennri stétt þá skiptir hver einstaklingur máli.

Mikið hefur verið lagt í til að viðhalda góðri menntun heilbrigðisstétta hér á landi. Fjöldi klínískra kennara í ljósmóðurfræði hefur nú sagt starfi sínu lausu til að knýja á um bætt kjör. Það hefur áhrif víða. Í haust mæta ljósmæðranemar í skólann og ég veit ekki hverjir eiga að kenna þeim í klínísku námi. Heimildir: <https://www.cdc.gov/nchs/data/databriefs/db23.pdf> <http://www.europeristat.com/reports/european-perinatal-health-report-2010.html>

Šumarverð ŠKODA



ŠKODA

Octavia Limo G-Tec Sjálfskiptur
Listaverð: 3.550.000 kr.
Afsláttur: -360.000 kr.
Verð frá: **3.190.000 kr.**

ŠKODA Superb Limo Ambition
Listaverð: 5.060.000 kr.
Afsláttur: -480.000 kr.
Verð frá: **4.580.000 kr.**



Kíktu á hekla.is/skodasumar og sjáðu öll sumartilboðin!

ŠKODA Á SNILLDARLEGU SUMARTILBOÐI!

Nú bjóðum við takmarkað magn valdra bíla frá ŠKODA á frábæru tilboðsverði. Stundum þarf maður ekki að hugsa sig tvisvar um – gríptu þetta einstaka tækifæri og náðu þér í nýjan ŠKODA á snilldarverði. Hlökkum til að sjá þig!



SKÓLATÖSKUDAGAR

4.-13. júlí

Í Skeifu, Kringlu, Smáralind og Garðabæ

30%
afsláttur



Allar JEVA töskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:

- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki

Allar JEVA og Beckmann skólatöskur eru á sama verði

14.132 kr
verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 18 l



JEVA skólataska 18 l



JEVA skólataska 21 l



Beckmann skólataska 22 l



Beckmann skólataska 22 l



Herlitz skólataska

9.726 kr
verð áður 13.899 kr



Herlitz skólataska

9.726 kr
verð áður 13.899 kr



Bakpoki Outside

6.292 kr
verð áður 8.989 kr



Bakpoki Stranger

5.522 kr
verð áður 7.889 kr



Bakpoki Stranger

5.522 kr
verð áður 7.889 kr



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Er fótboltinn loksins á heimleið?

Englendingar ærast úr kæti eftir að Eric Dier skoraði úr fimmtu vítaspyrnu Englands gegn Kólumbíu sem kom þeim áfram í 8-liða úrslitin. Fram að þessu hafði England aldrei unnið vítaspyrnukeppni á HM og voru komin 22 ár síðan landsliðið vann síðast leik eftir vítakeppni. NORDICPHOTOS/GETTY

**Stjarna dagsins á HM 2018**

Markvörðurinn Jordan Pickford vann hug og hjörtu Englendinga í gær þegar hann varði vítaspyrnu Carlos Bacca. Reyndist það skilja liðin að því stuttu síðar innsiglaði Eric Dier sigurinn fyrir England.

Varð Pickford með því fyrsti enski markvörðurinn sem ver vítaspyrnu í vítaspyrnukeppni í tuttugu ár. David Seaman varði þá vítaspyrnu frá Hernan Crespo en það skilaði litlu, England féll úr leik í vítaspyrnukeppninni.

Gareth Southgate, þjálfari enska landsliðsins, treysti á Pickford frekar en Pope og Butland í aðdraganda mótisins og er nú að uppskera eftir því.

Þrátt fyrir rólegan dag í gær var Pickford tilbúinn þegar á reyndi og átti meðal annars stórbrotna markvörslu undir lok leiksins.

**HM 2018 í Rússlandi, 16-liða úrslit**

Svíþjóð - Sviss 1-0
1-0 Emil Forsberg (66.).

Kólumbía - England 1-1
1-0 Harry Kane (58.), 1-1 Yerry Mina (90+3.).

England vann í vítakeppni, 4-3.

Pepsi-deild kvenna

Valur - Þór/KA 0-0

HK/Vík. - ÍBV 1-0
1-0 Fatma Kara (56).

Efri	Þór/KA	Neðri	Selfoss
Valur	20	HK/Víkingur	8
Breiðablik	19	Grindavík	7
Stjarnan	18	FH	6
ÍBV	13	KR	3
	8		3

Reyndi að sofa stressið af sér

Haraldur Franklín Magnús komst fyrstur Íslendinga inn á Opna breska meistaramótið í golfi, eitt elsta og virtasta golfmót heims í gær. Hann lagði sig í búningaklefanum á meðan hann beið eftir lokatölunum.

GOLF Tiger Woods, Jordan Spieth, Phil Mickelson, Rory McIlroy, Dustin Johnson og Haraldur Franklín Magnús, atvinnukylfingur úr GR. Allir eiga þeir það sameiginlegt að þeir verða meðal þátttakenda á Opna breska meistaramóti í golfi sem fer fram á Carnoustie-vellinum í Skotlandi eftir rétt rúmar tvær vikur.

Varð Haraldur Franklín í gær fyrsti íslenski karlkyns kylfingurinn sem kemst inn á eitt af risamótunum fjórum í golfi þegar hann lenti í öðru sæti í úrtökumóti á The Prince's vellinum í Kent.

Ásamt honum komust Tom Lewis og Retief Goosen sem vann á sínum tíma Opna bandaríska meistaramótið tvívegis áfram úr úrtökumóti. Lauk hann mótinu á tveimur höggum undir pari en leiknar voru 36 holur á einum degi og þrjár kylfingar af 72 fengu þátttökurétt á Opna breska meistaramóti.

Allir golfáhugamenn þekkja þetta sögufræga mót, elsta golfmót heims, það þriðja



á árinu af risamótunum og það stærsta af risamótunum fjórum.

Er þetta í áttunda skiptið sem mótið fer fram á Carnoustie-vellinum og í 147. skiptið sem þetta sögufræga mót fer fram en það fór fyrst fram árið 1860. Allir þekktustu kylfingar heims verða á staðnum, þar á meðal Tiger Woods, sem gerir atlögu að fjórða meistara titli sínum á Opna breska meistaramóti.

Taugarnar þandar

Haraldur var meðal fyrstu kylfinga í klúbbhúsið og í efsta sæti en hann þurfti því að fylgjast með á meðan aðrir kylfingar luku leik. Hann segir að það hafi verið afar tauga-

trekkjandi og hann hafi ákveðið að leggja sig þegar hann er spurður hvað hann hafi gert á meðan.

„Ég hafði ekki taugar í að fylgjast með. Ég fór bara inn í búningsherbergi, stillti veljaraklukku og ætlaði að reyna að sofa aðeins. Síðan vaknaði ég til að hita upp ef ég myndi enda í umspili en þess gerðist ekki þörf,“ segir Haraldur sem kvartar ekki undan veðrinu, það var mikill vindur sem hentaði íslenska kylfingnum vel.

„Það var hávaðarok þarna. Það voru úrtökumót víðsvegar um England og þar voru menn að koma í hús á mun betra skori. Ég hugsa að þau hefðu verið það hjá okkur líka ef veðrið hefði verið öðruvísi en veðrið hjálpaði mér í dag.“

Heilt yfir lék hann vel, fékk sex fugla og aðeins fjóra skolla á hringjunum tveimur.

„Ég var að spila mjög vel og mér leið vel inni á vellinum. Ég reyndi að halda mig fjarri þeim sem sýna stöðuna á móti. Ég leit aðeins á þá þegar níu holur voru eftir og sá að ég þyrfti kannski aðeins að gefa í og það gekk upp.“

Litið um fagnaðarlæti

Haraldur segist hafa litinn tíma til að fagna þessum árangri en hann var að fara í flug til Svíþjóðar þar sem hann leikur á Nordic League-

Hann er mikill Íslandsvinur og ég held að það hafi aldrei mætt fleiri á mót en þegar hann var á Íslandi. Það var mikill heiður fyrir mig að ná að vera fyrir ofan hann.

Haraldur Franklín Magnús um Retief Goosen

mótaröðinni um helgina. Er hann á öðru ári sínu á mótaröðinni en hann var valinn nýliði ársins í fyrra.

„Markmiðið var einfaldlega að gera allt sem ég gæti til að komast áfram og inn á Opna breska meistaramótið. Ég hef litinn tíma til að fagna þessu, ég flýg til Svíþjóðar í nótt fyrir mót sem hefst þar á fimmtudaginn. Ætli maður kiki ekki í það til að mýkja bakið aðeins,“ segir Haraldur sem ætlar að æfa stíft fram að móti.

„Ég kem til Skotlands þremur dögum fyrir mót en ég verð meira og minna á golfvellinum allt fram að móti,“ sagði Haraldur glaðbettaur. kristinnpall@frettabladid.is

Hannes Þór til Aserbaídsjan

FÓTBOLTI Landsliðsmarkvörðurinn Hannes Þór Halldórsson samdi í gær við Qarabag, meistarana í Aserbaídsjan en hann kemur til liðsins frá Randers í Danmörku.

Gekkt Hannes undir læknisskoðun í æfingabúðum liðsins í Austurríki í gær en Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hannesar, staðfesti það í samtali við Fótbolti.net í gær.

Hannes vakti athygli á heimsvísu þegar hann varði vítaspyrnu Lionels Messi í leik Íslands og Argentínu á dögum. Greindu forráðamenn Randers frá því að þeir hefðu strax fundið fyrir áhuga á íslenska landsliðsmarkverðinum.

Hefur hann verið á mála hjá Randers í tvö ár en hann hefur einnig leikið með NEC Nijmegen í Hollandi og Bodö/Glím, Sandnes Ulf og Brann í Noregi á atvinnumannsferli sínum.

Qarabag tekur þátt í undankeppni Meistaradeildar Evrópu í sumar en þeir komust alla leið í riðlakeppnina í fyrra þar sem þeir voru með Roma, Atletico Madrid og Chelsea í riðli. Hafa þeir einnig verið reglulegir gestir í riðlakeppni Evrópu deildarinnar sem sýnir styrk nýja liðs Hannesar. – kpt

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. júlí 2018

26. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL 39

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Síhækkandi fasteignamat ekki sjálfbært tillengdar

Forstjórar tveggja stærstu fasteignafélaga landsins segja auðséð að hækkandi fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði muni að öðru óbreyttu leiða til herra leiguverðs. Greinendur telja hætt við því að hækkuninum verði að lokum velt út í verðlag og þær yti þannig undir verðbólgu. » 6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN



»2 Norski olíusjóðurinn fjárfesti í Arion

Stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu keypti í bankanum fyrir um 500 milljónir. Nærri 20 nýir erlendir sjóðir bættust við hluthafahópinn, meðal annars sænska eignastýringarfyrirtækið Lannebo Fonder.

»4 Húsleitinn reyndist Green heilladrjúg

Húsleit lögreglunnar á skrifstofum Baugs í ágúst árið 2002 var „verk guðs“ sem færði breska kaupsýslumanninum Philip Green tiskukeðjuna Topshop. Green reiddist Baugsmönnum þegar hann frétti af aðgerðum lögreglunnar.

»10 Þurrkur á fjármagnsmarkaði

„Óbreytt haftastefna Seðlabankans, sem lokar á aðgengi íslenskra fyrirtækja að nýju fjármagni, mun sjá til þess að kæla hagkerfið niður fyrir frostmark,“ segir Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri hjá GAMMA, í aðsendri grein.

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Gleraugu: G U C C I
Módel: Kolfína Nikulásdóttir

Hvalur seldi birgðir af hval fyrir 860 milljónir

Hvalur seldi hvalaafurðir fyrir 863 milljónir króna á síðasta rekstrarári félagsins sem lauk í september í fyrra. Salan dróst saman um 31 prósent frá fyrra rekstrarári þegar hún nam um 1.247 milljónum króna, að því er fram kemur í ársreikningi Hvals.

Félagið átti hvalkjötsbirgðir að virði 1.880 milljónir króna í lok september í fyrra en til samanburðar voru birgðirnar metnar á 2.560 milljónir í lok september árið 2016.

Hvalur hagnaðist um tæpa 1,5 milljarða króna frá tímabilinu 1. október 2016 til 30. september 2017 og dróst hagnaðurinn saman um ríflega 515 milljónir á milli rekstrarára. Tekjur félagsins námu ríflega 2,8 milljörðum króna á tímabilinu og munaði þar mestu um tekjur af eignarhlutum þess í HB Granda, Hampiðjunn og Nýherja sem námu samanlagt allt að 1,6 milljörðum.

Rekstrargjöld Hvals voru tæpir 1,7 milljarðar á rekstrarárinu en kostnaður vegna reksturs hvalveiðiskipa og hvalstöðvarinnar í Hvalfirði sem og

útflutningstengdur kostnaður var um 640 milljónir.

Hvalur átti eignir upp á 19,6 milljarða króna í lok september 2017. Skuldirnar námu á sama tíma 2,3 milljörðum og var eigið fé félagsins 17,3 milljarðar.

Fiskveiðahlutafélagið Venus, sem er í eigu Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals, Birnu Loftsdóttur og Sigríðar Vilhjálmisdóttur, er stærsti hluthafi Hvals en félagið átti 39,5 prósent hlut í lok september í fyrra. Alls eru hluthafar Hvals 113 talsins.

Stjórn félagsins lagði í maí síðastliðnum til að greiddur yrði út arður upp á einn milljarð króna til hluthafa.

Hvalur gerir út tvö hvalveiðiskip í sumar en skipin hafa heimild til þess að veida útgefinn kvóta upp á 161 langreyði auk 20 prósent af ónýttum kvóta síðasta árs. Síðast voru stundaðar veiðar á langreyði sumarið 2015 en þá veiddust 155 langreyðar.

– kij

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals.



Festa kaupir hlut í Kviku

Festa lífeyrissjóður hefur fjárfest í Kviku banka en sjóðurinn gekk nýverið frá kaupum á tæplega 1,1 prósent hlut í fjárfestingarbankanum. Eftir kaupin er lífeyrissjóðurinn tuttugasti stærsti hluthafi Kviku.

Seljandi hlutabréfanna er meðal annars Mízar, fjárfestingarfélag Guðmundar Steinars Jónssonar, sem er gjarnan kenndur við útgerðarfélagið Sjólaskip. Hann á nú tæplega 2,9 prósent hlut en til samanburðar nam eignarhlutur hans um 5 prósentum í byrjun sumars.

Festa er þriðji lífeyrissjóðurinn sem kemst í hóp tuttugu stærstu hluthafa bankans en Lífeyrissjóður

verslunarmanna er þriðji stærsti hluthafinn með 8,3 prósent hlut og þá fer Lífsverk með 2,6 prósent. Miðað við núverandi gengi bréfa í bankanum – 7,75 krónur á hlut – er 1,08 prósent eignarhlutur Festu í Kviku metinn á um 155 milljónir króna.

Stjórn Kviku samþykkti á fundi sínum í fyrradag að stefna að skráningu hlutabréfa bankans á aðalmarkað Nasdaq-kauphallarinnar á næstu sex til tólf mánuðum. Hlutabréfin voru tekin til viðskipta á First North-markaðinum um miðjan mars. VÍS er stærsti hluthafi bankans með 21,8 prósent hlut.

– kij

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5800

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RAÐVERKTAKA

Olíusjóðurinn keypti fyrir um 500 milljónir

Norski olíusjóðurinn á um 0,3 prósent hlut í Arion. Nærri 20 nýir erlendir sjóðir bættust við hluthafahópinn í nýafstöðnu útboði. Flestir keyptu á bilinu 0,5 til 1 prósent hlut, meðal annars sænska eignastýringarfyrirtækið Lannebo Fonder.

Norski olíusjóðurinn, sem er stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í heiminum, keypti í Arion banka fyrir um 500 milljónir króna í nýafstöðnu hlutafjárútboði bankans. Nemur eignarhlutur sjóðsins, samkvæmt heimildum Markaðarins, í kringum 0,3 prósentum sem er litlu minni hlutur en stærstu lífeyrissjóðir landsins fengu úthlutað í útboði bankans.

Olíusjóðurinn, sem á samtals eignir að virði um 1.100 milljarða Bandaríkjadala, hefur vaxið gríðarlega frá stofnun hans árið 1990 og á sjóðurinn í dag að meðaltali um 2,4 prósent hlut í hverju einasta skráða fyrirtæki í Evrópu. Ekki er vitað til þess að sjóðurinn eigi eignarhlut í öðrum skráðum félögum í Kauphöllinni á Íslandi en Arion banka.

Við lokun markaða í gær nam hlutabréfaverð Arion banka 86 krónum á hlut og var um fimm-tán prósentum hærra en í útboði bankans þegar Kaupþing og vognarsjóðurinn Attestor seldu um 29 prósent hlut á genginu 75 fyrir samtals um 39 milljarða. Kaupendur að bréfunum voru að stærstum hluta erlendir fjárfestingarsjóðir á meðan íslenskir fjárfestar – almenningur, fagfjárfestar og lífeyrissjóðir – fengu aðeins að kaupa samanlagt um 9 prósent hlut.

Nöfn þeirra erlendu sjóða sem fjárfestu í Arion banka hafa enn ekki birst á hluthafalista bankans – fyrir utan sjóði í stýringu Landsdowne, Miton og Eaton Vance sem eiga samanlagt nærri sex prósent hlut – en eignarhlutur þeirra er í dag skráður í vörslu bandarískra fjárfestingarbanka. Að sögn þeirra sem þekkja vel til nam fjöldi nýrra erlendra fjárfestingarsjóða sem bættust við hluthafahóp bankans í kjölfar útboðsins nærri tuttugu talsins, en þar er einkum um að ræða bandaríska sjóði.

Í flestum tilfellum keyptu sjóðirnir hvor um sig á bilinu um 0,5 til 1 prósent hlut í bankanum en í þeim hópi var meðal annars sjóður í rekstri sænska eignastýringarfyrirtækisins Lannebo Fonder,



Norski olíusjóðurinn er stærsti fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í heiminum. Sjóðurinn á eignir að virði um 1.100 milljarða dala. NORDICPHOTOS/GETTY

1,4%

hlut á norski olíusjóðurinn að meðaltali í hverju einasta skráða fyrirtæki í heiminum.

samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjóður í stýringu félagsins er einnig í hópi stærstu hluthafa íslenska stöðtækjafyrirtækisins Össurar, sem er skráð í dönsku kauphöllina, með um 2,4 prósent hlut. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Arion banka er markaðsvirði eins prósent hlutar í bankanum um 1.700 milljónir króna.

Fjárfestingarfélagið Stodir, sem er í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einar Arnar Ólafssonar og Magnúsar Ármann í gegnum eignarhaldsfélagið S121, er stærsti íslenski einkafjárfestirinn í hluthafahópi Arion banka með 0,6 prósent hlut, eins og upplýst

var í Markaðnum í síðustu viku. Samkvæmt lista yfir alla hluthafa miðvikudaginn 20. júní átti félagið samtals 12 milljónir hluta, sem eru metnir á rúmlega milljarð króna miðað við núverandi gengi bréfa bankans.

Þá átti félagið Vogun hf., sem seldi fyrir skemmstu þriðjungshlut sinn í HB Granda, samtals 0,4 prósent af heildarútgefnum bréfum bankans. Markaðsvirði hlutar Vogunar, en stærsti hluthafi þess félags er Kristján Loftsson og fjölskylda í gegnum Fiskveiðihlutafélagið Venus, er í dag um 690 milljónir króna. Eignarhlutur annarra einkafjárfesta í Arion banka er hverfandi.

Samkvæmt hluthafalista Arion banka eiga átta af stærstu lífeyrissjóðum landsins samtals um 3,1 prósent hlut í bankanum. Þar munar mest um 0,65 prósent hlut Gildis, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins á 0,53 prósent, Frjálsi og Stapi eiga hvor um sig 0,4 prósent hlut, Lífeyrissjóður verslunarmanna fer með 0,38 prósent og Almenni á 0,35 prósent. Eignarhlutur annarra sjóða – Birtu og Lífsverks – er talsvert minni. hordur@frettabladid.is

Vinnur að því að eignast Jamie's Italian að fullu

Jón Haukur Baldvinsson vinnur að því að eignast veitingastaðinn Jamie's Italian á Hótel Borg að fullu. Hann staðfestir það í samtali við Markaðinn. Viðræður standa yfir við eigendur félaga sem fara fyrir 60 prósent hlut í staðnum, samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi. Um er að ræða Birgi Þór Bieltvedt, Sigurgísla Bjarnason og Stefán Örn Melsted. Þeir eiga saman veitingastaðina Snaps við Týsgötu og Kaffi París við Austurvöll.

Jón Haukur segir í samtali við Markaðinn að kaupin séu „í farvegi“ og þeim sé ekki lokið. Veitingastaðirnir Kaffi París og Jamie's Italian hafi verið opnaðir um svipað leyti og það fari mikill tími í að sinna rekstri hvors staðar fyrir sig. „Við höfum því velt fyrir okkur hvort það ætti ekki að aðskilja rekstur veitingastaðanna,“ segir Jón Haukur.

Jamie's Italian var opnaður í júlí í fyrra. Hann tapaði 85,5 milljónum króna það ár og eigið féð var neikvætt um 85 milljónir króna við ára-



Tap á veitingastaðnum Jamie's Italian við Pósthússtræti var 86 milljónir króna í fyrra. Eigið fé var neikvætt um 85 milljónir króna. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

mót, samkvæmt ársreikningi Borgarhorns. Skuldir félagsins námu 258 milljónum króna við árslok. Þar af voru skuldir við lánastofnanir 97 milljónir og viðskiptaskuldir 102 milljónir króna. Veltan var 346 milljónir króna í fyrra. Launakostn-

aður er stærsti útgjaldaliðurinn, 240 milljónir króna, og stöðugildin voru 33. Allur rekstrarkostnaður var 425 milljónir króna. Innréttingar og húsbúnaður voru keypt fyrir 100 milljónir króna í fyrra og áhöld og tæki fyrir 39 milljónir króna. – hvj



**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.**

FABBRI
PORTATUTTO



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppogar á margar
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

**Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is**



STEINHOF

WESTFALIA



**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlar, smellukúlar og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.**

Húsleitinn reyndist Green heilladrjúg

Húsleit lögreglunnar á skrifstofum Baugs í ágúst árið 2002 var „verk guðs“ sem færði breska kaupþýslumanninum Philip Green tiskukeðjuna Topshop, að því er fram kemur í nýrri bók um ævi og störf Greens. Green reiddist Baugsmönnum þegar hann frétti af aðgerðum lögreglunnar. Áður er hann sagður hafa gert „einbeitta tilraun“ til þess að bola Jóni Ásgeiri Jóhannessyni frá samningaborðinu.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Þrátt fyrir að Philip Green hafi reiðst Baugsmönnum mjög þegar hann frétti af því að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefði ráðist inn í skrifstofur Baugs við Túngötu, þá átti innrásin eftir að reynast breska auðjöfrinum afar heilladrjúg. Hún var „verk guðs“ sem færði honum tiskukeðjuna Topshop, eina af hans arðsömum fjárfestingum, en að öðrum kosti hefði keðjan fallið Baugi í skaut.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í bókinni „Damaged Goods“ eftir Oliver Shah, viðskiptarítstjóra breska dagblaðsins The Sunday Times, sem kom út í síðustu viku og fjallar um skrautlegan feril hins umdeilda kaupþýslumanns.


Húsleit ríkislögreglustjóra, sem var gerð í ágúst árið 2002, í kjölfar kærðu Jóns Geralds Sullenberger á hendur forsvarsmönnum Baugs, þar á meðal Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, gerði það að verkum að áform Baugs og Philips Green um að taka í sameiningu yfir bresku verslanakeðjuna Arcadia runnu út í sandinn, bæði Baugi og Green til mikillar gremju.

„Ég vildi óska þess að ég hefði aldrei hitt ykkur. Ég veit ekki hvar Ísland er og mér er nákvæmlega sama. Svo mikið veit ég þó að það búa ekki margir á Íslandi. Hvernig get ég verið svo ólánsamur að af þeim fjórum Íslendingum sem ég hef hitt eru þrír þeirra til rannsóknar?“ Á Green að hafa sagt við ráðgjafa Baugs á neyðarfundi í húsakynnum British Home Stores, verslanakeðju Greens, við Marylebone Road í Lundúnum sama dag og hann frétti af aðgerðum lögreglunnar á Íslandi.

Sameiginlegt yfirtökuböð Baugs, sem átti þegar 20 prósent hlut í Arcadia, og Greens byggðist á þeirri hugmynd að Baugur fengi í sinn hlut þær keðjur Arcadia sem höfðuðu fremur til yngri fatakaupenda, svo sem Topshop, Topman og Miss Selfridge, en Green myndi eignast samstæðuna að öðru leyti, til dæmis keðjurnar Burton og Dorothy Perkins.

Hélt að Helgi væri að grínast

Shah fjallar um í bókinni hvernig áhugi Baugs á að eignast hlut í



Öll spjót standa á Philip Green eftir fall verslanakeðjunnar BHS sumaríð 2016. 11 þúsund manns misstu vinnuna og um 20 þúsund glötuðu lífeyri sínum. Mikil gagnrýni hefur komið fram á Green vegna þess hvernig hann skildi við keðjuna þegar hann seldi hana ári áður. NORDICPHOTOS/GETTY

segir í bókinni. Jón Ásgeir hafi vírst „óliklegur kaupandi“ að einni þekktustu verslanakeðju Bretlands.

Richards komst hins vegar að hinu rétta eftir að hann flaug til Íslands og kynnti sér rekstur Baugs. Hann sá að Jóni Ásgeiri var alvara og ákvað að lána Baugi nægilegt fé til þess að félagið gæti keypt 20 prósent hlut í Arcadia.

Í október árið 2001 sendu ráðgjafar Arcadia fyrir slysi trúnaðarbréf á rangt faxnúmer og neyddist verslanakeðjan í kjölfarið til þess að upplýsa um að henni hefði borist yfirtökutilboð upp á 568 milljónir punda frá Baugi. Stjórn Arcadia taldi viðræðurnar við Íslending-

ana hins vegar ekki ganga nógu hratt fyrir sig og ákvað því snemma árs 2002 að slíta þeim. Fregnirnar vöktu athygli annarra fjárfesta, þar á meðal Philips Green, sem var á höttunum eftir álitlegum viðskiptatækifærum. Fyrir milligöngu áður nefnds Johns Richard komst Green fljótlega í samband við Jón Ásgeir.

Tvímennigarnir ákváðu, sem áður sagði, að reyna að yfirtaka verslanakeðjuna í sameiningu og fékk tilraunin, að sögn Shahs, heitið „Project Anaconda“ í höfuðið á kyrkslöngunni sem er þekkt fyrir að kreista bráð sína til dauða.

Green hafði misst af tækifærinu til þess að kaupa Arcadia á meðan fjárhagsstaða keðjunnar var bágborin og hlutabréfaverðið því lágt og Stuart Rose, sem hafði sem nýr forstjóri Arcadia komið rekstri keðjunnar á réttan kjöl, reyndist honum auk þess óþægur ljár í þúfu í samningaviðræðunum. Green og Jón Ásgeir þurftu að hækka tilboð sitt í nokkur skipti eða upp í allt að 850 milljónir dala, að kaupréttum meðtöldum, áður en fregnir bárust af húsleitinni á skrifstofum Baugs og viðræðurnar fóru út um þúfur.

Öskrandi af bræði

Shah segir að þegar hafi verið „spenna“ í sambandi Greens og Jóns Ásgeirs. Er Green sagður hafa gert „mjög einbeitta tilraun“ til þess að bola Jóni Ásgeiri frá samningaborðinu svo Green gæti sjálfur stýrt viðræðunum. Húsleitinn myndi

Hvernig get ég verið svo ólánsamur að af þeim fjórum Íslendingum sem ég hef hitt eru þrír þeirra til rannsóknar?

Philip Green, eigandi Arcadia-keðjunnar

„augljóslega“ gera Jóni Ásgeiri ómögulegt að kaupa einhverjar keðjur Arcadia. Í bókinni er Bretinn sagður hafa trompast þegar hann las um lögregluaðgerðirnar á fréttavef Reuters og kallað Íslendingana öllum illum nöfnum á neyðarfundi í húsakynnum BHS að kvöldi sama dags. „Þið hafið skilið mig eftir uppi í stiga sem er um það bil að verða sparkað niður,“ sagði Green.

Peter Cummings, bankamaður hjá Halifax Bank of Scotland, bjargaði hins vegar deginum fyrir Green. Cummings hafði þegar samþykkt að lána honum 700 milljónir dala en eftir eitt stutt samtál hækkaði hann lánið í 800 milljónir til þess að Green gæti „losað sig við“ Íslendingana.

Nokkrum dögum síðar keypti Green 20 prósent hlut Baugs í Arcadia eftir langar viðræður á næturfundum þar sem Bretinn er sagður hafa sleppt sér við einn af ráðgjöfum Baugs hjá Deutsche Bank, gripið í jakkakragann hans og látið öryggisverði sína henda honum út. Eftir að hafa gengið frá kaupunum á hlut Baugs lauk hann yfirtökunni á Arcadia.

„Lýg ekki að konu“

Jón Ásgeir var með súrt bragð í munni, að því er segir í bók Shahs. Hann er sagður hafa talið Green hafa lofað að selja sér Topshop síðar meir. Það hafi verið hluti af samkomulagi þeirra. Í bókinni er greint frá því þegar hann heimsoitti Green ásamt Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur, eiginkonu sinni, og lögfærðing þar sem Green tók í höndina á Ingibjörgu og sagði: „Ég myndi aldrei ljúga að konu.“ Á hverju ári næstu fimm árin – á meðan Topshop óx hröðum skrefum – sendi Jón Ásgeir Green smáskilaboð og spurði: „Hvenær ætlum við að klára samninginn?“

Yfirtaka Greens reyndist afar ábatasöm og það sama má segja um fjárfestingu Baugs í Arcadia, þrátt fyrir að félagið hafi orðið af miklum hagnaði vegna lögregluaðgerðanna hér heima. Er talið að hagnaður Baugs af fjárfestingunni – hátt í átta milljarðar króna á þeim tíma – hafi lagt grunninn að frekari umsvifum verslunarveldisins í Bretlandi.

Erlendur sjóður keypti fyrir 930 milljónir í Marel

Erlendur fjárfestingarsjóður keypti í liðinni viku hátt í 0,4 prósent eignarhlut í Marel fyrir ríflega 930 milljónir króna. Hlutur sjóðsins er skráður á safnreikning Landsbankans.

Ekki hafa fengist staðfestar upplýsingar um nafn fjárfestingarsjóðsins en samkvæmt heimildum Markaðarins er um að ræða fyrstu fjárfestingu sjóðsins í Marel.

Sjóðurinn keypti ríflega 2,4 milljónir hluta í félaginu en miðað við núverandi gengi hlutabréfa þess er eignarhluturinn metinn á 925 milljónir króna.

Eignarhlutur sjóðsins skilar honum ekki á opinberan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marels. Í þeim hópi eru tveir erlendir fjárfestar, annars

0,4

prósent er eignarhlutur erlenda sjóðsins í Marel.

vegar sjóður í stýringu dótturfélags bandaríska eignastýringarfirmarins Capital Group með 1,16 prósent hlut og hins vegar sjóður á vegum annars bandarísks eignastýringarfirmarins MSD Partners, með 3,34 prósent. Er síðarnefndi sjóðurinn sjöundi stærsti hluthafi Marels.

Hlutabréfaverð Marels hefur hækkað um 20 prósent á árinu. – kij

Tekur eignir á Suðurnesjum af sölu

Sölufelri fasteigna félagsins TF KEF á Ásbrú lauk án þess að viðunandi tilboð bærust. Félagið er í eigu Skúla Mogensen, forstjóra WOW air, en hann setti eignirnar á sölu í byrjun nóvember.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, staðfestir í samtali við Markaðinn að formlegu sölufelri sé lokið þar sem fresturinn til að skila tilboðum sé liðinn. „Að svo stöddu höfum við ekki fengið tilboð sem er í takti við okkar verðhugmyndir,“ segir Svanhvít. Hún bætir við að mögulega verði aftur opnað fyrir tilboð en engin ákvörðun þess efnis hafi verið tekin.

„Allar eignirnar eru í fullri notkun og Base hotel, sem er rekið í tveimur fasteignum, gengur mjög vel.“



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

3

milljarðar króna var áætlað söluverð þegar eignin var sett á sölu.

Eignirnar sem um ræðir eru flugvallarhótelid að Valhallarbraut 756 til 757, og starfsmannaíbúðirnar að Keilisbraut 747 og Lindarbraut 63. Þær spanna samtals tíu þúsund fermetra.

Í frétt mbl.is um áform Skúla í nóvember kom fram að buist væri við því að söluverðið næmi þremur milljörðum íslenskra króna og að fjármagnid yrði notað til þess að fjármagna nýjar höfuðstöðvar WOW air.

Tekið var fram að herbergjanýting hótela á Suðurnesjum hefði verið best á landinu, eða 89,5%. Samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir maí er nýtingin enn best á Suðurnesjum en hún hefur þó lækkað niður í 74,2% í takt við almenna þróun. – tth



SJÓNLAG

SJÁÐU BETUR MEÐ BERUM AUGUM

Þegar þú horfir djúpt í augu einhvers sérðu landslag: sköpunarmátt náttúrunnar í annarri stærðargráðu, sönnun þess hversu óendanlega fagur heimurinn getur verið.

Augun veita heiminum inn í vitund okkar en sjónlag okkar getur verið misjafnt, hvort við erum nærsýn eða fjarsýn ákvarðast af sjónlagi augans. Því er hægt að breyta.

Leiðirnar til bata geta verið margar og þar kemur Sjónlag til sögunnar með fjölbreytta þjónustu margra færustu sérfræðinga landsins.

Sjónlag býður eingöngu upp á sjónlagsaðgerðir sem eru algjörlega hníflausar sem þýðir skjótari bata heldur en með þeim aðferðum sem beitt hefur verið hér á landi hingað til.

**Átta af hverjum tíu sem koma í forskoðun geta losnað við gleraugun.
Pantaðu tíma í forskoðun og kynntu þér hvernig við getum gert líf þitt betra.**



sjónlag

www.sjonlag.is

Glæsibær - Álftheimar 74 - 104 Reykjavík - Sími 577 1001



Útlit er fyrir að fasteignafélögin þurfi að hækka leiguna hjá sér til þess að mæta hærri fasteignagjöldum. Sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka segir svigrúm fyrirtækja til þess að takast á við hærri leigukostnað lítið eftir miklar kostnaðarhækkunar á undanförunum árum. Hætta sé á því að hækkunum verði að lokum velt út í verðlagið og þær ýti þannig undir verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hærri fasteignagjöld þrýsta upp leigu

Forstjórar stærstu fasteignafélaga landsins segja hærri fasteignagjöld, sem taka mið af hækkandi fasteignamati, smitast út í verð á leigu. Greinendur telja svigrúm fyrirtækja til þess að takast á við leiguverðshækkunar lítið. Hærri fasteignagjöld ýti þannig undir verðbólgu.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinni@frettabladid.is



Forstjórar tveggja stærstu fasteignafélaga landsins segja auðséd að hærri fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði muni að öðru óbreyttu leiða til herra leiguverðs. Þeir gagnrýna sveitarfélögin harðlega fyrir að hafa ekki lækkað skatta á atvinnuhúsnæði á sama tíma og fasteignamat hafi hækkað verulega. „Maður vonar bara að við förum að sjá fyrir endann á þessu. Þetta er algjörlega galið,“ segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, um hækkandi fasteignagjöld sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að tekjur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði aukist um 30 prósent frá árinu 2017 til 2019, að því er fram kemur í nýlegri greiningu sérfræðinga Arion banka.

„Fasteignamatíð hækkar og hækkar sem leiðir til hærri fasteignagjalda og á endanum smitast hækkunarinnar að öllum líkindum út í leiguverðið. Það stuðlar aftur að herra fasteignamati. Úr verður vondur spirall,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.

Þorsteinn Andri Haraldsson, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, segist því miður telja það „óumflýjanlegt“ að fasteignafélögin velti hærri fasteignagjöldum á einn eða annan hátt yfir á leigjendur til þess að rétta framlegðina af rekstri sínum af. Hætta sé á því að „hækkunum verði að lokum velt út í

verðlagið og ýti þannig undir verðbólgu“.

Samkvæmt sviðsmynd greiningardeildarinnar eru horfur á því að fasteignagjöld, sem eru langstærsti útgjaldaliður félaga sem leigja út atvinnuhúsnæði, muni nema allt 70 prósentum af rekstrarkostnaði Reita, stærsta fasteignafélags landsins, á næsta ári. Til samanburðar hefur hlutfallið að jafnaði verið um 62 prósent undanfarin átta ár.

Á sama tíma og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa lækkað álagningarprósentu sína á íbúðarhúsnæði hafa þau nær ekkert hreyft við álagningarprósentunni á atvinnuhúsnæði. Þannig hafa flest sveitarfélaganna haldið álagningu á atvinnuhúsnæði í eða við hámarkið, sem er 1,65 prósent skattur af fasteignamati, allt frá árinu 2010.

Samkvæmt úttekt Félags atvinnurekenda hyggjast aðeins þrjú af stærstu sveitarfélögum landsins, Hafnarfjörður, Kópavogur og Akranes, lækka gjöldin í ár.

Sökum hækkandi fasteignamats hefur álagningin sjálf vaxið umtalsvert. Til marks um það hefur greiningardeild Arion banka bent á að gera megi ráð fyrir að tekjur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði aukist um allt að 4,5 milljarða – eða um 30 prósent – á árunum 2017 til 2019, að því gefnu að álagningarprósentur haldist óbreyttar.

Í nýjum sáttmála borgarstjórnar Samfylkingarinnar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna er því lofað að fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði verði lækkaðir úr 1,65 prósentum í 1,60 prósent fyrir lok kjörtímabils-

ins árið 2022 til þess að mæta hækkandi fasteignamati. Ef sú lækkan kæmi að fullu til framkvæmda á næsta ári myndu – samkvæmt mati greinenda Arion banka – álögur borgarinnar á atvinnuhúsnæði verða rúmlega 420 milljónum króna lægri en ella. Engu að síður yrðu álögurnar í það heila tæplega 1.600 milljónum króna hærri en áður vegna hækkandi fasteignamats.

Hækkað um 65 prósent

Samkvæmt fasteignamati Þjóðskrár Íslands fyrir næsta ár, sem var gert opinbert í byrjun síðasta mánaðar, hækkar matið fyrir atvinnuhúsnæði um 15 prósent á landinu öllu borið saman við 12,7 prósentu hækkun á fasteignamati íbúða. Eftir að Þjóðskrá hóf að beita nýrri aðferð við útreikning á fasteignamati atvinnuhúsnæðis árið 2014 hefur matið fyrir slíkt húsnæði hækkað umfram aðrar tegundir húsnæðis.

Alls nemur hækkunin á fasteignamati atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þorri fyrirtækja landsins er staðsettur, ríflega 65 prósentum frá árinu 2014 til 2019.

Guðjón segir að aðferðafræðin sem Þjóðskrá tók upp árið 2014 hafi leitt til þess að fasteignamatíð hækki ár eftir ár umfram aðrar tegundir húsnæðis. Sveitarfélögin hafi í mjög litlum mæli, ef nokkrum, komið til móts við hækkunarinnar með því að lækka álagningarprósentu sína.

„Sveitarfélögin geta ekki hagað sér líkt og þau vinni lottópottinn á hverju ári og tekið óbreytta prósentu í skatt af síhækkandi fasteignamati. Það er ekki sjálfbært til lengdar,“ nefnir Guðjón.

Maður vonar bara að við förum að sjá fyrir endann á þessu. Þetta er algjörlega galið.

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins



Sveitarfélögin geta ekki hagað sér líkt og þau vinni lottópottinn á hverju ári og tekið óbreytta prósentu í skatt af síhækkandi fasteignamati.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita



Hætta er sú að leiguverðshækkunum verði að lokum velt út í verðlagið og þær ýti þannig undir verðbólgu.

Þorsteinn Andri Haraldsson, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka



Stjórnendur Reita sáu sig knúna til þess að upplýsa fjárfesta um að fasteignamatíð á eignasafni félagsins myndi hækka um 17 prósent á milli ára samkvæmt nýja fasteignamatinu. Ljóst væri að svo þurfi breytingar myndu „leiða til hækkunar á rekstrargjöldum fasteignanna“.

Helgi segir nokkur sveitarfélög hafa lækkað álagningarprósentur fasteignagjalda en þær lækkanir séu „sáralítlar“. Á meðan hafi „gríðarlegar“ hækkunar orðið á fasteignagjöldum vegna herra fasteignamats. Ekki sé hægt að „leggja endalaugar álögur á atvinnulíf og íbúa“. Taka þurfi skattheimtuna til gagnerrar endurskoðunar. Eðlilegt hefði verið að sveitarfélögin endurskoðuðu álagningarprósentuna þegar Þjóðskrá breytti aðferðafræði sinni skyndilega árið 2014. „Það liggur í hlutarins eðli,“ bætir Helgi við.

Guðjón segir ljóst að hækkandi fasteignamat auki rekstrarkostnað fasteignareita. Það geti birst í leiguverði á atvinnuhúsnæði. Ákvæði eru í nýrri leigusamningum félagsins sem heimila því að hækka leiguverð verði verulegar hækkunar á fasteignagjöldum. Sams konar ákvæði eru í nýrri samningum Eikar og Regins. Helgi segir Regin hins vegar ekki hafa beitt ákvæðinu. „Við erum að horfa á það,“ segir hann aðspurður.

Smitast út í leiguverð

Helgi nefnir að í „eðlilegu samkeppnisumhverfi“ endi allar skatta-hækkunar í verðlagi. „Þetta tosar upp verðið,“ segir hann um síhækkandi fasteignagjöldin. „Rétt eins og virðisaukaskattshækkunar hækka verð á vörum leiða hærri fasteigna-

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 4. JÚLÍ 2018

Heimili



Hólmfríður nýtur þess í botn að vera með góðar svaltir og segir þær frábæra framlengingu á íbúðinni. MYND/PÓRSTEINN

Ræktar ávexti og krydd á svölunum

Hólmfríður Ben Benediktsdóttir er nýflutt í íbúð með yfirbyggðum svölum. Þar ræktar hún ávaxtatré, blóm, kryddjurtir og salat og nýtur þess að drekka morgunkaffið á svölunum og horfa á nágrennið, sama hvernig veðrið er. ➔2

GERRY WEBER-TAIFUN-BETTY BARCLAY

ÚTSÖLUFJÖR 30%-40% AFSLÁTTUR

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Sigríður Inga
Sigurðardóttir

sigriddinga@frettabladid.is



Hólmfríður Ben Benediktsdóttir er grafískur hönnuður og fyrrverandi blaðamaður m.a. Gestgjafans. Hún hafði rétt náð tilskildum aldri til að vera gjaldgeng í íbúð fyrir 60 ára og eldri þegar hún flutti í glænýja íbúð í Mörk við Suðurlandsbraut. Íbúðin er björt og rúmgóð og henni fylgja um 6 fermetra yfirbyggðar svalir. Þar hefur Hólmfríður útbúið nota-lega aðstöðu fyrir eitt fjölmarga áhugamála sinna, kryddjurta- og blómarræktun, og þar finnst henni gott að setjast og fá sér kaffi eða heimaræktað jurta.

„Ég verð syngjandi garðyrkjukona í næsta lífi en nú hef ég ekki heilsufar til að skríða um í moldarbeði svo ég læt pottarræktun duga mér. Þetta litla pláss hentar mér fullkomlega og ég nota það heilmikið,“ segir Hólmfríður glöð í bragði.

Á svölunum eru stórar hillur fyrir pottaplöntur af öllum stærðum og gerðum. Hillurnar mynda gott skjól án þess að loka svalirnar af. Hólmfríður hefur komið stærri pottaplöntum upp á bekk og undir honum er kassi fyrir ýmislegt sem fylgir ræktuninni en þannig nýtist plássíð vel. Garðyrkjuverkfæri eru á hjólaborði og annað smáborð er til að umpotta. „Ég saumaði brúnan plastpoka undir moldina og hann tekur allt að 25 lítra af mold. Með þessu móti sýnist allt vera mjög pent hér á svölunum,“ segir Hólmfríður.

Flytur plönturnar út og inn

„Eftir svo stutta búsetu er lítil reynsla komin á svalirnar en þær lofa góðu. Ég hef aldrei áður haft yfirbyggðar svalir og þarf því að læra hvaða plöntur dafna best. Ég hélt að þær yrðu algjör hitapottur en veðrið hefur verið hálf undarlegt það sem af er sumri og frekar að það sé of kalt á þeim. Aloe vera plantan verður grá af kulda sé hún lengi á svölunum svo ég set hana og kumquat-áfaxtatréd út á daginn en inn í íbúðina yfir nóttina og báðar plönturnar virðast lukkulegar með það fyrirkomulag,“ segir Hólmfríður en hún hefur gaman af því að útbúa eitt og annað úr því sem hún ræktar.

„Þeir ávextir sem falla af sítrustrénu fara í krukku með vodka og enda sem snafs eða í einhverja kokteila. Ég ætla líka að prófa að gera líkjör úr þeim en vanalega geri ég jólalíkjör úr hrútaberjum en kannski má gera tilraunir með að blanda kumquat-ávextinum út í til að veða á móti dísætum drykknum. Myntan er ávana-



Hólmfríður hefur lengi verið með svokallaða micro green ræktun og klippir jurtnar jafnóðum út á salat eða smurbrauð. MYND/ÞÓRSTEINN

bindandi, því meira sem ég neyti hennar því meira hrífst ég af bragðinu. Ég nota hana ferska í heilsudrykki á morgnana og í myntute eða marokkóska te en þá bæti ég við grænum eða svörtum telafum. Ég þurrka hana líka og nota í te yfir veturinn. Sítrónumelissan er líka góð í tedrykk og falleg sem skraut á eftirrétti. Hún dafnar vel á svölunum, ég hef aldrei áður séð hana með svona stór blöð og þurrka þau líka í jurtate fyrir næsta vetur,“ upplýsir Hólmfríður.

Nær í salat af svölunum

Vegna flutninganna sáði Hólmfríður ekki fyrir kryddjurtunum þetta vorið líkt og vanalega heldur keypti þær í pottum. „Ég setti kryddjurtirnar í stærri potta og dekra við þær svo ég fæ heilmikla uppskeru. Það sem ég nota ekki ferskt þurrka ég og ýmist saxa smátt eða mala fint og hræri saman í kryddblöndur. Ef framleiðslan er mikil finnst mér tilvalið að gefa kryddblöndu og jurtate í jólagjafir. Ég er líka með salat og spinat á svölunum og ætla að prófa að rækta fleiri gerdir af matjurtum. Það er frábært að ná sér í salat í matinn og klippa ferskar kryddjurtir beint í pottana eða yfir matardiskinn,“ segir hún.

Hillurnar skapa gott skjól og nýtast vel undir pottaplöntur og matjurtir. MYND/ÞÓRSTEINN



Í nokkur ár hefur Hólmfríður verið með svokallaða micro green ræktun í smáu gróðurhúsi. „Fræin fást í flestum garðyrkjuverslunum. Fyrst notaði ég sádmold en núna sái ég þeim í kókosmold. Fræin spíra á örfáum dögum og vaxa hratt. Ég klippi þessar örsmáu en bragðmiklu plöntur jafnóðum út á matinn, t.d. fiskrétti, salat og smurbrauð, bæði til bragðbætis og skrauts.“

Hólmfríður segist aldrei áður hafa búið þar sem er eins ófagurt umhverfis og nú. „En auðvitað er ekkert að marka það. Þetta er enn þá byggingasvæði og allt fullt af vinnuvélum og róti í kring um það. Ég vona þó að það rætist úr garðinum hér á milli húsanna, hann er lokaður öðrum en íbúum og væri hægt að gera hann virkilega skemmtilegan. Ég verð oft hissa á hvað húsalóðir og þá sérstaklega við blokkir eru óspennandi og illa nýttar, oft látið nægja að leggja gras yfir slétta flöt sem enginn virðist nota, en viðhaldið er samt mikið því það þarf reglulega að slá grasið. En það er vel hægt að gera fallegt og notalegt hjá sér á svölunum og í frekar leiðinlegu veðurfari, eins og nú hefur verið, eru yfirbyggðar svalir algjörlega málið,“ segir Hólmfríður Ben glöð

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar
Ábyrgðarmaður:
Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Frey Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriddinga@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

Er hárið farið að þynnast?



Fæst í apótekum heilsuþúðum og heilsuhillum verslana

Nýsköpun á Íslandi

MIÐVIKUDAGUR 4. JÚLÍ 2018


Styður nýsköpun og frumkvöðlastarf

Tæknipróunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi og er oft forsenda þess að sú þekking og drifkraftur sem býr í frumkvöðlum nái að skila raunverulegum árangri, að sögn Sigurðar Björnssonar, sviðsstjóra hjá Rannís.

➔2



„Styrkirnir eru forsenda fyrir stofnun og vexti fyrirtækja. Án styrkja Tæknipróunarsjóðs hefðu 75% fyrirtækja ekki orðið að veruleika, samkvæmt árangursmatinu,“ segir Sigurður.



Tækniþróunarsjóður hefur styrkt verkefni sem eru tengd hagnýtingu lífríkis sjávar og ferskvatns og einnig hátækniverkefni. Það kemur ekki á óvart því héraendis búum við þar að mikilli þekkingu og því eðlilegt að líftækni skipi stóran sess, ekki sist til verðmætasköpunar úr aukaafurðum sem ekki voru nýttar áður. Á árunum 2014-2018 veitti Tækniþróunarsjóður 9,5 milljarða í styrki.

Framhald af forsiðu →

Þjóðfélagið í heild nýtur góðs af öflugri frumkvöðlastarfsemi,“ segir Sigurður Björnsson, sviðsstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði Rannís. Undir sviðið heyrir Tækniþróunarsjóður en lögbundið hlutverk hans er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðurinn, sem er samkeppnis-sjóður, heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs. Allar umsóknir eru metnar af fagráði sem leggur til ráðgefandi álit um styrkveitingu til stjórnar sjóðsins.

Áhrifamat 2009-2013

„Tækniþróunarsjóður veitti styrki fyrir 4,1 milljarð á árunum 2009-2013 en fjárveitingar hafa aukist verulega á undanförunum árum og eru ríflega 9,5 milljarðar á árabílinu, 2014-2018. Nýlega kom út mat á áhrifum styrkja sem sjóðurinn veitti á þessu tímabili og niðurstöður þess gefa til kynna að sjóðurinn gegni mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi og sé gjarnan forsendan fyrir því að þekking og drifkraftur sem býr í íslenskum frumkvöðlum nái að skila raunverulegum árangri, og ekki síður hvatning til starfandi fyrirtækja til að takast á við ný og krefjandi verkefni,“ segir Sigurður en Rannsóknamiðstöð um nýsköpun og alþjóðaviðskipti, sem er starfrækt innan Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands, vann úttektina.

„Þessi niðurstaða kemur í sjálfu sér ekkert á óvart. Það er almennt viðurkennt að stuðningur við

frumkvöðla, einkum þá sem eru drifnir áfram af nýjum tækifærum sem þeir trúa á, er jafnframt drifkraftur hagvaxtar,“ segir Sigurður.

Þar kemur einnig fram að styrkþegar telja Tækniþróunarsjóð skilvirkasta tækið sem íslenskum fyrirtækjum stendur til boða til að auka árangur í nýsköpun en mat af þessu tagi er gert á fimm ára fresti. „Það er mikilvægt að leggja mat á árangur sjóðsins, greina í hvað styrkir sjóðsins fara og hvaða áhrif þeir hafa. Samkvæmt þessu mati hefur sjóðurinn jákvæð áhrif á efnahagslífið og velta jókst hjá 75% styrkþega og aðgengi að nýjum mörkuðum innanlands og erlendis jókst í 70% tilfella,“ segir Sigurður.

Í mati á nýsköpun og færni kemur fram að þekking og hæfni starfsfólks jókst í nær 100% tilfella og tengslanet eflidist til muna, bæði innanlands og erlendis, að sögn Sigurðar. Hvað þjóðfélagsleg áhrif varðar sköpuðust ný störf í 70% tilfella og hlutdeild ungs fólks og kvenna jókst. „Styrkirnir eru forsenda fyrir stofnun og vexti fyrirtækja. Án styrkja Tækniþróunarsjóðs hefðu 75% fyrirtækja ekki orðið að veruleika, samkvæmt þessu mati,“ bendir Sigurður á.

Stefnumótun

Tækniþróunarsjóður hefur tekið miklum breytingum frá stofnun hans 2004 þegar styrktarkerfið var einfalt og fjármagn takmarkað. Sjóðurinn óx þó jafnt og þétt, en með stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs, sem árið 2014 fól í sér verulega stækkun sjóðsins, var ráðist í stefnumótunaráttu til að mæta fyrirhugaðri stækkun.

Innleiðing stefnumótunarinnar lauk haustið 2016 en hún



Almennt er viðurkennt að stuðningur við frumkvöðla, einkum þá sem eru drifnir áfram af nýjum tækifærum, er drifkraftur hagvaxtar, að sögn Sigurðar.

er þó í stöðugri endurskoðun. Tryggja þarf hæfilega nýliðun, ýta undir tækniyfifærslu verkefna úr háskólum yfir í atvinnulífið og alþjóðleg tengsl þarf að efla.

„Að okkar mati hefur tekist vel til. Á hverju ári sækir fjöldi frumkvöðla um styrk úr Tækniþróunarsjóði en hægt er að sækja í mismunandi styrktarflokka eftir eðli og stærð verkefna. Þrátt fyrir að efnahagslífið sé almennt jákvætt og atvinnustig hátt fjölgar umsækjendum verulega. Á árunum 2015-2017 fjölgaði umsóknum um 90%. Það er áhugavert fyrir þær sakir að í góðu efnahagslegu áferði er talið einfaldara að ráða sig til starfandi fyrirtækja í staðinn fyrir að fara út í áhættusama frumkvöðlastarfsemi en þetta sýnir hversu mikil gróska er í nýsköpun hér á landi. Þetta sýnir líka að sú stefnumótun

sem sjóðurinn stóð fyrir hefur tekist vel og er að skila árangri,“ segir Sigurður en markmið stefnumótunarinnar eru áhersla á fjölbreytni, snarpari framkvæmd og árangur. Þessar breytingar hafa skilað sér í fleiri umsóknum frá breiðari hópum úr atvinnulífinu, en að sama skapi er orðið talsvert snúið að komast í gegn því innan við fimmtungur umsækjenda fær styrk.

Atvinnulífið

Öllum er frjálst að sækja um styrki í Tækniþróunarsjóð og hvert verkefni er vegið og metið eftir gæðum og hvaða áhrif það getur haft á vöxt og viðgang viðkomandi fyrirtækis, auk þróunar á efnahags- og atvinnulífið.

„Ef við skoðum söguna frá 2004, en þá verður sjóðurinn til í

“Nýlega kom út mat á áhrifum styrkja sem sjóðurinn veitti og niðurstöður þess gefa til kynna að sjóðurinn gegni mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi og sé gjarnan forsendan fyrir því að þekking og drifkraftur sem býr í íslenskum frumkvöðlum nái að skila raunverulegum árangri.

Sigurður Björnsson

núverandi mynd, kemur í ljós að verkefni sem eru tengd hagnýtingu lífríkis sjávar og ferskvatns eru einna fyrirferðarmest. Það kemur ekki á óvart því við búum þar að mikilli þekkingu og því eðlilegt að líftækni skipi stóran sess, ekki sist til verðmætasköpunar úr aukaafurðum sem ekki voru nýttar áður. Sem dæmi má nefna Matis, sem hefur verið öflugt við að þróa vörur úr lífríki hafnsins, Zymetech sem framleiðir m.a. pensím úr fiskslógi og Kerecis sem framleiðir sárastöðefni úr fiskpróteinum,“ upplýsir Sigurður.

Hann segir að ekki sé hægt að ætlast til að öll verkefni sem Tækniþróunarsjóður styrki vaxi og dafni upp í það að verða að stórum og öflugum fyrirtækjum. Sum þeirra komist aldrei upp úr vaxtarverkjum og verði jafnvel ekki að



Hrunn Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, stýrði vorfundi sjóðsins en þar var styrkjum úthlutað.

„Styrkt verkefnið, það bara kom fyrirtækinu af stað í rauninni. Ég er ekkert viss um að við hefðum stofnað fyrirtækið án þess.“

Benedikt, Lauf Forks

„Ég fullyrði að ef styrkurinn hefði ekki verið til staðar þá að öllum líkindum hefði þetta aldrei orðið það sem þetta varð.“

Pétur, Nox Medical

„Við værum ekkert hérna ef við hefðum ekki fengið þessa styrki það er bara svo-leiðis. Það er mjög einfalt svar. Það skiptir sköpum sko. Ég veit ekki hvaða skala þú ert með en settu þetta bara alveg yst á skalann ...“

Vilborg, InfoMentor

veruleika. „Það er ekkert óeðlilegt við það. Styrkur frá sjóðnum er fjárfesting í þekkingu og hún skilar sér alltaf inn í samfélagið með einum eða öðrum hætti og hana er ekki alltaf hægt að meta til fjár,“ segir hann.

Hæsti styrkurinn sem Tækniþróunarsjóður veitir einu verkefni er samtals 70 milljónir og hann er greiddur út á tveimur árum, en lægsti styrkurinn, sem kallast Fræ, er hugsað fyrir þá sem þurfa stuðning til að móta þróunarferlið og viðskiptaáætlun sína, koma slíkum áætlunum á blað og gefa viðkomandi kost á að sækja um stuðning í áframhaldandi vinnslu. Sigurður segir að áhersla sé lögð á að hvetja frumkvöðla til að sækja um einkaleyfi og það er styrkt sérstaklega. „Þetta eru miklir fjármunir og það eru gerðar miklar kröfur til þeirra sem hljóta slíkan styrk. Sumum finnst við óþarflega



Þórdís Kolbrún nýsköpunarráðherra flutti ávarp á vorfundi sjóðsins.

„Við hefðum ekki getað þetta án styrkja frá Rannís og sérstaklega Tækniþróunarstyrksins gegnum árin, það er bara ekki hægt. Ef við hefðum ekki fengið styrkina þá hefðum við ekki getað framleitt augndropa.“

Þorsteinn, Oculis

„Fyrirtækið hefði sennilega dáið út hægt og rólega því að ég vann þetta sem hliðarvinnu. Þegar styrkurinn kemur þá get ég einbeitt mér að þessu og ráðið fólk í vinnu og það hleypir öllu upp þannig að við erum með gífurlega öflugt tæki núna sem er þessi hugbúnaður.“

Kjartan, ErkiTónlist

kröfuhörð en þetta er opinbert fjármagn sem þarf að fara vel með. Það er líka æfing og lærdómur fyrir umsækjendur að ganga í gegnum umsóknarferlið. Fjórðingur kann oft hvort frumkvöðlar hafi komist í gegnum síuna hjá Tækniþróunarsjóði áður en þeir taka ákvarðanir um fjárfestingar,“ segir Sigurður.


Konur hafa sótt í sig veðrið og fer hlutur þeirra í styrkjum sívaxandi. „Árið 2015 var fimmtungur styrkþega konur en þær eru núna orðnar þriðjungur styrkþega, sem er mjög jákvætt,“ segir hann.

Alþjóðlegt samstarf

Þá er alþjóðlegt samstarf mikilvægt, að sögn Sigurðar. „Við megum ekki byggja vegg í kringum Ísland. Við verðum að hugsa á alþjóðavísu. Norrænt samstarf skiptir okkur miklu máli og enn fremur hefur rannsókn- og þróunaráætlun Evrópusambands-

ins, Horizon 2020, reynst okkur notadryg.“ Eurostars áætlunin, sem er hluti af Horizon 2020, gefur íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum kost á samstarfi við kollega í Evrópu. „Það eru heimalöndin sem styrkja sína þátttakendur og hér er það Tækniþróunarsjóður sem styrkir íslensku fyrirtækin. Fyrirtæki eins og Orf líftækni, Videntifíer, sem hefur hlotið sérstaka viðurkenningu Eurostars fyrir sinn árangur, og Nox Medical hafa notið góðs af þessu samstarfi. Íslensk fyrirtæki hafa náð mjög góðum árangri, svo að eftir er tekið, í SME hluta Horizon 2020. SME stendur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og hafa um 50 félög hlotið á síðustu árum yfir einn og hálfan milljarð króna, þar af hafa 6 fyrirtæki hlotið „stóra“ styrkinn sem er yfir 200 milljónir króna. Þetta er bein innspýting í nýsköpunarsamfélagið,“ segir Sigurður að lokum.

Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði



Tækniþróunarsjóður

tths.is

Nýsköpun á réttri leið

Þórdís Kolbrún Reykdal Gyfjadóttir nýsköpunarráðherra segir að íslensk fyrirtæki séu á réttri leið í nýsköpunargreinum. Ráðuneytið er að hefja vinnu við heildstæða nýsköpunarstefnu fyrir Ísland.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þegar Þórdís er spurð hver staðan sé í greininni þegar markaðurinn er skoðaður í heildina, svarar hún því til að nýsköpun sé ekki afmörkuð grein heldur viðfangsefni sem snertir flesta ef ekki alla þætti samfélagsins. „Hún er ein meginforsenda aukinnar verðmætasköpunar og samkeppnishæfni þjóðarinnar hvort sem hún fer fram í ungum sprotafyrirtækjum eða hjá rötgrónum fyrirtækjum. Nýsköpun er einnig lykilatriði í vildleitni okkar til að bæta samfélagið. Þar má nefna sem dæmi nýsköpun í heilbrigðisþjónustu, opinberum rekstri, menntamálum og grænar lausnir í þágu umhverfisins.“

Hvernig styðja stjórnvöld nýsköpunarfyrirtæki?

„Stuðningur stjórnvalda við nýsköpunarfyrirtæki og frumkvöðla kemur fram á ýmsum stigum nýsköpunar. Þar má kannski fyrst nefna stuðning til fyrirtækja sem stunda rannsóknir og þróun. Sá fjárhagslegi stuðningur hefur mælst vel fyrir og verið fyrirtækjum hvatning til aukinnar nýsköpunar. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að þessi stuðningur verði aukinn. Stjórnvöld hafa einnig innleitt stuðning í formi skattaafsláttar til þeirra sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum og unnið er að því að bæta það stuðningskerfi enn frekar. Lögð hefur verið áhersla á að efla stuðning við opinbera samkeppnissjóði á Íslandi og má í því tilliti nefna að framlag til Tæknipróunarsjóðs hefur þrefaldast frá árinu 2014. Við erum einnig í samstarfi við erlenda vísinda- og tæknisjóði og greiðum framlag í þá. Þangað hafa íslenskir vísindamenn og frumkvöðlar sótt um styrki með mjög góðum árangri. Þá má nefna stofnanir sem veita mikilvægan stuðning við frumkvöðla, svo sem Nýsköpunarmiðstöð, Hönnunarmiðstöð, Háskólastofnanir sem og frumkvöðlasetur og stafrænar smíðjur víðs vegar um landið. Þegar kemur að fjárfestingum í fyrirtækjum höfum við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem stutt hefur við sprotafyrirtæki bæði í gegnum beina fjárfestingu eða í samstarfi við aðra sjóði og



Þórdís Kolbrún segir að þegar litið sé á alþjóðlegar skýrslur um samkeppnishæfni megi segja að Ísland standi nokkuð vel að vígi í alþjóðlegum samanburði.

almennt leggjum við áherslu á að eiga gott samstarf við þá öflugu einkaaðila sem starfa með frumkvöðlum. Það má segja að stjórnvöld styðji nýsköpun á ýmsum stigum en á sama tíma er okkur ljóst að betur má ef duga skal og því leita stjórnvöld sífellt leiða til að efla stuðningsumhverfið enn frekar og gera það skilvirkara og skýrara.“

Hvernig finnst þér fyrirtækjum í nýsköpun vegna á Íslandi og erum við nógu öflug á því sviði miðað við aðrar þjóðir?

„Þegar litið er á alþjóðlegar skýrslur um samkeppnishæfni má segja að Ísland standi nokkuð vel að vígi í alþjóðlegum samanburði. Helstu styrkleikar Íslands í samanburði við ríki Evrópusambandsins eru taldir vera nýsköpunarvænt umhverfi, rannsóknarkerfi, frum-

kvöðlahugsun og mannauður. Veikleikar okkar eru m.a. taldir snúa að sölu og markaðssetningu, hugverkaréttindum og fjármögnunarumhverfi. Hjá ráðuneytinu erum við einmitt að greina þessa þætti nánar í tengslum við það starf sem er að hefjast um mótun heildstæðrar nýsköpunarstefnu,“ svarar Þórdís.

„Nýsköpun í fyrirtækjum, hvort sem er í sprotafyrirtækjum eða rötgrónum fyrirtækjum, er meginforsenda aukinnar verðmætasköpunar og samkeppnishæfni og nýsköpun innan fyrirtækja og stofnanna er forsenda fyrir bættu samfélagi. Það er okkur því lífsnauðsynlegt að Ísland sé og verði nýsköpunardrifið samfélag, einmitt vegna þess að nýsköpun skilar arði til samfélagsins.“

Eru of mörg fyrirtæki í nýsköpun

að flytja vinnu sína til útlanda?

„Þetta er svolítið snúin spurning. Markmið margra fyrirtækja í nýsköpun er að selja vöru og þjónustu á erlendum mörkuðum og komast í samstarf við erlenda aðila. Það er því eðlilegt að einhver fyrirtæki flytji starfsemi til annarra landa og við gerum okkur grein fyrir því að vegna smæðar þjóðarinnar getum við ekki keppt við aðrar þjóðir á öllum sviðum. Það er á sama tíma mjög mikilvægt að við leggjum okkur fram um að skapa góð starfsskilyrði og frjóan jarðveg fyrir nýsköpun og þróun hér á Íslandi hvort sem hún á sér stað í nýjum eða í rötgrónum fyrirtækjum. Þrátt fyrir smæð þjóðarinnar höfum við ýmislegt upp á að bjóða sem gerir landið að ákjósanlegum vettvangi fyrir frumkvöðlastarfsemi og uppbyggingu

fyrirtækja.“

Þurfum við að efla sprotafyrirtækin sem eru að fóta sig?

„Já, svo sannarlega og stjórnvöld leggja sig fram um slíkan stuðning.“

Getur þú nefnt eitthvert íslenskt fyrirtæki sem hefur vakið sérstaka athygli þína varðandi nýsköpun?

„Í starfi mínu sem ráðherra verð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að kynna fjölda fyrirtækja og sprota sem eru að gera gífurlega spennandi hluti. Það er erfitt fyrir mig að nefna eitt fyrirtæki frekar en annað, en sem dæmi má nefna hina miklu nýsköpun sem á sér stað innan sjávarútvegsins og í vinnslu sjávarafurða. Þar erum við t.d. að sjá spennandi tæknipróun í aðferðum til skurðar á fiski sem og nýtingu á fiskiroði í þágu heilbrigðistækni.“

nox medical
noxmedical.com

Mikil sóknarfæri í nýsköpun

Icelandic Startups hjálpar sprotafyrirtækjum að komast á legg. Félaginu hafa aldrei borist eins margar umsóknir, fjárfesting hefur sjaldan verið meiri og tækifærin hafa aldrei verið jafn mikil.

Icelandic Startups hefur árum saman leitt frumkvöðla og lykiladila úr atvinnulífinu saman til að skapa verðmæti. Hlutverk félagsins er að efla frumkvöðlastarf á Íslandi, gera nýsköpun eina af lykilstoðum hagkerfisins og hraða ferlinu frá viðskiptahugmynd til arðbærra viðskipta,“ segir Jarþrúður Ásmundsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri hjá Icelandic Startups. „Félagið skapar vettvang til tengslamyndunar og byggir þannig upp innviði fyrir frumkvöðlastarf og nýsköpun á Íslandi. Icelandic Startups er stærsti einkarekni stuðningsaðili frumkvöðla og sprotafyrirtækja hér á landi, en félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni.“

Metfjöldi umsókna í ár

Icelandic Startups stendur fyrir viðskiptahröðlum þar sem fólki býðst að senda inn viðskiptahugmyndir og viðskiptaáætlanir. „Inntökuferlið er mjög vandað og aðeins bestu verkefni valin áfram,“ segir Jarþrúður. „Fyrir vikið njóta fyrirtæki sem hafa farið í gegnum viðskiptahraðla á okkar vegum og tekið þátt í frumkvöðlakeppninni Gullegginu meiri trúverðuleika, ekki síst gagnvart fjárfestum.“

Icelandic Startups hefur starfrækt frumkvöðlakeppnina Gulleggið í tíu ár, en keppnin hefur verið eftirsóttur vettvangur fyrir sprota og er vel þekkt,“ segir Jarþrúður. „Á hverju ári eru tíu



Það er gríðarleg gróska í nýsköpun hér á landi, segir Jarþrúður Ásmundsdóttir hjá Icelandic Startups. MYND/ERNIR

verkefni valin úr hópi þátttakenda eftir metnaðarfulla þjálfun og vandað ferli og þeim veittur stuðningur.

Félagið stendur fyrir viðskiptahröðlunum Startup Reykjavík,

Startup Energy og Startup Tourism. „Í Startup Reykjavík eru tíu fyrirtæki valin á hverju sumri til að njóta ráðgjafar og leiðsagnar þaulreyndra sérfræðinga til að hraða þróunarferlinu,“ segir

Jarþrúður. „Við fáum að meðaltali um 500 viðskiptahugmyndir til okkar á ári, en í fyrra bárust 270 viðskiptahugmyndir bara í Startup Reykjavík, sem er met. Það sem af er ári hafa hins vegar

um 400 hugmyndir borist, svo það stefnir í metfjölda umsókna í ár.

Startup Energy Reykjavík byggir á sama grunni og Startup Reykjavík, en þar er lögd er áhersla á viðskiptahugmyndir tengdar jarðvarma og orku,“ segir Jarþrúður. „Startup Tourism er svo viðskiptahraðall fyrir ný fyrirtæki í ferðaþjónustu.“

Metfjárfesting og sóknarfæri

„Á fyrstu sex mánuðum ársins hefur fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum náð rúmlega 6,5 milljörðum króna samkvæmt okkar úttekt,“ segir Jarþrúður.

„Það er meira en tvöfalt meiri fjárfesting en var gerð í sprotafyrirtækjum á síðasta ári, en þá var hún tæplega þrjú milljarðar.

Stærstu fjárfestingarnar koma nú nær allar frá útlöndum, svo sprotafyrirtæki eru að draga erlent fjármagn til landsins,“ segir Jarþrúður. „En aftur á móti er það áskorun fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki að laða til sín stærri innlendar fjárfestingar.

Við sjáum tækifæri fyrir íslenska fjárfesta til að fylgja eftir þessum fyrirtækjum sem eru að vaxa erlendis,“ segir Jarþrúður. „En til að það geti gerst þurfa hugmyndir um afléttingu þaks á þróunarkostnaði til skattaafsláttar að verða færðar í lög. Í dag miðast þakið við 300 milljónir og það er ljóst að til að halda vaxtarfyrirtækjum á landinu verður að aflétta því.“



Við aðstoðum frumkvöðla við að koma viðskiptahugmyndum í framkvæmd með skjótvirkum hætti og styðjum íslensk sprotafyrirtæki til vaxtar á alþjóðlegum vettvangi.

Vilt þú kynna þér sprotaumhverfið á Íslandi?
Sendu okkur línu á hello@icelandicstartups.is!

Íslensk hátaekni nýtt til að greina svefnvandamál

Nox Medical er hátaeknifyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem bæta svefngreiningu. Fyrirtækið kynnir byltingarkenndar nýjungar sem gagnast læknum út um allan heim til að greina svefnvandamál. Nox Medical hefur stækkað ört á síðustu árum.

Ingvar Hjálmarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Nox Medical, segir að þótt fyrirtækinu hafi verið hleypt af stokkunum árið 2006 eigi það lengri sögu. „Saga fyrirtækisins hófst formlega árið 2006 þegar nokkrir verkfræðingar tóku sig saman og stofnuðu fyrirtæki sem skapar lækningatæki til að sinna svefnrannsóknnum. Áður störfuðu stofnendur Nox Medical hjá öðru fyrirtæki sem nefndist Flaga hf. Það fyrirtæki var stofnað af Helga Kristbjarnarsyni. Flaga hannaði líka svefnrannsóknartæki og fór í gegnum mikið uppgangstímabil fyrir bankahrunið. Á þessum árum, í kringum 2005-2006, var gengi íslensku krónunnar mjög sterkt. Þetta sterka gengi kom sér mjög illa fyrir útflutningsfyrirtæki í hátaekni. Þetta rekstrarumhverfi varð til þess að fyrirtækið var flutt til Bandaríkjanna og Kanada og starfsemi hætt á Íslandi. Eftir sátu starfsmenn með mikla sérþekkingu,“ útskýrir Ingvar og bætir við að sjö þeirra hafi tekið sig saman og stofnað Nox Medical til að þróa næstu kynslóð af tækjum til greiningar svefnvandamála.

„Hjá Nox varð til næsta kynslóð í tækjum til svefngreininga. Margir stofnenda eru enn starfandi hjá Nox. Á tæpum tólf árum hefur fyrirtækið vaxið frá sjö starfsmönnum upp í fimmtíu manns. Velta síðasta árs var tæpir tveir milljarðar og hefur fyrirtækið verið rekið með hagnaði frá því að það hóf að selja vörur sínar. Megnið af kostnaði okkar fer í þróunarstarf og að fylgja eftir hugmyndum,“ útskýrir Ingvar.

Viðskiptavinir Nox Medical eru sjúkrahús, læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk um allan heim. „Öll okkar framleiðsla er seld til útlanda. Fyrir nokkrum árum styrkti fyrirtækið Landspítala – háskólasjúkrahús með tækjum að verðmæti 20 milljónir. Við höfum átt mjög gott rannsóknarsamstarf við starfsfólk Landspítalans og þar er mikil þekking í svefnrannsóknnum. Nánast öll okkar velta kemur hins vegar frá útlöndum. Stærstu markaðssvæðin eru Bandaríkin, Frakkland, Norðurlönd, Ástralía, Kína og Japan. Starfsfólk Nox aðstoðar umboðsmenn sína erlendis til að ná fótfestu með vörur okkar á sínu markaðssvæði.“

Nox Medical á nokkra stóra keppinauta á heimsmarkaði. „Við höfum tölurverða samkeppni í Bandaríkjunum, Ástralíu og Þýskalandi. Engu að síður hefur Nox haldið miklu forskoti vegna þess hversu mikið við leggjum í vöruþróun. Við aðgreinum okkur á vissan hátt. Okkar tæki eru einföld, skilvirk og þægileg hjá öllum aldri sjúklunga,“ segir Ingvar en fyrirtækið hefur hlotið margar viðurkenningar, meðal annars Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun. „Við höfum notið góðs varðandi styrki bæði hjá Rannís og Tækniþróunarsjóði. Skattaafsláttur sem fyrirtækið nýtur góðs af til að stunda rannsóknir hjálpar



Ingvar Hjálmarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Nox Medical. MYND/STEFÁN KARLSSON



Tækið er nett og þægilegt í meðförum.

„Á tæpum tólf árum hefur fyrirtækið vaxið úr sjö starfsmönnum upp í fimmtíu manns. Velta síðasta árs var tæpir tveir milljarðar og hefur fyrirtækið verið rekið með hagnaði frá því að það hóf að selja vörur sínar. Megnið af kostnaði okkar fer í þróunarstarf og að fylgja eftir hugmyndum.“

okkur að fjárfesta í vöruþróun til þess að halda samkeppnisforskoti okkar. Fyrirtæki sem við erum í samkeppni við, eins og til dæmis í Þýskalandi, eru með sinn kostnað í evrum á meðan við notum íslenskar krónur. Við þurfum að takast á við miklar sveiflur í gengi á meðan Þjóðverjar geta treyst því að gengið sé nánast alltaf eins. Krónan er því afar óþægileg í þessum rekstri.“

Ingvar telur að fyrirtækið muni stækka enn frekar á næstu árum. „Við erum í stöðugri þróun og vexti,“ segir hann. Tækin sem

Nox framleiðir eru ákaflega þægileg í meðförum. Þau taka upp öndun, súrefnismettun, hjartslátt og fleira á meðan fólk sefur. Þau geta greint kæfisvefn og önnur svefnvandamál. Háþróaðir nemar greina svefninn og hugbúnaðurinn les úr þeim merkjum. Með því geta læknar fundið meðferð til bata hjá sjúklingnum. Mjög margir þjást af alls kyns svefnvandamálum og meðal þeirra er kæfisvefn sem er mjög hættulegur. Kæfisvefn getur aukið hættuna á því að fá heilablóðfall og hjarta- eða æðasjúkdóma.

Við munum í framtíðinni einbeita okkur að frekari rannsóknnum og þróun á þessu sviði þannig að betri svefn sé mögulegur fyrir alla. Við sjáum gríðarleg tækifæri í því að hanna tæknilausnir á þessu sviði til að allir geti fengið þá greiningu á svefnvandamálum sem þeim ber. Við sjáum fyrir okkur frekari fjárfestingar á sviði vöruþróunar og áframhaldandi uppbyggingu markaðsstarfs á heimsvísu. Hjá Nox er m.a. mjög öflug rannsóknardeild sem hefur nýlega fengið rúmlega 250 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu til að útfæra nýjar lausnir og gera svefnrannsóknir aðgengilegri fyrir alla.

Við erum með frábært teymi fólks með mismunandi bakgrunn í menntun og fyrsta flokks gæðakerfi sem við vinnum eftir. Íslendingar njóta þessarar tækni á Landspítalanum, Læknasetrinu, Reykjalundi og víðar,“ segir Ingvar Hjálmarsson.

Háskóli Íslands færir bókvitið í askana

Háskóli Íslands sinnir fjölbreyttum nýsköpunaráherslum en meðal þeirra má nefna rannsóknir, ný þverfagleg námskeið í nýsköpun og yfirfærslu vísindalegrar þekkingar til atvinnulífsins. Einar Mäntylä er verkefnisstjóri nýsköpunar á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands er uppspretta þekkingar og framfara og hefur undanfarið skorað hátt alþjóðlega hvað snertir gæði þeirra vísinda sem stunduð eru á fjölmörgum sviðum,“ segir Einar. „Hí gegnir eðlilega mikilvægu hlutverki fyrir íslenskt samfélag og er ein af þeim stofnunum sem njóta mests trausts í samfélaginu. Háskólinn er meðal annars aðili að Vísinda- og tækniráði sem ásamt stjórnvöldum og fleiri aðilum leggur línurnar í áherslum og stefnumálum vísinda- og tækniþróunar í landinu, sem hefur viðtæk áhrif á nýsköpunarumhverfið og þar af leiðandi á samkeppnishæfni okkar á alþjóðavísu.“

Hí býður upp á á fjórða tug námskeiða á grunn- og framhaldsstigi sem tengjast með beinum hætti nýsköpun auk allrar þeirrar sérmenntunar sem í boði er og gefur nýsköpun og sprotafyrirtækjum nauðsynlega dýpt og færni. Ný þverfagleg námskeið í nýsköpun eru í farvatninu í samræmi við stefnu háskólans.

Fjölbreytt verkefni

Starfsemi og rannsóknir innan HÍ kunna að skila margháttaðum ávinningi út í samfélagið og er fjölbreytnin lýsandi fyrir breidd starfsemi Háskóla Íslands. „Nefna má matvælatengd verkefni eins og ræktun wasabi-plöntunnar fyrir hágæða sushi-rétti en það eru Johan Sindri Hansen og Ragnar Atli Tómasson sem eru að fylgja því eftir í sínu sprotafyrirtæki, öryggismál sjómanna með tengingu internets hlutanna við fjarskiptatækni en Sæmundur E. Þorsteinsson og Karl S. Guðmundsson stjórna þeirri rannsókn, bættu röðun skurðaðgerða með gagnvirku upplýsingakerfi í heilbrigðiskerfinu en það hafa þróað þeir Rögnvaldur Sæmundsson og Tómas Rúnarsson, orkumyndun úr lifrænum úrgangi með gösun sem er á höndum Christians Petrus Richter og Rúnars Unnþórssonar, endurnýtingu blóðflagna í verðmæta vöru en Sandra Jónsdóttir-Buch og Ólafur E. Sigurjónsson þróa það áfram í sprotafyrirtækinu Platome, og að veita blindum sýn með hátækni-búnaði sem er stórt verkefni unnið af Rúnari Unnþórssyni, Árna Kristjánssyni og Ómari I. Jóhannessyni og alþjóðlegu samstarfsfólki.“

Sprotar frá HÍ

HÍ hefur ásamt Landspítala Háskólasjúkrahúsi starfrækt Hugverkanefnd sem sinnir hugverkavernd og tækniyfirfærslu frá árinu 2003. „Út úr háskólanum hafa komið mörg sprotafyrirtæki sem byggja á hugmyndum sem verða til við vísindastarfið innan HÍ,“ segir Einar og nefnir sem dæmi Marel sem spratt út úr háskólanum. „Og nú síðast Oculis sem er bylting í augnlækningum og er í hröðum vexti, auk fjölda annarra sem hafa skilað samfélaginu störfum, tækni og virðisauka.“ Hann segir að virk hugverkavernd sé yfirleitt lykillinn að aðkomu fjárfesta að krefjandi verkefnum svo þau nái að dafna.



Einar Mäntylä er verkefnisstjóri nýsköpunar á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands en hann segir starfsemi og rannsóknir innan HÍ skila margháttaðum ávinningi út í samfélagið. MYND/SIGTRYGGUR ARI

“Nýsköpunarnefnd nemenda HÍ er frábært framtak þar sem krafturinn í nemendum nýtist í umræðuna um hvernig við getum gert betur í þessum efnunum.”

„Innan Háskóla Íslands er stöðugt unnið að því að auka meðvitund um vægi hugverkaverndar við rannsóknastarf innan skólans en það er í samræmi við Hugverkastefnu stjórnvalda sem kom út 2016 og stefnu háskólans. „Þá er rétt að hafa í huga að grunnrannsóknir geta líka leitt til byltingar í hagnýtingu síðar meir, þó svo það hafi ekki verið fyrirsjáanlegt í upphafi. Þannig eru GPS-tæknin (og þar með t.d. Uber-bílaþjónustan), örbylgjuofninn, geisla-spilarinn, ljósleiðarinn og segulómun á sjúkrahúsum allt afurðir grunnrannsókna við háskóla og rannsóknastofnanir svo eitthvað sé nefnt.“

Brú til atvinnulífsins

Svo er það brúin! Tækniyfirfærsla er yfirfærsla vísindalegrar þekkingar til atvinnulífsins, stundum

kölluð brúin á milli akademíu og atvinnulífs. „Á Íslandi höfum við verið sein að sinna þessu af krafti samanborið við aðrar þjóðir, sem getur komið niður á samkeppnishæfni okkar til lengri tíma lítið. Nú verður breyting þar á!“ segir Einar enn fremur.

„HÍ hefur leitt starf Auðnu, undirbúningsfélags háskóla, rannsóknastofnana og annarra ríkisaðila auk viðkomandi ráðuneyta um stofnun tækniyfirfærsluskrifstofu fyrir allar þessar stofnanir í landinu. Samstarf þessara aðila og samskiptin við fulltrúa atvinnulífsins hafa verið einkar ánægjuleg og árangursrík, enda um þjóðþrífamál og nauðsynlega lykilinnviði nýsköpunar að ræða. Stefnt er að opnun þessarar þjónustu í haust og að fljótlega verði brúin opin fyrir umferð í báðar áttir.“

“Nýsköpun snýst um miklu meira en nýja tækni, hún þarfnast samfélags opinna huga, umhverfis sem veitir innblástur og réttu aðstöðunnar meðal annars.”

Nýsköpunarpöbbinn

Á síðasta ári fór af stað Nýsköpunarpöbbi í frábærum salarkynnum Stúdentakjallarans þar sem hittast reglulega áhugamenn um nýsköpun innan HÍ til að spjalla saman um allt milli himins og jarðar tengt nýsköpun og hlutverki HÍ þar að lútandi. „Þarna er vettvangur fyrir afslappaða umræðu þar sem starfsmenn og nemendur hittast til að ræða málin. Nýsköpunarnefnd nemenda HÍ er frábært framtak þar sem krafturinn í nemendum nýtist í umræðuna um hvernig við getum gert betur í þessum efnunum,“ segir Einar. „Nýsköpun snýst um miklu meira en nýja tækni, hún þarfnast samfélags opinna huga, umhverfis sem veitir innblástur, flæðandi samræðu á hugmynda og þróunarstigi, réttu aðstöðunnar – og mikillar vinnu við alla framkvæmd. Háskóli Íslands hefur margt fram að færa í þessum efnunum.“

Uppbygging í Vatnsmýri

Háskóli Íslands kemur víðar við í nýsköpun en bara við kennslu og rannsóknir, hann er enn fremur bakhjarl Icelandic Startups sem heldur utan um og sinnir hvers kyns frumkvöðlaþjálfun og viðskiptahröðlum með öflugri starfsemi sinni. „Að auki standa Vísindagarðar Háskóla Íslands að gríðarmikilli uppbyggingu í Vatnsmýrinni þar sem er að rísa hjarta nýsköpunar í landinu. Þar er til staðar í húsnæði Vísindagarða HÍ Íslensk erfðagreining, leiðandi mannerfðafræðistofnun í heiminum, þar eru einnig höfuðstöðvar Alvogen og Alivotech sem þróa þar framleiðslu sameitaliftækniyfja,“ segir Einar. „Á svæðinu er að rísa húsið Gróska sem mun meðal annars hýsa CCP og margháttaða aðra nýsköpunartengda starfsemi, og Félagsstofnun stúdenta er jafnframt að reisa þar íbúðir. Allt skipulag svæðisins, sem unnið er í nánu samstarfi við Reykjavíkurborg, er uppskrift að iðandi mannlífi og nýsköpunarkrafti þar sem saman koma allir hagaðilar nýsköpunar, vísindin, frumkvöðlar, nemendur, menntastofnanir, sprotafyrirtæki, fjárfestar, tengslin við atvinnulífið og framsækin fyrirtæki sem sjá sér hag í kraftinum og sambýlinu við háskólaumhverfið. Háskóli Íslands vinnur því með margvíslegum hætti að því að koma bókvitinu í askana,“ segir Einar að lokum.



Gunnar Steinn Magnússon er framkvæmdastjóri Expectus Software. MYND/ERNIR

Spara milljónir með exMon

Hugbúnaðurinn exMon finnur tekjuleka í fyrirtækjum og kemur í veg fyrir kostnaðarsöm mistök í rekstri. Með exMon hafa íslensk fyrirtæki sparað hundruð milljóna.

Röng gögn og brotalóm í gagnakeyrlum gefa ranga mynd af stöðu reksturs hjá fyrirtækjum og geta leitt af sér rangar ákvarðanir og glötuð tækifæri. Mikilvægi þess að öll gögn séu rétt var ástæða þess að við fórum í að þróa og skapa exMon,“ segir Gunnar Steinn Magnússon, framkvæmdastjóri Expectus Software sem var stofnað utan um hugbúnaðinn exMon árið 2014.

Expectus Software er dótturfyrirtæki ráðgjafarfyrirtækisins Expectus sem stofnað var 2009. Kjarnastarfssemi Expectus er stefnumótun, markmiðasetning og viðskiptagreind (e. business intelligence) til að styðja stjórnendur fyrirtækja við að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma.

„Slíkt er einungis mögulegt ef stefna fyrirtækis er skýr, markmið þess mælanleg og yfirsýnin góð á mikilvægustu þætti rekstursins á réttan og tímanlegan hátt. Expectus hjálpar stjórnendum fyrirtækja í



Starfsfólk Expectus og Expectus Software. MYND/ERNIR

gegnum allt ferlið; allt frá mótun stefnu og setningu markmiða í upphafi, til gagnvirkra mælaborða til að taka réttar ákvarðanir til að framfylgja stefnu fyrirtækisins,“ upplýsir Gunnar Steinn.

Ná tókum á tekjuleka

Hugbúnaðurinn exMon hefur reynst vega þungt í viðleitni fyrirtækja til að ná tókum á tekjuleka og koma í veg fyrir kostnaðarsöm mistök í rekstri.

„Dæmi um tekjuleka eru rangir afslættir í sölureikningum, vöntun á gögnum úr sölukerfi eða röng virkni rafmagnsmæla í orkugeiranum. Sjást mælarnir örugglega á öllum reikningum? eru þeir að skila inn réttum gögnum? Til er endalaust af götum í rekstri fyrirtækja sem þarf að fylla upp í til að hamlu því að tekjur leki út eða óþarfa kostnaður myndist, og við finnum iðulega hluti sem við eigum ekki að finna,“ segir Gunnar Steinn um nákvæmt eftirlit exMon.

Tekjuleki er algennt vandamál í öllum geirum, en mismikið þekkt og í umræðunni.

„Í fjarskiptageiranum, sem dæmi, er tekjuleki meðvitað vandamál sem hefur verið alþjóðlega rannsakað þvert á geirann. Rannsóknir sýna að algengt er að tekjuleki sé eitt til tvö prósent af heildarveltu fjarskipta-fyrirtækja. Um er að ræða gifurlegar fjárhæðir þegar upp er staðið og til viðmiðunar má geta þess að heildarvelta íslenskra fjarskiptafyrirtækja var rúmlega 57 milljarðar árið 2017, samkvæmt tölfræðiskýrslum PFS. Viðskiptavinir okkar í hinum ýmsu geirum hafa verið að spara tugi og jafnvel hundruð milljóna með liðsinni exMon,“ segir Gunnar Steinn.

exMon framkvæmir samfellda endurskoðun á rekstri fyrirtækja, eða svokallað samtímaeftirlit.

„Samfelld endurskoðun er eins og stækkunargler á starfseminu og rýnir í hið minnsta; öll gögn og gagnafærslur fyrirtækja frá upphafi til enda. Þannig kemur manns-höndin yfirleitt fyrst að innslætti gagna og vitaskuld er manlegt að gera villur, en villuprófun exMon finnur villurnar,“ útskýrir Gunnar Steinn og vist getur exMon svipt hulunni af mögulegu misferli innan fyrirtækja.

„exMon hefur sannarlega komið upp um misferli, til dæmis í tengslum við fríðindakerfi og veitingu afsláttu. Auðvelt er að fylgjast með myndun mynsturs atvika í rekstrinum; til dæmis að skanna hvort sviksemi eigi sér stað í innri starfsemi fyrirtækja, en slíkt getur numið miklu í ársveltu fyrirtækja.“

Gunnar Steinn segir ferla fyrirtækja verða sífellt sjálfvirknivæddari með „robotics“ og „automation“.

„Aukin sjálfvirknivæðing og aukinn hraði í ferlum krefst aukinnar tækni og hraða til að fylgjast með og tækla frávik sem myndast. Þar kemur exMon inn sem skilvirkt eftirlitsverkfæri.“

Frábær árangur

Framúrskarandi árangur exMon hefur sýnt mikla þörf fyrir slíka vöru á íslenskum markaði. Í dag nota um fimmtíu fyrirtæki exMon, þar á meðal stærstu fyrirtækin í öllum geirum atvinnulífsins, svo sem fjarskipta-, flug-, banka-, orku- og framleiðslugeirum, ásamt fjölda opinberra stofnana og fyrirtækja.

„Mörg fyrirtækjanna hafa náð mjög góðum árangri í að minnka tekjuleka og lækka kostnað,“ útskýrir Gunnar Steinn. „Árangur samstarfs Vodafone og Expectus við innleiðingu á exMon í kjarnaferlum fjarskiptafyrirtækisins vakti athygli eins helsta forköls samfelldrar endurskoðunar í heiminum, prófessors Miklos Vasarhelyi við Rutgers-háskólann í New Jersey. Það varð til þess að einn kafli í kennslubók við endurskoðun í Bandaríkjunum var helgaður árangri Vodafone á Íslandi, en þau náðu meðal annars að fækka villum í reikningagerð um 74 prósent á tólf mánaða tímabili með notkun exMon. Allt gefur það fyrirtækjum samkeppnisforskot að vera með ferla og gögn sín í lagi.“

Aðgengilegt og frábært

exMon er einstakur hugbúnaður og ekki til sambærilegt íslenskt verkfæri sem sinnt getur samfelldri endurskoðun.

„Hugtakið samfelld endurskoðun varð til í kjölfar fjármálahneykslis Enron og Worldcom,“ útskýrir Gunnar Steinn. „Í gegnum Sarbanes-Oxley-lögin var öllum Fortune

Stærstu fyrirtækin eru langflest með starfsmenn sem hafa þekkingu til að geta sett inn eftirlitsaðgerðir exMon í sína ferla, en sé þekkingin ekki til staðar komum við að sjálfsögðu inn í fyrirtækin og setjum upp eftirlitið ásamt því að miðla þekkingu á notkun exMon.

500-fyrirtækjum gert að vera með sérstakar deildir og útbúnað sem sinntu samfelldri endurskoðun. Skort hefur sambærilega tækni fyrir minni og meðalstór fyrirtæki og því þurftum við að miklu leyti að finna upp hjólið með exMon sem mætir þörfum fyrirtækja sem falla ekki undir þau 500 stærstu.“

Grundvallarstef viðskiptagreindar er að stjórnendur hafi aðgang að upplýsingum um mikilvæga þætti rekstursins sem næst í rauntíma, til að geta tekið réttar ákvarðanir á réttum tíma. Forsendur góðrar ákvarðanatöku er að vita á hverjum tíma raunstöðu tekju- og kostnaðarmyndunar, hvernig hinir ýmsu þættir eru að þróast og hvaða áhrif sú þróun hefur á öðra þætti starfseminnar.

„Viðskiptagreind byggir á öllum upplýsingum sem unnt er að fá úr viðskiptagögnum fyrirtækja. Við tölum um vöruhús gagna sem geyma öll gögn fyrirtækja á einum stað; sölugögn, innkaupagögn, rekstrarleg gögn og upplýsingar sem nýtast stjórnendum við að taka réttar ákvarðanir,“ upplýsir Gunnar Steinn.

exMon er einfalt í uppsetningu og þægilegt í notkun.

„Stærstu fyrirtækin eru langflest með starfsmenn sem hafa þekkingu til að geta sett inn eftirlitsaðgerðir exMon í sína ferla, en sé þekkingin ekki til staðar komum við að sjálf-sögðu inn í fyrirtækin og setjum upp eftirlitið ásamt því að miðla þekkingu á notkun exMon.“

Stöðug þróun

Expectus Software fékk verkefnisstyrk hjá Rannís fyrir árið 2016 og segir Gunnar Steinn styrkinn hafa skipt sköpum fyrir framgang exMon á alþjóðamarkaði.

„Góður árangur exMon hér á landi, ásamt úmsögn erlendra sérfræðinga, hefur sannfært okkur um að við gætum náð góðum árangri á öðrum mörkuðum. Til þess þurftum við að fara í talsverða þróun sem gerði okkur kleift að stækka hraðan en erfitt er fyrir litil fyrirtæki eins og Expectus að fara út í slíka fjárfestingu án aðstoðar,“ segir Gunnar Steinn um verkefnið sem gekk út á að þróa skýjaútgáfu af exMon.

„Skýjalausnin er einfaldari þjónusta sem gagnast betur minni fyrirtækjum heldur en upphaflega lausnin. exMon Online er því aðgengilegri og hagkvæmari fyrir minni fyrirtæki á Íslandi og auðveldar okkur að fara með vöruna á erlendum markaði.“

Styrkir Ranníss séu nauðsynlegir fyrir sprotafyrirtæki sem Expectus.

„Styrkirinn gefa fyrirtækjum og einstaklingum svigrúm til að prófa góðar hugmyndir um leið og þeir gefa líka svigrúm til að mistakast, sem er nauðsynlegur partur af nýsköpun. Okkar Rannís-verkefni gekk vel og með styrknum gátum við stækkað þróunarhópin okkar. Innlendir viðskiptavinir hafa notið góðs af þeirri þróun, samhliða því að við höfum hafið erlenda markaðs-sókn og vinnum nú í tækifærum þar,“ segir Gunnar Steinn.

Expectus Software er í Vegmúla 2. Sími 444 9800. Sjá nánar á expectus.is.

Léttar íslenskar sjúkrabörur

Árið 2015 var farið af stað með þróun á sjúkrabörum sem hægt væri að brjóta saman og bera á bakinu. Hvort heldur væri farið gangandi, á hestbaki, á fjórhjóli eða snjósleða. Hugmyndin að hönnun á léttari sjúkraflutningabúnaði fyrir björgunaraðila á hálendi þróaðist með árunum.

Halla Eysteinsdóttir hjúkrunarfræðingur fékk þá hugmynd að framleiða léttar sjúkrabörur til notkunar á hálendi og víðar. Hún segir að það hafi verið kominn tími á léttari lausnir því búnaðurinn sem hefur verið í notkun er þungur. „Megin-tilgangurinn var að draga úr álagi í burði. Það er hins vegar langur vegur að fullbúinni vöru á markað og leita þarf á marga staði eftir ráðgjöf áður lagt er af stað,“ segir hún. „Frumkvöðullinn var svo heppinn að fá þróunarstyrk frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands svo hægt væri að byrja verkefnið. Eftir alls kyns kostnaðarsamar prófanir með efni, tækni og fleira tóku við útgjöld vegna skráninga, vottana og leyfa vegna vörumerkis eða hönnunar. Þar sem sjúkrabörur falla undir lækningabúnað eru gerðar meiri kröfur. Leyfi þarf frá Lyfjastofnun og varan þarf að fara í gegnum strangt vottunarferli British Standard Institution til að fá CE-vottun eftir alþjóðlegum ISO-stöðlun. Það tímabil tekur marga mánuði og kostar tæpa milljón.

Polinnmæði og seigla borgar sig. Þegar vottanir lágu fyrir var Hallas ehf. stofnað og skráð vorið 2016. Lagt var upp úr því að hafa sjúkrabörurnar með hærri kóntum en gengur og gerist til að vernda einstaklinginn gegn vindi á köldum svæðum í flutningi. Um leið og líkaminn dregur úr hreyfingu eftir slyss eða veikindi fellur líkamshiti um nokkrar gráður. Þegar vindkæling á hálendi eða bersvæði bætist við eykst hættan töluvert. Þess vegna var notast við einangrandi plötu í botni til að draga úr frekara hitatapi og pakka þeim sem liggur inn í segldúkinn. Til frekari verndar var fest vatnsheld yfirbreiðsla til fóta sem jafnframt einangrar líkamann fyrir frekara hitatapi í flutningi. Sjúkrabörurnar koma sem „einar með öllu“ og í bakpoka. Það sem gerir vöruna frábrugðna öðrum sjúkrabörum á markaði er að þær hafa 260 kg burðarþol en vega aðeins 4,9 kg,“ útskýrir Halla.

„Þegar varan er tilbúin er ekki þar með sagt að hún selji sig sjálf. Byrjað var að auglýsa með dreifipósti, í fjölmiðlum og með netpóstum. Leitað var eftir stuðningi og styrkjum víða en varan passar ekki vel í einhvern hraðal eða rafræna þróun sem gefur öðrum tækifæri á að auðgast. Þetta er svolítil barátta og á köflum mjög erfið. Svo erfið oft á tíðum að maður efast um ákvörðunina og finnur til uppgjafar þegar ekkert gengur. Grunnvinnan kostar margar milljónir. Allt var handgert hér heima en öll vinnan fer fram úr innfluttu efni. Birgðir nægja til að anna innlendum markaði en varan er enn á því stigi að vera seld á kostnaðarverði. Þrátt fyrir það er hún jafnvel ódýrari en verksmiðjuframleiddar steypar börur keyptar að utan. Þegar horft er raunhæft á stöðuna er kostnaður við innflutning á efni og útflutning á vöru til sölu frá Íslandi engan veginn að ganga upp nema með stuðningi.

Til allra lukku veitti Nýsköpunarmiðstöð Íslands styrkloforð til markaðssetningar og blés lífi í glæðurnar. Hallas ehf. bauð öllum sem að björgun standa hálendis til kynningarfundar í Reykjavík í mars. Þar á eftir var boðið upp á kynningarfundir í öðrum fjórðungum landsins í apríl. Markhópurinn er afmarkaður hópur samtaka og



Dómnefndin á Prowinter 2018 ásamt Lailu Sæunni Pétursdóttur sem annast markaðsmál Hallas og Höllu Eysteinsdóttur, eiganda Hallas (til hægri).



Halla og Laila með verðlaunin.



Verðlaunin sem Hallas fékk á Prowinter 2018.



Íslensku sjúkrabörurnar.

félaga sem standa að björgun á hálendi eða þeirra sem huga að öryggi farþega um hálendið. Það eru ferðafélög, skálaverðir, björgunarsveitarfólk, landverðir, aðilar í bráðaflutningum, Slysavarnafélagið Landsbjörg, skíðaskálar og snjósleðafélög. Við tókum ekkert fyrir að mæta því mikilvægt er að allir hafi tækifæri til að æfa sig í notkun þeirra, þar sem þær eru þegar komnar í ferðafélagsskála á hálendinu.

Markaðsherferð okkar náði til Evrópu og var okkur boðið að koma til Bolzano á Ítalíu 10. til 12. apríl sl. Við fórum með sjúkrabörurnar á Prowinter sýningu á Ítalíu meðal 10 sprotafyrirtækja víða frá Evrópu. Þar var verið er að kynna allan búnað fyrir vetraríþróttir sem og björgunarbúnað á fjöllum. Aðalmarkmið okkar var að komast í kynni við framleiðendur sem og að kynna vöruna á alþjóðlegum markaði. Sjá hvernig hún hentar á markaðnum og kom-

ast í kynni við ferðaþjónustuaðila sem og björgunarsveitir á Alpa-svæðinu. Við fengum aðeins 3 mínútur til að kynna okkur á sýningunni og fengum viðurkenninguna „First Price Start-up winner“. Tekin voru viðtöl og myndband gert út frá því: <https://www.facebook.com/FieraBolzanoMesseBozen/videos/vl.1711302265623544/1816360641753900/?type=1>

Við vorum að vonum ánægð með þessa viðurkenningu. Nú þarf ég bara að finna góðan og vandaðan framleiðanda að vörinni svo að hún geti orðið ódýrari í framleiðslu og því hægt að senda hana um allan heim. Nú þegar hafa fjölmargir sýnt Hallas sjúkrabörurnum áhuga sem þýðir að þær eiga að geta gert björgun léttari hvar sem er í heiminum,“ segir Halla en hún starfar sem hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu, með reynslu af sjúkraflutningum og björgun fyrir á árum. Fjallamenska er hennar helsta áhugamál og hún þekkir því vel til þeirrar hættu sem getur skapast ef einhver slasast á hálendinu og hvað mikilvægt er að geta einangrað og skýlt gegn vindi og draga úr vindkælingu, með sem skjótustum hætti.

Nánari upplýsingar má finna á www.hallas.is eða hafa samband við info@hallas.is



Frábær snjalltækjalausn hjá **ELDEY** fyrir heildsölur

Hugbúnaðar-fyrirtækið ELDEY hugbúnaður var stofnað árið 2011, en það býður upp á tæknilausnir fyrir spjaldtölvur og snjallsíma. Lausnir sem eru sérhannaðar fyrir sölu á vöru og þjónustu.

Við erum með sölu og pantanaskráningar fyrir heildsölur sem taka á öllum þáttum í sölu og þjónustu, ásamt því að vera með rúnta, vöruvalslista, gátlista, myndir og fleira. Margar heildsölur landsins nota ELDEY daglega,“ útskýrir



Davíð Helgason og Jón Helgason framkvæmdastjóri. MYND/ANTON BRINK

Jón Helgason framkvæmdastjóri. Fjórð starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu en þeir eru allir með mikla reynslu á sínu sviði. Lausnir ELDEY byggja á því að tengja viðskiptakerfi fyrirtækja við spjaldtölvur og snjallsíma í gegnum gagnaský. Hægt er að tengja ELDEY við öll helstu viðskiptakerfi sem eru í notkun á Íslandi.

„Við höfum haldið góðum

vexti í fjölgun viðskiptavina. Aðal fókussinn er á heildsölur,“ segir Jón og bætir við að það sé spennandi tímar fram undan hjá ELDEY.

„Við erum núna með í þróun „Vefverslun“ B2B sem heildsölur geta sent á viðskiptavinum sína, en þá fá þeir app í símann og getað pantað eða flett upp vörum sem þá vantar. Síðan er í þróun tiltektakerfi sem tekur við



Viðmótið frá ELDEY er einfalt og auðvelt í notkun fyrir viðskiptavininn.

eftir að pöntun hefur verið send inn. Þetta eru einungis nokkrir punktar yfir það sem við erum að bjóða upp á og þróa. Við höfum átt í skemmtilegu samstarfi með viðskiptavinum og vinnum náði með þeim. ELDEY hefur þróast mikið í gegnum árin. Við höfum orðið varir við mikinn áhuga erlendis og erum langt komnir með að geta boðið upp á okkar

lausnir á öðrum tungumálum,“ segir Jón.

Nánari upplýsingar um Eldey mobile er að finna á www.eldeysoft.is eða hjá Jóni Helgasyni: nonni@eldeysoft.is | s: 897-3696 | Facebook: Eldey Software.



Skima fyrir kulnun og veita fyrirtækjum og fólki ráðgjöf

Sérfræðingar Streituskólans hafa unnið að nýsköpun í greiningu og meðferð á kulnun, sem er sérsniðin að þörfum fyrirtækja og einstaklinga.

Doktor Ólafur Þór Ævarsson, sérfræðingur í geðlækningum og eigandi Streituskólans, segir að kulnun geti myndast hjá einstaklingum þegar álagspættir verða of margir samtímis og hvíld er ekki nægileg. „Við það myndast víthringur þreytu, streitu, áhugaleysis, minnisleysis og truflunar á einbeitingu, auk líkamlegrar vanlíðanar. Mikilvægt er að greina einkenni kulnunar snemma til að ná skjóttum bata og koma í veg fyrir sjúklega streitu, depurð eða kvíða,“ segir hann en kulnun er orðin ein helsta ástæða veikindafjarveru og veikindanærveru starfsfólks.

Sérfræðingar Streituskólans hafa unnið að nýsköpun í greiningu og meðferð á kulnun, sem nýtist bæði einstaklingum og fyrirtækjum.

Nýsköpunin felst í að fylgjast með gagnreyndum nýjungum í mannaúts- og heilbrigðisfræðum og þróa aðferðir til að fræða um þær og gera þekkinguna aðgengilega á skjóttan og einfaldan hátt. Um er að ræða nýjar og markvissar aðferðir við að greina kulnun en Streituskólinn er í samstarfi við Institutet för Stressmedicin í Gautaborg.

„Við skimum fyrir kulnun innan fyrirtækja, veitum forvarnafræðslu, mannaútsráðgjöf og stjórnendaráðgjöf, auk þess að útbúa forvarnaáætlun. Við fylgjum málum eftir og veitum fræðslu svo það verði meiri þekking á kulnun innan fyrirtækjanna sjálfrá. Forvarnaáætlun snýst um að fræða starfsfólk svo allir viti hvað á að gera ef það er minnsti grunur um kulnun og hvernig á að bregðast við henni. Í raun er okkar þjónusta sérsniðin fyrir hvert og eitt fyrirtæki,“ segir Ólafur.

Streituskólinn er einnig með sérfræðiráðgjöf fyrir einstaklinga. „Við greinum kulnun hjá einstaklingum, veitum þeim ráðgjöf, stuðning og meðferð við sjúklegri streitu og streitutengdum heilsufarsvandamálum,“ segir Ólafur og bendir á að miklir hags-



Ólafur Þór segir mikla hagsmuni felast í því að takast á við kulnun, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. MYND/SIGTRYGGUR ARI

munir séu í húfi, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Þegar Ólafur er spurður hvort til séu nákvæmar tölur um aukningu á kulnun hérlendis segir hann að svo sé því miður ekki. „Hins vegar

sýna erlendar rannsóknir að kulnun og sjúkleg streita virðist hafa aukist mikið í hinum vestræna heimi undanfarnin ár og er farið líta á hana sem sérstakan heilasjúkdóm. Þess vegna eru varnir gegn kulnun heilaverndandi,“ segir hann.

Heilinn styrkist og eflist við hreyfingu

Ólafur segir að ef lýsa eigi því á einfaldan hátt hvernig bregðast skuli við kulnun megi skipta því í þrjá þætti: „Í fyrsta lagi greinum við álagspunkta og streituválda. Kulnun snýst ekki aðeins um álag í vinnu heldur einnig heima fyrir. Flestir vilja samþæfa vinnu og fjölskyldulíf en það getur verið flókið mál. Það þarf því að átta sig á hvaða streituváldar eru hjá hverjum og einum og skilgreina þá. Mikilvægt er að yta í burtu því sem ekki er hægt að breyta og vinna í því sem hægt er að laga.

Þess þarf að gæta að álag sé hæfilegt á vinnustað og þar myndist ekki gróðrarstía fyrir álagspætti eins og kynferðislega áreitni eða einelti.

Í öðru lagi þarf að kanna álagsviðbrögð. Sumir keyra sig áfram og gleyma að hvílast, fara meira í ræktina, hætta að borða og vinna fram á nótt á meðan aðrir verða kvíðnir og leiðir og sumir fresta hlutunum. Það er nauðsynlegt að átta sig á hvernig hægt er að bregðast við þessum aðstæðum svo það myndist ekki víthringur.

Í þriðja lagi þarf að læra að verja sig fyrir streitu með því að draga úr álagi, leita sér aðstodar, dreifa ábyrgð og hvílast. Hver og einn þarf að passa upp á að fá nægan svefn, hvíla sig – líka á vinnutíma, og hreyfa sig en nýjar rannsóknir sýna að heilinn styrkist og eflist við hreyfingu. Hreyfing er því ekki aðeins góð fyrir líkamlegt atgervi heldur líka fyrir heilann,“ segir Ólafur.

Í þrjúfaglegu teymi Streituskólans eru auk Ólafs: Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir, M.S. í félags- og vinnusálfræði, Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, Ph.D., félagsráðgjafi, Erna Stefánsdóttir fjölskyldufræðingur og þroskaþjálfari, Guðrún Blöndal hjúkrunarfræðingur og Elin K. Guðmundsdóttir, M.S. í mannaútsstjórnun.

Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.stress.is.



Þrjúfaglegt teymi sérfræðinga vinnur hjá Streituskólanum.

Nemendur HR gríðarlega öflugir frumkvöðlar

Háskólinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á að kveikja áhuga nemenda á nýsköpun og frumkvöðlastarfi þannig að þeir skapi nýjar lausnir, ný fyrirtæki og þar með ný störf.

Nýsköpun snertir allt sem við gerum og þegar við horfum á hlutverk Háskólans í Reykjavík þá er það þríþætt,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, og tiltekur menntunarhlutverkið, sköpun nýrrar þekkingar og samstarf við samfélagið og þá sérstaklega atvinnulífið. „Það er hlutverk okkar sem háskóla að stuðla að því að samfélagið styrkist og samkeppnishæfni Íslands sömu-leiðis og það er þess vegna sem við tökum þátt í svo mörgum viðburðum og keppnum og öðrum hlutum sem hafa með nýsköpun að gera.“

Ari Kristinn segir að alveg frá því að skólinn var stofnaður hafi áhersla verið lögð á nýsköpun og frumkvöðlahugsun. „Sérstaklega er lykilatriði hjá okkur að við viljum mennta nemendur ekki eingöngu til þess að standa fremst í samkeppni um þau störf sem þegar eru til staðar heldur einnig að þau standi mjög sterkt í því að geta skapað sér eigin tækifæri og skapað nýjar lausnir og ný störf. Það eru ýmsar leiðir sem við förum til að láta þetta gerast. Eitt af flaggskipunum okkar í því er að allir okkar grunnnemendur taka námskeið sem nefnist nýsköpun og stofnun fyrirtækja og í því námskeiði vinna nemendur saman í hópum þvert á fagsvið við að gera allt sem þarf til að koma nýju fyrirtæki á fót.“

Nemendur þurfa þá að hugsa upp nýja hugmynd, lausn, vöru eða eitthvað sem fyrirtæki gæti selt og búið til verðmæti úr. Síðan þurfa nemendur að fara í gegnum það hvernig þau ætla að láta þetta gerast, tæknilega séð, viðskiptalega séð, lagalega séð og læra í leiðinni um það hvernig nýsköpun fer fram, hvernig er staðið að stofnun fyrirtækja og hvernig frumkvöðlar þurfa að vinna til að láta hugmyndir sínar rætast í raunveruleikanum. „Hver hópur er samsettur af fólki úr ólíkum fagsviðum og það er auðvitað þannig sem nýsköpun gerist í raunveruleikanum, þegar út í atvinnulífið er komið að það eru ólíkir hópar sem vinna saman og ólíkir hópar sem þurfa að koma að svona verkefnum til þess að vel takist til,“ segir Ari Kristinn.

Hann segir að námskeiðið hafi gefist afskaplega vel og að á hverju einasta ári séu þó nokkrar hugmyndir sem hafa orðið að raunverulegum fyrirtækjum og vörum. „Til að hvetja nemendur til að vera með frambærilegar hugmyndir höfum við valið bestu hugmyndirnar og verðlaunað þær og nýlega höfum við farið þá leið að bestu hugmyndirnar eru sendar í alþjóðlega samkeppni sem haldin er í Kaupmannahöfn og nefnist University Startup World Cup. Við förum með lið í fyrri og svo er lið að undirbúa sig fyrir keppnina í haust. Allt miðar þetta að því að kveikja í nemendum og fá þá til að hugsa um nýsköpun og frumkvöðlahugsun í sínu námi þannig að þau séu tilbúin þegar þau koma út í atvinnulífið til að skapa nýjar lausnir, ný störf og ný fyrirtæki.“

Ari Kristinn segir að nem-



Loftmynd af Háskólanum í Reykjavík og fallegu umhverfi skólans.



Háskólinn í Reykjavík er glásileg bygging og þar fer vel um nemendur.

endur HR séu gríðarlega öflugir frumkvöðlar og vinni heilmikið í nýsköpun, bæði í kringum þau námskeið sem haldin eru og á eigin vegum. „Þannig að það eru stöðugt að verða til ný fyrirtæki innan HR og sérstaklega meðal nemenda. Vegna þess erum við fljótlega að opna aðstöðu þar sem þessi fyrirtæki geta verið á meðan þau eru að komast á legg, í húsnæði sem við köllum Braggann eða Frumkvöðlasetrið, sem er hinum megin við götuna frá skólanum. Þar verður afskaplega þægilegt aðgengi og stuðningur við fyrirtækin.“

Taka þátt í ýmsum viðburðum og keppnum

Eins og áður segir tekur Háskólinn í Reykjavík þátt í ýmsum viðburðum og keppnum sem hafa með nýsköpun að gera. Má þar nefna Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, Imagine Cup –

hugmyndasamkeppni Microsoft, Game Creator – keppni í gerð tölvuleikja og Startup Iceland. Skólinn er jafnframt virkur félagi í Icelandic Startups, nýsköpunarmiðstöð sem aðstoðar og virkjar frumkvæði og frumkvöðlastarfermi ungs fólks á Íslandi. Miðstöðin veitir aðstoð við að koma viðskiptahugmyndum í framkvæmd með viðburðum, ráðgjöf og annarri aðstoð. Nemendur Háskólans í Reykjavík fá endurgjaldslausa ráðgjöf frá sérfræðingum fyrirtækisins í fimm ár eftir útskrift. Nemendur sem vinna að framúrskarandi viðskiptaáætlunum geta þar að auki sótt um skrifstofurými og fengið aðgang að starfsmönnum án endurgjalds.

Nánar má lesa um nýsköpun og frumkvöðlastarfi í Háskólanum í Reykjavík á vefslóðinni ru.is/atvinnulif/nyskopun/



Opnar og bjartar skólastofur.



Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík.

Mýtur um nýsköpun

Nýsköpun getur haft mikil og jákvæð áhrif á fyrirtæki og bæði bætt samkeppnisaðstöðu og aukið verðmæti þeirra. En margir skilja ekki alveg hvað nýsköpun er og nokkrar mýtur eru algengar.

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Nýsköpun er eitthvað sem flest fyrirtæki sækjast eftir, því það er almennt erfitt fyrir fyrirtæki að halda áfram að vaxa án hennar. En til að hægt sé að stunda nýsköpun þarf að skilja hvað hún er og hvernig er hægt að koma henni í gang. Nýsköpun snýst einfaldlega um að skapa eitthvað nýtt, en hér eru fjórar algengar mýtur um nýsköpun.

Nýsköpun snýst um nýjar vörur

Nýsköpun þarf ekki að snúast um að skapa nýja vöru, hún getur líka snúist um að bjóða eitthvað gamalt á nýjan hátt.

Minni fyrirtæki finna líka oft upp á einhverju sem þau ná ekki að nýta til hins ýtrasta vegna smæðar. Þá geta stærri fyrirtæki komið inn og hjálpað til við að fullnýta möguleikana. Þannig að nýsköpun getur einfaldlega falist í breytingum á umgjörð í kringum vöru.

Nýsköpun snýst um stór stökk

Nýsköpun getur líka falist í



Nýsköpun þarf ekki að snúast um nýjar vörur, stór stökk, byltingarkennda tækni eða klára einstaklinga. NORDICPHOTOS/GETTY

umbótum á vöru eða þjónustu sem er þegar til staðar. Nýsköpun getur snúist um að gera hluti nýtsamlegri, ódýrari eða aðgengilegri.

Nýsköpun þarf að valda miklum breytingum

Nýjungar valda stundum stórvægilegum breytingum, en þær þurfa þess ekki. Gagnlegar nýjungar koma oft frá því að nálgast vandamál eða tækni á nýstárlegan hátt, nýta aðferðir eða tækni úr öðrum geirum eða bæta upplifun notenda á þjónustu sem er þegar til staðar.

Nýsköpun kemur frá klárum uppfinningamönnum

Nýsköpun getur komið úr ýmsum áttum og ýmsum stigum innan fyrirtækja. Hjá fyrirtækinu LinkedIn getur hvaða starfsmaður sem er komið með hugmynd, sett saman hóp til að þróa hana og kynnt hana fyrir framkvæmdastjórn. Ef hún er samþykkt fær hópurinn allt að þrjá mánuði til að láta hana verða að veruleika.

Nýjungar geta komið frá hverjum sem er, hvenær sem er. Sérstaklega þegar fólk frá mismunandi stigum og deildum innan fyrirtækja kemur saman og deilir ólíkum sjónarhornum og hugmyndum hvað með öðru.

Nýsköpun í atvinnulífi mun leysa framtíðaráskoranir

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins, segir nýsköpun lykilinn að verðmætasköpun. Búa þarf fyrirtækjum hvetjandi umhverfi til rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Við erum að mörgu leyti á göðum stað efnahagslega í dag en til þess að viðhalda þeim lífskjörum sem við búum við og bæta þau enn frekar til framtíðar er nýsköpun nauðsynleg. Nýsköpun er lykillinn að aukinni verðmætasköpun og hún mun eiga sér stað í atvinnulífinu og að stórum hluta í iðnaði og innan rótgróinna fyrirtækja. Þegar við tölum til dæmis um nýsköpun í sjávarútvegi þá eru það iðntæknifyrirtæki að þróa nýjar lausnir til að vinna fiskinn betur og búa til meiri verðmæti," segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins.

Sigríður segir að stjórnvöld þurfi að marka skýra stefnu og áherslur í nýsköpunarmálum. Hvetja þurfi til rannsókna, þróunar og nýsköpunar á öllum sviðum og búa fyrirtækjum ákjósanlegt umhverfi til vaxtar. Sigríður segir Ísland ekki samkeppnishæft þegar kemur að skattalegum hvötum til nýsköpunar og að allt of mörg fyrirtæki með nýjar hugmyndir hverfi úr landi þegar þau hafi náð ákveðnum þroska.

„Framlög til rannsókna og þróunar koma að stærstu leyti úr einkageiranum, eða um 50-60%, og nema nú um 2% af landsframleiðslu. Til að markmið stjórnvalda um að framlög til rannsókna og þróunar verði 3% af VLF árið 2024 þarf skýra hvata. Önnur ríki bjóða slíka hvata í formi endurgreiðslu kostnaðar. Þar með eru tvíþætt rök fyrir slíkum hvötum, annars vegar alþjóðleg samkeppni um



Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI. MYND: ÞÓRSTEINN SIG

hugvit og hagnýtingu þess og hins vegar markmið stjórnvalda um að auka rannsóknir og þróunarstarf á Íslandi.

Því miður, þrátt fyrir mikla grósku og stofnun fyrirtækja, þá erum við ekki samkeppnishæf þegar kemur að skattalegum hvötum og rekstrarumhverfi fyrirtækja, ef við berum okkur saman við löndin í kringum okkur. Við eigum að geta sameinast í því markmiði að stuðla að umgjörð sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum. Ísland á að vera ákjósanlegt fyrir fólk með góðar hugmyndir

sem vill stofna fyrirtæki og fyrirtæki þurfa að geta vaxið hér á landi. Við erum lítil þjóð og einmitt þess vegna þurfum við ennþá sterkari hvata til þess að laða til að mynda erlenda sérfræðinga hingað til lands í hátæknistörf. Ef við ætlum okkur að keppa um fyrirtæki og verðmæt störf þurfum við að búa til heildstætt plan eða atvinnustefnu og horfa þarf til annarra landa eftir fyrirmyndum. Bretar hafa til dæmis sett sér atvinnustefnu þar sem mismunandi stefnur koma saman og mynda heild. Stefna í nýsköpun er þar mikilvægur hlekkur."

Nýsköpunarstefna árið 2019

Árið 2016 voru gerðar breytingar á nýsköpunarlögum á Íslandi. Sigríður segir breytingarnar hafa verið framfaraskref en gera þurfi enn betur og gefa í. Vonir séu bundnar við nýja nýsköpunarstefnu stjórnvalda sem eigi að lita dagsins ljós vorið 2019.

„Það stendur til að nýsköpunarstefna fyrir Ísland verði tilbúin í maí 2019. Það skiptir miklu máli að stjórnvöld leggi við hlustir og að við náum saman um það sem þarf að gera. Ný áætlun þarf að ná út fyrir flokka-

drætti og pólitík og lengra en eitt kjörtímabil. Í dag er stöðugleiki í stjórn málum og nú er tækifærið til þess að móta framtíðarsýn í nýsköpun," segir Sigríður.

„Komið hefur fram að afnema eigi þök á skattaendurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar en enn er óljóst hvenær það verður gert. Við viljum ítreka við stjórnvöld að það þurfi að gerast sem fyrst. Skattaendurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar þarf að hugsa fyrst og fremst sem fjárfestingu til framtíðar sem skilar sér margfalt til baka en ekki sem útgjöld hins opinbera.“

Sigríður segir mikilvægt að stefna stjórnvalda í nýsköpun snúist um umgjörð og hvata til nýsköpunar en ekki um stofnanir og hvernig eigi að útdeila fjármunum. „Í stefnunni þarf rauði þráðurinn að snúa að því hvernig efla megi skattalega hvata, stuðla að ákjósanlegu fjármögnun- umhverfi frá upphafsstigum til vaxtar fyrirtækja og efla rannsóknir og þróun með auknu samstarfi háskóla og atvinnulífs. Endurskoða ætti styrkja- kerfið í heild sinni og skilgreina markmið út frá því hvernig við viljum sjá Ísland eftir 10-20 ár.“ Að lokum segir Sigríður að nýsköpun muni leysa helstu framtíðaráskoranir, til dæmis í heilbrigðis- og umhverfismálum. Til þess að svo megi verða þurfi að búa fyrirtækjum rétt skilyrði og hvata.



Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, segir að verndun hugvits og hugverka verði sífellt mikilvægari. MYND/PÓRSTEINN SIG

Tækifæri í verndun hugverka

Nýsköpunarfyrirtæki byggja rekstur sinn á hugviti og hugverkum. Einkaleyfastofan getur hjálpað þeim að vernda þessi hugverk, svo fyrirtækin tapi hvorki verðmætum né samkeppnisforskoti.

Hugverk eru oft grunnstoðir nýsköpunarfyrirtækja og því eru hugverkaréttindi mikilvæg tól sem geta hjálpað fyrirtækjunum að vaxa og dafna. Fyrirtæki um allan heim átta sig sífellt betur á þessu og sjá æ betur þau gríðarlegu tækifæri sem eru fölgin í verndun hugverka. Hér á landi fer Einkaleyfastofan með málefni hugverkaréttinda og gegnir því mikilvægu hlutverki í að aðstoða fyrirtæki við að tryggja rekstrargrundvöll sinn.

Hugverkaréttindi vernda forskotið

„Á síðustu árum höfum við séð áhugaverða þróun hér á landi hjá nýsköpunarfyrirtækjum sem sjá í auknum mæli tækifærin í hugverkum og hugverkavernd,“ segir Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar. „Bæði sjáum við fjölgun í skráningu hugverka en einnig fleiri dæmi um frumkvöðlafyrirtæki sem eru byggð á hugverkum. Hér á landi eru frábær dæmi um slíkt, eins og Lauf forks, IceMedico, Nox og Kerecis. Þetta eru fyrirtæki sem hafa byggst upp nær eingöngu á hugviti og hafa náð árangri með því að vernda sín verðmætu hugverk.“

Hugverk og hugverkavernd eru lykilhlekki í nýsköpunarkeðjunni og allt frá hugmynd að vöru á

” Hugverk og hugverkavernd eru lykilhlekki í nýsköpunarkeðjunni og allt frá hugmynd að vöru á markaði skiptir stjórnun hugverka höfuðmáli.

markaði skiptir stjórnun hugverka höfuðmáli,“ segir Borghildur. „Hugverkaréttindi snúast um að vernda eða þaðan af verra,“ segir Borghildur. „Það er mikilvægt að fyrirtæki séu með það á hreinu hvert samkeppnisforskot þeirra er og

Verndun hugverka skilar betri árangri

„Hugverkaréttindi eru ekki eitthvað sem er hægt að líta framhjá eða huga að seinna. Það er oft ávisun á vandræði, meiri kostnað eða þaðan af verra,“ segir Borghildur. „Það er mikilvægt að fyrirtæki séu með það á hreinu hvert samkeppnisforskot þeirra er og

nýti hugverkaréttindi á réttan hátt til að vernda það.“

Rannsóknir sýna að fyrirtæki sem vernda hugverkin sín séu líklegri til að ná árangri. Þau vaxa meira og hraðar og skila meiri arðsemi. Þau eru líka líklegri til að þróa og gegnum „Dauðadalinn“ sem frumkvöðlafyrirtæki þurfa að komast í gegnum snemma í rekstri sínum,“ segir Borghildur. „Rannsókn sem skoðaði árangursrík sprotafyrirtæki í Bandaríkjunum komst að þeirri niðurstöðu að þau áttu það helst sameiginlegt að vernda hugverkin sín. Þetta er ekki tilviljun og fjárfestar vita þetta.“

Góð vörn og nýting tækifæra

„Nýsköpun snýst um að skapa samkeppnisforskot á markaði en verðmæti nýsköpunarfyrirtækja eru alltaf byggð á hugviti, hugverkum og ímynd,“ segir Borghildur. „Þessi afrakstur nýsköpunar er í eðli sínu óáþreifanlegur og þar af leiðandi eru helstu verðmæti nýsköpunarfyrirtækja í dag óáþreifanleg.“

Nýsköpunarfyrirtæki geta notað hugverkaréttindi til að minnka áhættu og hámarka tækifæri. Hugverkaréttindi snúast ekki bara um vörn gegn því að aðrir nýti sér hugverk fyrirtækisins, heldur felast líka gríðarleg tækifæri til sóknar í því að nota hugverkaréttindi til að laða að fjárfesta, koma sér fyrir

á nýjum markaði, auka tekjur eða hefja samstarf,“ segir Borghildur. „Rétt eins og íslenska landsliðið þá getur lítið fyrirtæki komist langt með því að vera með sterka vörn í vernd hugverka og hámarka tækifærin þegar þau gefast. Það er oft eina leiðin til að ná árangri á mótum stóru liðunum.“

Nýtt hagkerfi að taka við

„Við erum að sjá miklar breytingar í iðnaði og viðskiptum. Þetta er að miklu leyti afleiðing upplýsinga- og tæknibyltingar síðustu áratuga, þekkingarsamfélagsins og fjórðu iðnbyltingarinnar. Við erum að færa okkur úr iðnaðarhagkerfi í þekkingar- og hugverkahagkerfi,“ segir Borghildur. „Því eru verðmæti fyrirtækja í dag óáþreifanleg. Þessi iðnaður er grunnur að sjálfbærum hagvexti og skapar ekki bara störf, heldur hálaunastörf.“

Í dag er nýsköpun og hugvit verðmætasta auðlindin sem við eignum og hlutverk okkar á Einkaleyfastofunni er að hjálpa fyrirtækjum að standa vörð um þessi verðmæti og hámarka þau,“ segir Borghildur.

Mörg töl til staðar

„Fyrirtæki verða að vera með sín mál á hreinu og mega ekki láta tilviljun eða heppni ráða því hvort þau ná árangri,“ segir Borghildur.

” Hugverkaréttindi snúast ekki bara um vörn gegn því að aðrir nýti sér hugverk fyrirtækisins, heldur felast líka gríðarleg tækifæri til sóknar í því að nota hugverkaréttindi.

„Þau hafa mörg töl sem hægt er að grípa til. Einkaleyfi, vörumerki, skráð hönnun, höfundarréttur og viðskiptaleyndarmál geta öll nýst til að vernda helstu verðmæti fyrirtækisins.“

Stundum getur þetta virst flókið, en við hjá Einkaleyfastofunni reynum eftir fremsta megni að koma fyrirtækjum til aðstoðar, greiða úr flækjunni og beina þeim á rétta braut,“ segir Borghildur. „Oft geta einfaldar aðgerðir sem kosta lítið eða ekkert skipt sköpum seinna meir. Símtal, heimsókn eða jafnvel bara heimsókn á heimasíðu okkar getur gert gæfumuninn.“

Frá eldhúsbörðu til Evrópu

eTactica hefur þróað einstakar og öflugar vörur sem gera fyrirtækjum kleift að skilja og bæta orkunotkun sína. Búnaðurinn getur sparað fyrirtækjum allt að 40% raforku og afstýrt skemmdum.

Þetta byrjaði allt árið 2009,“ segir Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri eTactica ehf., spurður út í vöxt fyrirtækisins á undanförunum árum. Hann segir að þá hafi Hilmar Ingi Jónsson rafvirki setið við eldhúsbörðið heima hjá sér og hugsað með sér að gott væri að geta greint orkunotkun betur en áður hafði verið gert. Hann hafi viljað mæla orkuna og skrá rafmagnsnotkun fyrir hverja grein í rauntíma. Í kjölfarið þróaði hann vélbúnað sem aflaði upplýsinga um orkunotkun. „Og okkar verkefni fyrst og fremst í þessi níu ár hefur verið að þróa og framleiða vélbúnað sem mælir þessa notkun og hugbúnað sem tekur á móti mælingunum og vinnur úr þeim.“

Vörur eTactica gera viðskiptavinum kleift að sundurliða rafmagnsnotkun og greina hana. Kristján segir að það séu helst þrjár ástæður fyrir því að stór fyrirtæki í Evrópu sjái sér hag í að kaupa vörur af eTactica. „Fyrsta ástæðan er orkusparnaður. Til þess að sjá hvers vegna viðskiptavinur okkar er að nota meiri orku en samkeppnisaðilinn þarf að sundurliða notkunina og greina hana. Með þessum búnaði geta fyrirtækin sparað allt að 40% raforku sem þýðir hjá stjórum alþjóðlegum fyrirtækjum sparnað upp á tugi ef ekki hundruð þúsunda evra á ársgrundvelli.“

Önnur ástæða segir Kristján að sé rekstraröryggi. „Ef búnaðurinn má ekki fara niður, til dæmis ef standa tíu starfsmenn sitt hvorum megin við framleiðslulínu þá eru þeir aðgerðalausir ef búnaðurinn bilar. Það að geta fylgst með því að búnaðurinn vinni eðlilega kemur í veg fyrir skemmdir sem verða vegna of mikils álags. Með vörum okkar er nefnilega hægt að læra að þekkja hegðun rafmagnsnotkunarinnar, hvernig hún er í eðlilegum fasa og svo þau frávik sem verða í kerfinu. Þá er hægt að gripa inn í áður en skaðinn er skeður. Það má segja að þetta sé forvarnaviðhald því gripid er inn í þegar þess þarf, hvorki fyrr né of seint.“

Þriðji þátturinn er umhverfisþátturinn en Kristján segir að hann verði sífellt mikilvægari, ekki sist utan landsteinanna. „Fyrir fyrirtæki í Evrópu sérstaklega þá þurfa þau að sýna fram á hver orkunotkunin er og hvaða aðgerða gripid hefur verið til þannig að hægt sé að minnka hana.“ Búnaður eTactica bætist við núverandi rafmagnsöryggi og því er litill tilkostnaður fyrir fyrirtækin að notast við hann.

Kristján segir að eTactica selji um 80% af vörum sínum úr landi og enn séu gríðarleg sóknarfæri.

Nánar má lesa um eTactica á heimasíðu fyrirtækisins, etactica.is.



Kristján Guðmundsson, framkvæmdastjóri eTactica ehf.

Nýsköpun skapar atvinnutækifæri

Nýsköpun er ein af mikilvægustu forsendum hagvaxtar. Hún skapar tækifæri til atvinnusköpunar, opnar möguleika á að umbreyta þekkingu í verðmæti og afla tekna á erlendum mörkuðum. Fjöldi fyrirtækja nær góðum árangri og aflar tekna sinna að mestum leyti erlendis, jafnvel 99% þeirra.

Nokkrar rannsóknir, meðal annars hin margumtalaða McKinsey-skýrsla sem gefin var út 2011, gefa til kynna að án nýsköpunar er ólíklegt að Ísland geti náð viðunandi hagvexti og skapað þau atvinnutækifæri sem þörf er á, sérstaklega störf sem byggja á æðri menntun og tækniþekkingu, að því er Gunnar Óskarsson, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og kennari í alþjóðamarkaðssetningu, alþjóðaviðskiptum, stjórnun nýsköpunar og markaðssetningu á netinu, greinir frá.

„Meðal dæma sem allflestir þekkja eru Marel, Össur og Actavis, fyrirtæki sem eru í fararbroddi á sínu sviði á heimsmælikvarða og sækja nánast allar sínar tekjur á erlenda markaði. Nýsköpun verður hins vegar ekki til af sjálfu sér. Í fyrsta lagi þarf góða hugmynd, síðan þarf að þróa vörur eða þjónustu til markaðshæfðar afurðar, en slíkt þróunarstarf krefst mikillar þrautseigju og fjármagns,“ segir hann.

„Aðgangur að fjármagni til nýsköpunar á Íslandi er hins vegar afar takmarkaður. Á síðastliðnum árum hefur Tækniþróunarsjóður gegnt mikilvægu hlutverki í þessu skyni, en sjóðurinn hefur veitt styrki til margra verkefna sem hafa náð eða eru u.þ.b. að ná athyglisverðum árangri. Í nýlegri skýrslu um mat á áhrifum Tækniþróunarsjóðs kemur fram að styrkir sjóðsins hafi gjarna verið forsendan fyrir því að góð nýsköpunarverk-



Gunnar Óskarsson, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

efni nái fram að ganga. Áhrifamatið sýnir að styrkir sjóðsins voru forsenda þess að farið var af stað með nýsköpunarfyrirtæki, sem sum hver standa framarlega á sviði viðskipta, vöruþróunar og rannsókna í íslensku atvinnulífi í dag. Styrkirinn stuðla að áþreifanlegum auði í formi aukinnar þekkingar, sjálfbærni í nýsköpun, fjölgunar starfa til skemmrri og

lengri tíma, aukins útflutnings, eflingar tengslanets, bæði innanlands og erlendis auk þess sem aðgengi að fjármagni annars staðar frá, bæði innlendu og erlendu, eykst. Þessir þættir stuðla að bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og rannsóknarstofnana.

Styrkir Tækniþróunarsjóðs til nýsköpunar skiluðu efnahagslegum ávinningi í formi sölu

afurða og hagnaðar; velta jókst hjá 75% af styrkþegum og hagnaður hjá 47% þeirra. Hjá 67% styrkþega skiluðu verkefni auknu aðgengi að nýjum mörkuðum og aukinni markaðshlutdeild erlendis. Auk þeirra áhrifa sem tilgreind eru hér að ofan kemur fram í áhrifamatinu að styrkir sjóðsins hafa keðjuverkandi áhrif á útbreiðslu færni og þekkingar. Þannig má nefna

að einstakir eiginleikar hjólagaffla sem Lauf Forks hafa þróað eiga rætur að rekja til þekkingar sem upprunnin er í stöðtækja-fyrirtækinu Össuri. Þá má nefna þróunarstarf á vegum Bláa lónsins varðandi einangrun smáþörungna úr náttúru Reykjaness sem leiddi til framleiðslu á húð- og heilsuvörum sem búa yfir nýstárlegum eiginleikum. Loks má nefna Oculis, fyrirtæki sem hefur þróað einstaka augndropa sem geta haft töluverð áhrif á lifsgæði; þeir geta m.a. komið í stað krefjandi lækni meðferðar og tilheyrandi eftir meðhöndlunar algengra sjúkdóma, eins og gláku, en verkefnið er byggt á rannsóknunum sem hófust í Háskóla Íslands.

Nýlega lögðu erlendir fjárfestar, sem búa yfir öflugu tengslaneti og gríðarlega mikilli þekkingu í markaðssetningu afurða í læknavísindum, tvo milljarða króna í fyrirtækið. Aðgangur að slíku fjármagni krefst gríðarlegrar vinnu, en einungis um eitt af hverjum 100 verkefnum sem koma til greina hjá slíkum fjárfestum verða fyrir valinu. Áhugi fjárfestanna byggir á því að þeir telja mögulegt að verðmæti fyrirtækisins muni tífaldast á næstu tveimur árum, en samkvæmt frétt sem birtist nýlega í Fréttablaðinu er fyrirtækið nú þegar metið á fimm milljarða króna. Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum áfram að styðja við nýsköpun og er framlag Fréttablaðsins með þessu sértilti áhugaverður áfangi á þeirri vegferð,“ segir Gunnar.



HAp+ molarnir fást í sex bragðtegundum, jarðarberja og rabbarbara, mintu og tröllaré, kóla, sítrónu, engifer og lime og lakkrís, allir kalkbættir, tannvænir og með náttúrulegum bragðefnum.



Dr. Þorbjörg Jensdóttir hefur í átján ár unnið að því að koma HAp+ molunum á markað og nú eru þeir loksins aðgengilegir neytendum. MYND/ANTON BRINK

Moli eftir máltíð – má það?

Dr. Þorbjörg Jensdóttir stofnandi og framkvæmdastjóri IceMedico kynnti á dögnum HAp+ molann sem er árangur þrotlausra rannsókna og viðskiptaþróunar í átján ár. HAp+ molarnir voru upphaflega ætlaðir til að vinna á munnþurrki en hafa sýnt fram á ýmsa aðra heilsubætandi eiginleika.

Þorbjörg Jensdóttir lagði stund á doktorsnám í Danmörku þar sem hún rannsakaði glerungseyðingu tanna. Þær rannsóknir leiddu af sér molana HAp+ sem eru kalkbættir og byggja á klínískum rannsóknum. Tannlæknafélag Íslands mælir með HAp+ til að viðhalda heilbrigði tanna með öflugri munnvatnsframleiðslu. HAp+ er íslenskt hugvit og einkaleyfisvarið á heimsvísu.

Átján ára þróun á HAp+

„HAp+ var upphaflega þróað sem lausn við vandamáli,“ segir Þorbjörg Jensdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi IceMedico sem framleiðir HAp+ vörulínuna. „Vandamálið var munnþurrkur sem 10-30% fólks á við að etja og lausnin varð HAp+, ferskur moli sem örvar munnvatnið tuttugfalt án þess að valda glerungseyðingu á tönnum. Þannig var HAp+ kynnt fyrst til leiks, en nú hefur HAp+ rutt sér til rúms sem lífsstílsvara,“ segir Þorbjörg, „enda bragðgóður, sykurlaus, kalkbættur, hitaainngalíttill moli, sem viðheldur heilbrigði tanna.“

HAp+ á sér langa sögu, en rannsókn- og viðskiptaþróunin nær yfir 18 ára tímabil. Þorbjörg segir HAp+ hafa vaxið með sér í gegnum árin en vera nú loks komið þangað sem stefnt var að og skirskotar meðal annars í útlit umbúða og hönnun á vörumerkinu. „IceMedico er í vexti hérna heima og næsta skref er að byggja upp erlenda markaði með markvissum hætti.“

Þorbjörg bendir á að nýsköpun taki tíma. „Það tekur bæði tíma að þróa nýja vöru en einnig að byggja upp traust meðal neytenda sem er nauðsynlegt fyrir allar nýjar vörur, ekki síst vörur með virkni. Næsta verkefni er því að stækka markaðinn okkar en meðal annars erum við að vinna að því að bæta við



sölustöðum hérna heima og þannig bæta aðgengi að HAp+ sem við vitum að margir af okkar viðskiptavinum hafa verið að biða eftir.“

HAp+ í bílinn

Eins og áður kom fram þá var HAp+ upphaflega þróað fyrir einstaklinga með munnþurrk en HAp+ hefur

hins vegar einnig sýnt jákvæða viðbótavirkni gegn bílveiki, sjóveiki, flugveiki, einstaka morgunögleði og ögleði af völdum lyfjameðferðar.

Moli eftir máltíð – borða, drekka, sjúga HAp+

Mælt er með HAp+ mola eftir máltíð og drykk og í dagsins önn,

en Þorbjörg leggur áherslu á að burstu tennur alltaf morgna og kvölds og nota tannþráð reglulega. HAp+ gegnir svipuðu hlutverki og sykurlaust tyggjó, en það er klínískt prófað að HAp+ er þrisvar sinnum virkari en að tyggja tyggjó. Bæði HAp+ og sykurlaust tyggjó aðstoða okkur við að framleiða munnvatn,

Engifer- og limemolarnir eru í mestu upphaldi hjá Þorbjörgu sjálfri þessa dagana en bragðtegundirnar sex gera það að verkum að allir ættu að geta fundið sinn upphaldsmola.

Lakkrismolinn er líklegur til að verða vinsæll en HAp+ molarnir hafa sýnt virkni umfram væntingar, til dæmis til að draga úr ferðaveiki og morgunögleði.

en munnvatnið er ónæmiskerfi munnholsins og sér meðal annars um að fjarlægja matarleifar og baktariur úr munni og viðhalda þannig heilbrigði tanna og munnhols og ferskum andardrætti. „HAp+ framleiðir einfaldlega þrisvar sinnum meira munnvatn,“ segir Þorbjörg og bætir við: „Einnig hafa tannlæknar sýnt fram á sjúklingatífelli þar sem regluleg notkun HAp+ dregur úr tíðni tannholdsbólgnu og myndun tannsteins og hefur hvíttunarvirki á tennur, þó sérstaklega hjá einstaklingum sem eru með dökka bletti eftir reykingar og mikla kaffidrykkju.“

Kólamolinn kemur á óvart

HAp+ vörulínan var kynnt nú á dögnum með sex fjölbreyttum bragðtegundum, sítrónubragði, jarðarberja- og rabbarbarabragði, engifer- og limebragði, mintu- og tröllatrésbragði, kólabragði og sjötti molinn er með lakkrisbragði, allt með náttúrulegum bragðefnum. Allar tegundir HAp+ eru með sömu virkni og viðhalda heilbrigði tanna og munnhols. „Kólamolinn kemur virkilega á óvart, en hann ásamt lakkrís, engifer- og lime-molunum er í mestu upphaldi hjá mér þessa dagana,“ segir Þorbjörg þegar hún er spurð út í hvaða HAp+ molar séu á milli sætanna í bílnum hjá henni. En svo bætir hún við: „Við hjónin eigum þrjú börn og ef allir eiga að vera sáttir þá erum við með að minnsta kosti fimm bragðtegundir í gangi. Blái mintu- og tröllatrésmolinn er svo alltaf til heima ef einhver kynni að finna til sárinna í hálsi,“ segir Þorbjörg að lokum.

Hægt er að fá nánari upplýsingar um HAp+ molana og virkni þeirra á www.happlus.is, Happlus á Facebook og á instagram hapsmartcandy.



Magnús og Gyða Dögg Jónsdóttir, fjármálastjóri fyrirtækisins. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Fyrirtækin færa sig inn í ský

Hugbúnaðarfyrirtækið Men & Mice var stofnað fyrir 28 árum og sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir DNS-, DHCP- og IP-innviði (DDI) alþjóðlegra stórfyrirtækja.

Tiltölulega stutt er síðan hið gamalgróna hugbúnaðarfyrirtæki Menn og mús fékk nýtt nafn og var það tilkomið vegna þess að 99% viðskiptavina fyrirtækisins eru utan Íslands, aðallega í Bandaríkjunum og Evrópu. Men & Mice hefur vaxið hratt á undanförunum árum og er um 20% vöxtur á milli ára. Fyrir tveimur árum tók Magnús Eðvald Björnsson við stjórnar- taumunum en hann var áður hjá Oracle í Bandaríkjunum. „Frá þeim tíma tók Men & Mice upp gíraðri stefnu þegar kom að vöruþróun. Við sáum að viðskiptavinir fyrir-

tækisins voru flestir hverjir að færa sig inn í ský og að oftar en ekki var notast við margar skýjaþjónustur innan hvers fyrirtækis. Þegar svo er getur komið fyrir að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri er að gera,“ segir Magnús.

Magnús segir ekkert slæmt við það að fyrirtæki notist við margar skýjaþjónustur, það geti til dæmis verið afar eðlilegt enda eðli deilda innan fyrirtækjanna mismunandi og þá virka sumar skýjalausnir betur en aðrar. „Okkar sýn er sú að raunveruleiki fyrirtækja er að þau verða hybrid og multi-cloud, þ.e. þau munu geyma eitthvað af

„Auk alþjóðlegra stórfyrirtækja eru flest stærstu fyrirtæki landsins í viðskiptum við Men & Mice.“

gögnum staðbundið og önnur í skýi (hybrid) og þau munu notast við fleira en eina skýjaþjónustu (multi-cloud). Það er eðlilegt og fyrirtæki vilja hafa þennan sveigjanleika. Okkar veraldarsýn

er að þróa lausn sem er sniðin til að veita yfirsýn í þessu dreifða umhverfi.“

Öll þróun Men & Mice fer fram á Íslandi og segir Magnús að það sé afar jákvætt að vera með fyrirtæki af þessari stærðargráðu hér á landi. Nýsköpunarumhverfið sé sterkt og styrkjaumhverfið aðstoði fyrirtæki við að takast á við nýsköpunina. Styrkir hafi einmitt skipt verulegu máli í rekstri Men & Mice í gegnum árin.

Men & Mice sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir DNS-, DHCP- og IP-innviði (DDI) alþjóðlegra stórfyrirtækja. Við-


skiptavinirnir eru m.a. Microsoft, Intel, Hospital Corporation of America, IMF, Nestlé, Harvard Business School, PPG Industries, InterContinental Hotels Group og Kimberly-Clark Corporation.

Auk alþjóðlegra stórfyrirtækja eru flest stærstu fyrirtæki landsins í viðskiptum við Men & Mice. Þá má nefna að fyrirtækið gaf Landspítalanum hugbúnað að andvirði nokkurra milljóna nýverið.

Lesið má meira um Men & Mice á vefsvæði fyrirtækisins, menandmice.com.

Brú íslenskra fyrirtækja í nýsköpun yfir á alþjóðlega markaði

evris.is





Tækniskólinn stígur skref til framtíðar með því að bjóða upp á vel búin vinnurými þar sem nemendur geta þróað hugmyndir sínar og útfært þær alla leið að frumgerð. MYNDIR/TÆKNISKÓLINN

Ný sýn með Framtíðarstofu

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins mun opna nýja Framtíðarstofu Tækniskólans haustið 2018. Framtíðarstofan verður búin tækjum og búnaði til tilrauna og nýsköpunar.

Framtíðarstofa Tækniskólans mun opna nýja sýn á þá möguleika sem felast í iðn- og verknaði, með því að veita nemendum og almenningsi aðgang að vel búnu vinnurými með aðgengilegum tækjum og tæknibúnaði samhliða leiðsögn,“ útskýrir Jónatan Arnar Örlygsson, stafrænn leiðtogi Tækniskólans, en í haust verður opnað nýtt og glæsilegt kennslu- og tilraunarymi í skólanum.

Rýmið hefur fengið heitið Framtíðarstofa og er ætlað að undirbúa og kynna þær breytingar sem fram undan eru samfara fjórðu iðnbyltingunni að sögn Jónatans.

Stofan er um 300 fermetrar og er skipt upp í svæði þar sem mismunandi vinna getur farið fram: Skapandi rými, Verkstæðið, Mótun, Þjarkur, Tækni og Hljóð og mynd.

Stefnt er að því að stofan verði aðgengileg fleirum en nemendum Tækniskólans með tímanum. Þannig getur hún opnað augu væntanlegra framtíðarnemenda fyrir iðn-, tækni- og verknaði.

„Vinnuumhverfið sem er hugsað fyrir Framtíðarstofuna hvetur til framsækni og nýsköpunar, sem leiðir til þess að yngri kynslóðir og núverandi nemendur geta áttað sig betur á öllum þeim tækifærum sem felast í hugviti og nútíma tækni,“ segir Jónatan.

„Með stofunni og tækjabúnaði hennar er sýnt fram á að möguleikar í iðn- og verknaði eru nánast ótakmarkaðir. Aðstaðan og búnaður á að styðja við sköpunarkraft ungs fólks sem yfir undir frekari rannsóknir og nýsköpun. Við viljum hvetja fleiri til að kynna



Jónatan A. Örlygsson.



Vinnuumhverfið í Framtíðarstofunni hvetur til framsækni og nýsköpunar.



Framtíðarstofan nýttist öllum nemendum skólans.

sér tæknina og nota hana, því að þar liggur dýrmæt þekking inn í framtíðina.“

Með Framtíðarstofunni vill Tækniskólinn hjálpa nemendum og kennurum að stuðla að nýsköpun í sinni grein, efla tæknipækkingu og sameina deildir innan skólans þvert á fög. Jónatan segir slíka vinnu leiða til nýsköpunar sem nýttist samfélaginu öllu.

„Við viljum undirbúa yngri kynslóðir með því að bjóða upp á frábæra vinnuástandi með fyrsta flokks tæknibúnaði, halda námskeið og kenna á tæknina og í leiðinni gera iðn- og verknám sýnilegra á skemmtilegan hátt.“



Vel búin Framtíðarstofa

Skapandi rými – Skapaðu eitthvað einstakt! Nútíma vinnuástaða þar sem sköpunarkraftur fær að njóta sín. Gert er ráð fyrir að gestir geti unnið saman í hópum og kynnt vinnuna sína.

Dæmi um búnað: iMac 27, iPad spjaldtölvur, fartölvur, tússtöflur og lesefni.

Verkstæðið – Láttu verkin tala: Verkstæði þar sem vinnan er unnin og gestir fá aðgang að tækjum og tólum til að undirbúa vinnu sína og finnpússa hana.

Dæmi um búnað: Verkfæri, drónar, róbatar og móðurborð.

Mótun – Mótaðu þína hugmynd: Hér fá gestir aðgang að tækjum og geta leitað aðstoðar hjá leiðbeinanda. Mikið er lagt upp úr að tækin séu notendavæn.

Dæmi um tæki: Glowforge laserskurðarvél, vinylskerri, hitapressa og vakúmvél.

Þjarkur – Láttu vinna fyrir þig: Hér fá gestir aðgang að tækjum og geta leitað aðstoðar hjá leiðbeinanda. Mikið er lagt upp úr að tækin séu notendavæn.

Dæmi um tæki: Ultimaker 3D prentarar, CNC fræsivélur.

Tækni – Leiktu þér og lærðu: Hér geta gestir kynnst tækninni og prófað VR, tekið ljósmyndir, fengið aðgang að „greenscreen“ og skoðað nýjustu tækninýjungarnar.

Dæmi um búnað: HTC Vive Virtual Reality, „greenscreen“ og ýmsar myndavélar.

Skynjun – Hljóð og mynd: Hér geta gestir tekið upp hljóð og unnið hljóð- og myndvinnslu.

Dæmi um búnað: Hljóðklefi, hljóðnemi, mixer og mynd- og hljóðvinnslu tölvur með viðeigandi hugbúnaði.



Hluti af starfsmönnum hjá fyrirtækinu Vaka en þeir eru víða um heim, til dæmis eru 32 á Íslandi, fimm í Noregi, þrír í Skotlandi og um tuttugu í Síle.

Með tæknibúnað í níutíu prósent seiðastöðva laxeldis

Vaki var stofnað árið 1986 og er í dag alþjóðlegt fyrirtæki í fararbroddi á heimsvísu í þróun á tæknibúnaði fyrir talningu og stærðarmælingu á eldisfiski. Heilmörg tækifæri eru fyrir hendi í rekstrinum og mikill uppgangur er framundan. Sjötíu starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu.

Þönnvætt fiskeldi er sá markaður sem við vinnum á, höfum náð forystu þar og höldum henni með öflugri vinnu við þróun. Það er fyrst og fremst mannaúdurinn sem skilaði okkur þessu forskoti og að við höldum því,“ segir Hermann Kristjánsson rafmagnsverkfræðingur, forstjóri hjá Vaka, en fyrirtækið hefur hannað og framleitt búnað til að telja, og mæla fisk í sjókvíum ásamt öðrum búnaði til fiskeldis. Hjá fyrirtækinu starfa sjötíu starfsmenn, þar af 32 á Íslandi, fimm í Noregi, þrír í Skotlandi og um tuttugu í Síle. Af starfsmönnum Vaka eru um 90% háskólamenntaðir í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði, sjávarlíffræði og viðskiptafræði. Vaki hefur átt í góðu samstarfi við háskóla landsins og er alltaf með augun opin fyrir góðu fólki.

Selja víða um heim

Hermann segir að Vaki hafi verið öflugur í nýsköpun í tæknibúnaði fyrir fiskeldi allt frá því fyrirtækið var stofnað árið 1986 og selji búnað fyrir u.þ.b. 1,6 milljarða 2018 til yfir sextíu landa en Noregur, Skotland, Síle, Kanada og Færeyjar séu stærstu markaðir. „Þá erum við með búnað í örugglega 90% seiðastöðva laxeldis um allan heim.“ Hann nefnir að íslensku laxeldisfyrirtækin hafi reynt Vaka afar vel og samstarfið við þau verið mikilvægt, en næstum allar vörur Vaka hafa verið þróaðar í samvinnu við íslenska jafnt sem erlenda fiskeldismenn. „Íslensku fiskeldisfyrirtækin hafa verið mjög móttækileg fyrir nýjungum en einnig leitad til okkar og greint frá sínum þörfum og beðið okkur að koma með hugmyndir, þannig að það samstarf hefur gengið glimrandi vel.“

Flest af vörum Vaka hafa algjöra sérstöðu á markaði og má nefna sem dæmi um verkefni innan fyrirtækisins stærðar-



Vaki hefur hannað og framleitt búnað til að telja og mæla fisk í sjókvíum ásamt öðrum búnaði til fiskeldis.

„Flestar vörur Vaka hafa algjöra sérstöðu á markaði og má nefna verkefni eins og stærðarmælingu á eldisfiski með innrauðu ljósi, talningu á eldisrækju með línmyndavél, tölvusjón og myndgreiningu, vöktun á villtum fiski og tegundagreiningu þar sem stuðst er við gervigreind.“



Öflugur hátæknibúnaður sem Vaki hefur hannað.

» Vaki hefur átt í góðu samstarfi við háskóla landsins og er alltaf með augun opin fyrir góðu fólki.

mælingu á eldisfiski með innrauðu ljósi, talningu á eldisrækju með línmyndavél, tölvusjón og myndgreiningu, vöktun á villtum fiski og tegundagreiningu þar sem stuðst er við gervigreind. Hermann segir jafnframt margt fram undan. „Við erum til dæmis að vinna með að telja lús á fiskum neðansjárvar og telja og fylgjast með lús í laxeldi og hvernig hún þróast. Þá er hægt að grípa inn í á réttum tíma. Það eru heilmikil tækifæri sem felast í þróunarvinnu okkar, ekki síst við tegundagreiningu og að þekkja lús og greina þær á fiskinum.“

Orðið stórt alþjóðlegt fyrirtæki

Miklu skipti Vaka þegar alþjóðlega fyrirtæki Pentair Aquatic Systems keypti öll hlutabréf í Vaka. Pentair ætlaði sér stóra hluti á fiskeldismarkaði og voru kaupin á Vaka ætluð til þess að tryggja framgang á þeim mörkuðum þar sem fyrirtækið hefur haft góða markaðsstöðu en rúmlega 95% af tekjum Vaka eru vegna útflutnings.

Þá eykst vörurval Vaka til muna með nýjum eigendum en til viðbótar við fiskiteljara, stærðarmæla, flokkara og fiskidælur býður fyrirtækið upp á Point4 súrfeinissteina og eftirlitsbúnað margs konar, UV filtera, vatnsdælur af öllum stærðum, hreinsikerfi, loftun, ljós, ráðgjöf og hönnun á heildarlausnum í endurnýtingarkerfum í fiskeldi.

Auðvelda skráningu dýra

Hugbúnaðarfyrirtækið Anitar þróar sérhæfðar lausnir fyrir landbúnaðinn. Örmerkjalesarinn Anitar Bullet fer í framleiðslu í sumar og hyggst fyrirtækið sækja á erlenda markaði í kjölfarið.

Margt spennandi er á döfinni hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Anitar en fyrir síðustu helgi gaf það út smáforritið LH Kappa í samstarfi við Landsamband hestamanna. „Þetta er viðburðaapp fyrir öll aðildarfélag Landssambandsins og geta notendur þess fylgst með öllum mótum í rauntíma, bæði séð ráslista og niðurstöður. Við settum þetta í gang fyrir Landsmótið sem stendur yfir og fór notkun þess langt fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Karl Már Lárusson, stofnandi Anitar. „Þetta er því stórgóð próf-raun á appið sem byggt er á kerfinu Sportfeng og er í eigu Landssambandsins.“

Anitar er hugbúnaðar- og tækni-fyrirtæki sem þróar sérhæfðar lausnir fyrir landbúnaðinn og hefur undanfarin ár sett fókussinn á íslenska hestinn. Stefnt er aftur á móti að því að færa út kvíarnar og hanna einnig ítarlegri bústjórn-unarkerfi. „Síðustu þrjú ár hafa farið í að þróa örmerkjalesarann Anitar Bullet sem er að fara í framleiðslu í sumar. Við fórum í forsölu með Anitar Bullet haustið 2017 og söfnuðum einhverjum 40 þúsund dollurum. Hann verður svo afhentur kaupendum í haust.“ Anitar Bullet er tengdur beint við síma og snjallsímaapp og veitir upplýsingar um dýrið á einfaldan og fljótvirkan hátt.

Samhliða framleiðslu á Anitar Bullet hyggst fyrirtækið setja í gang nýja þjónustu sem nefnist Regis



Karl Már Lárusson, stofnandi Anitar. MYND/PÓRSTEINN

„Síðustu þrjú ár hafa farið í að þróa örmerkjalesarann Anitar Bullet sem fer í framleiðslu í sumar.“

Horse og standa prófanir á kerfinu yfir um þessar mundir. Regis Horse má nota samhliða Anitar Bullet og einfaldar það nýskráningu og örmerkingu á hrossum.

Í lok árs 2015 hlaut Anitar verkefnastyrk frá Tækniþróunarsjóði RANNÍS og tryggði hann þróun og starfsemi fyrirtækisins. Karl Már segir að styrkurinn hafi verið ómetanlegur fyrir Anitar enda hafi hann meðal annars nýst til að kynna vörur fyrirtækisins á erlendri grundu.

Anitar Bullet hefur fengið mjög góðar viðtökur þar sem varan hefur verið kynnt og segir Karl Már að lesarinn muni einfalda vinnu dýralækna, hrossaeygenda og í raun allra sem vinna með dýr. Þá hefur mikill áhugi verið erlendis og næsta skref hjá Anitar er að finna fjárfesta til að vinna með að útrás fyrirtækisins. Karl Már segir að áhugasamir fjárfestar geti sett sig í samband við fyrirtækið til þess að fá frekari upplýsingar um fyrirtækið og framtíðaráætlanir þess.

Nánari upplýsingar má finna á anitar.is.

Tónsmíðar með gervigreind

Raunvísindi og listsköpun mætast í nýsköpunarfyrirtækinu ErkiTónlist sf. með rannsóknarverkefni CALMUS, hugbúnaði sem semur tónlist með gervigreind. Tækniþróunarsjóður styrkir CALMUS.

Calmus, eða Calculated Music, er þverfaglegt rannsóknarverkefni sem byggir á tónsmíðum og tölvunarfræði svo úr verður hugbúnaður sem semur tónlist með aðstoð gervigreindar,“ útskýrir Kjartan Ólafsson, tónskáld og eigandi nýsköpunarfyrirtækisins Calmus.

„Calmus er afrakstur mikillar vinnu og rannsókna. Þarna blandast saman raunvísindi og listsköpun og við köllum það stundum hið nýja renaissance þar sem listir og tækni og ýmsir þættir mannlífsins tengjast. Leonardo da Vinci var á kafi í þessu á sínum tíma og fleiri gegnum tíðina, að tengja saman vísindi og listgreinar, menningu og sögu með nýrri tækni.“

Kjartan segir grunnhugmyndina hafa orðið til þegar hann stundaði doktorsnám í tónsmíðum í Finnlandi. Hann fékk styrk frá Tækniþróunarsjóði árið 2013 og þá fóru hjólin að snúast fyrir alvöru. Nú er hann í samstarfi við stór fyrirtæki innan tölvuleikjageirans.

„Styrkurinn gerði okkur kleift að ráða fólk og auka vöxt verkefnisins til muna. Nú liggja eftir okkur nokkrar afurðir til dæmis forritið Calmus Composer en ný uppfærsla á því kemur á App Store eftir nokkrar vikur. Þá erum við í samstarfi við CCP um þróun forritsins CalmusGaming þar sem við tengjum tónsmíðakerfið við tölvuleikjakerfið í rauntíma. Við erum að gera tilraunir með leikinn Eve Online. Calmus Gaming virkar þannig að leikurinn sendir



„Við erum að bregðast við og taka þátt í þeirri þróun sem er alls staðar í okkar samfélagi, að nota nýja tækni við samþættingu vísinda, listsköpunar og menningar,“ segir Kjartan Ólafsson, stofnandi ErkiTónlistar.

MYND/ANTON BRINK


ákveðin skilaboð inn í tónsmíðakerfið sem semur tónlist í samræmi við það sem er að gerast í leiknum. Þetta gerist í rauntíma þannig að sá sem spilar leikinn heyrir tónlistina breytast í takt við það sem hann er að gera, til dæmis

ef hann er í hættulegum aðstæðum í leiknum spílask tónlist sem eykur þá upplifun,“ útskýrir Kjartan.

„Þá erum við einnig í samstarfi við kanadíska fyrirtækið Audiokinetics, eitt aðalfyrirtækið í tölvuleikjahljóðum og -tónlist í

heiminum, en þar eru menn mjög spenntir fyrir því að fá Calmus Gaming inn enda hugbúnaður sem getur sparað þeim tíma, fyrirhöfn og peninga og eykur tónlistarlega fjölbreytni. Við reiknum með að prótótýpa af Calmus

Gaming verði klár í byrjun næsta árs. Við erum að bregðast við og taka þátt í þeirri þróun sem er alls staðar í okkar samfélagi, að nota nýja tækni við samþættingu vísinda, listsköpunar og menningar,“ segir Kjartan.



Samstarfsaðili þinn í upplýsingatækni

Upplýsingatækni er allt í kringum okkur. Hún einfaldar lífið og sparar dýrmætan tíma.
Á hverjum degi nota fyrirtæki af öllum stærðum, í öllum greinum, um land allt lausnir frá okkur.

www.advania.is

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is



AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum ihlutum og efnum



Aukin mýkt við ökkla

GoreTex filma, 100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur

Vibram sóli

Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, hægt að vera með sitt hvora stillinguna yfir rist, eða um ökla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt Nubuck leður

Custom fit innlegg

AKU SUPERALP GTX 34.990 kr. STÆRÐIR 35-48

**Hafðu
(AKU)
með
í valinu**

Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli.

Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.



Lágir gönguskór / borgarskór

AKU Climatica NBK GTX
24.990 kr.

Lágir gönguskór / borgarskór

AKU Climatica Suede GTX kvenna
22.990 kr.

Gönguskór með góðan stuðning

AKU ALTErrA GTX kvenna
27.990 kr.

Gönguskór með góðan stuðning

AKU ALTErrA GTX
27.990 kr.

Léttir gönguskór

AKU TRIBUTE GTX
21.990 kr.

Lágir, millistífir gönguskór

AKU TENGU LOW GTX
23.990 kr.



Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar



Lífstíðarábyrgð

Stillanlegt bak

Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur

Brjóstól á sleða og með neyðarflautu

Göngustafa festing

Hámarks öndun í baki

Flöskuvasar

Mjaðmabelti þringist með því að toga beggja vegna

Vasi á mjaðmabelti

Svefnpokaólar

Vasi í topploki

Netavasi með lyklahengju undir topploki

Með léttustu bakpokum í heimi

Hægt að opna á hliðinni

Netapoki

Tvískipt hölf

Lykkja fyrir ísöxi



Aether AG 70L Burðarbakpoki
41.990 kr.



Zealot 15L Hjólabakpoki
16.990 kr.



Daylite 13L Alhliða bakpoki
8.990 kr.



Talon 6L fyrir göngu- og hlaupafólk
12.990 kr.



Farpoint 55L Heimsreisubakpoki
26.990 kr.



Talon 33L Fisléttur alhliða göngupoki
20.990 kr.



Transporter dufflar Verð frá 18.990 kr.

Kestrel 38L göngupoki 26.990 kr.

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.



GG-sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is



Finndu okkur á Facebook

Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjól Komdu og kaktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmslegt spennandi til, sjón er sögu rikari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu



Mercedes Benz GLE 500E AMG útlit, 4 MATIC PLIG IN HYBRID. Panorama glerpak, 360° myndavél, leiðsögukerfi, loftþúðafjöðrun, Rafm. Krókur, 21" AMG felgur ofl ofl Nývirði 13.650.000.- ásett verð 12.490.000.- ATH skipti. S: 620-2192



Toyota Yaris árg 06 ek 134 þús góð dekk skoðaður 19 verð 450 þús gsm 8927852

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Kerrur

Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | vakahf.is

Viðgerðir

Almennar bílavíðgerðir. Sérgræin bremsuviðgerðir. Renni diskur og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

RETTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

VIÐGERÐIR - ÚTBOD

Vikurás 2-4 húsfélag óskar eftir tilboðum í utanhúsviðgerðir sem eru innán við 3.1 m frá jörð. Helstu magnbólur eru: múrbrot 0.4 m³, múrvíðgerðir 23 stk (samaltals um 0.4 m³), sprunguviðgerðir 55m, háþrýsþvottur og málnun 198m².

Útboðsgögn eru ofan á póstkóssum í anddyri Vikurás 4. Uppl. í s. 868 1085



AUGLÝSING

Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Miðsvæði

Þejarráð Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 27. júní 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðsvæðis, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst m.a. að íbúðum við Keilisholt 1 og 3 er fjölgað úr 40 í 64 alls, eða úr 20 í 32 í hvoru húsi og gert verði ráð fyrir 1,5 bílastæðum fyrir hverja íbúð í stað 2. Byggingareitum Lyngholts 19 og Breiðuholts 22 breytt. Legu gangstéttar og langstæða við Breiðuholt 8-10 og 12-14 og lóðum Breiðuholts 2, 4, 6 og 8-10 hliðrað vegna þess. Gert er snúningssvæði í enda götunnar að vestanverðu og breytast því lóðarmörk vegna þess. Lagfært er misræmi milli skilmála í greinargerð og skýringarmyndar fyrir húsgærd C. Ýmsar lagfæringar gerðar varðandi lóðir, byggingareiti og bílastæði í samræmi við útgefn lóðarblöð. Sýndar manir við Vogabraut og Keilisholt. Tillagan er sett fram á uppdrætti og visast til hans um nánari upplýsingar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, löndal 2, 190 Vogar frá og með miðvikudeginum 4. júlí 2018 til og með miðvikudagsins 15. ágúst 2018.

Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, löndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en miðvikudaginn 15. ágúst 2018.

Vogum, 4. júlí 2018
f.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnunar til þess að auðveldla opnun á loki. www.Heitipottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm. Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.



Smiðjuveg 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is

MOSFELLSBÆR

Tillögur að deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi:

Fristundalóðir við Langavatn, tillaga að deiliskipulagi

Um er að ræða deiliskipulag fyrir frístundalóðir norðan við Langavatn. Svæðið er skorið úr tveim jörðum, Óskoti í vestri og Höfða í austri.

Tillagan felur í sér:

- Að skilgreina byggingareiti.
- Skilgreina lóðaskiptingu með því að skipta upp tveim lóðum sem liggja austast á svæðinu í fjórar 5000 m² lóðir.
- Hámarkstærð hústaða fari eftir fermetrafjöldu hverrar lóðar fyrir sig.
- Breyta lóðarmörkum lóða lnr. 125389 og lnr. 125390.
- Setja skilmála fyrir hús á svæðinu þannig þau falli vel að umhverfinu og að vönduð hönnun og framkvæmd skuli vera í fyrirrúmi.

Spilda úr landi Miðdals 1, lnr. 125337, tillaga að deiliskipulagi

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir frístundalóð í landi Miðdals 1. Að norðaustan afmarkast spildan af Bæjarlæg, að sunnan af Seljadalsvegi og landi Mosfellsbæjar að vestan.

Tillagan felur í sér:

- Að á svæðinu risi láttlaus, lágrest byggð frístundahúsa sem fellur sem best að landinu og umhverfi svæðisins.
- Lóðinni verði skipt upp í 5 lóðir. Stærð lóðanna A,B,C og D er um 0,5 ha hver. Stærð lóðarinnar E er um 0,72 ha.
- Hámarks byggingarmagn lóða A-D má vera allt að 120 m² og byggingarmagn lóðar E má vera allt að 170 m².

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 4. júlí 2018 til og með 8. ágúst 2018, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni :

mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 8. ágúst 2018.

4. júlí 2018,

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
Olafurmfos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

gjöld til hærri leigu. Það tekur tíma að koma hækkunum út en það gerist að lokum.“

Það sé markmið Regins að halda rekstrarkostnaði fasteigna, sem hlutfalli af leigutekjum, í kringum 20 prósent. Það hafi tekist í gegnum árin en vegna hærri fasteignamats hafi hlutfallið hækkað undanfarið í 21 til 22 prósent.

„Við erum í sjálfu sér þokkalega bjartsýn á þennan atvinnurekstur þegar á heildina er litið,“ nefnir Helgi, „þó svo að við myndum gjarnan vilja sjá ýmislegt breytast, eins og þessar álögur.“ Markaðsaðstæður séu hagstæðar og leiguverð á uppleið.

Gudjón bendir aðspurður á að á undanförunum árum hafi fasteignagjöld hækkað úr um 13 prósentum í 18 prósent sem hlutfall af leigutekjum Reita. Gjöldin séu langstærsti einstaki kostnaðarliður félagsins. Fasteignagjöldin sem félagið greiði hafi aukist um ríflega 40 prósent á síðustu þremur árum.

Sérfræðingur á fjármálamarkaði sem Markaðurinn ræddi við segir það skipta fasteignafélögin miklu máli að tekjur af útleigu fasteigna séu umfram vöxt í rekstrarkostnaði. Fasteignamatíð hafi hins vegar hækkað það verulega síðustu ár, sér í lagi á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, að hækkunin sé nokkuð umfram vöxt í leigutekjum félaganna. Það komi eðli máls samkvæmt niður á afkomu þeirra.

Rekja megi lækunarhrinu hluta-bréfa skráðu fasteignafélaganna þriggja – Regins, Reita og Eikar – að stórum hluta til áhyggna fjárfesta af þyngri rekstrarkostnaði félaganna. Gengi bréfa í félögunum hefur lækkað á bilinu 15 til 24 prósent á undanförunum tólf mánuðum.

Viðmælendur Markaðarins

benda á að þrátt fyrir að fasteignagjöldunum sé ætlað að vera endurgjald fyrir veitta þjónustu sveitarfélaganna séu þau í reynd nýtt sem almenn tekjuöflun fyrir sveitarfélögin. Þannig hafi gjöldin hækkað verulega síðustu ár og langt umfram þann kostnað sem felst í því fyrir sveitarfélögin að þjónusta fyrirtæki.

Í svörum sveitarfélaganna við fyrirspurn Félags atvinnurekenda um hvort kostnaðarútreikningar lægju að baki ákvörðun þeirra um að leggja 25 prósentu álag á fasteignagjald var ekki vísað til neinna slíkra útreikninga sem sýndu fram á að beiting álagsins væri nauðsynleg vegna kostnaðar við að veita fyrirtækjum þjónustu, að sögn félagsins.

Sífelld meira íþyngjandi

Þorsteinn Andri segir fasteignagjöldin sífelld meira íþyngjandi fyrir félögin. Þau þrýsti framlegð þeirra niður.

Til upprifjunar er það mat greiningardeildar Arion banka að fasteignagjöld geti numið allt að 70 prósentum af rekstrarkostnaði Reita á næsta ári. „Þar sem mikill meirihluti leigusamninga er bundinn vísitölu neysliverðs myndi þetta að öðru óbreyttu þýða að framlegð af rekstrinum myndi dragast verulega saman árið 2019 ef ekki kæmi til hækkunar á markaðsleigu umfram almenna verðlagsþróun,“ segir í nýlegri umfjöllun greiningardeildarinnar.

„Stjórnendur fasteignafélaganna hafa sagt að þeir horfi til þess að hækka leiguna,“ nefnir Þorsteinn Andri. „Félögin eru sem dæmi að breyta sínum leigusamningum og setja inn ákvæði sem heimilur leigusala að hækka leigu þegar

Viðbúid að fasteignagjöld hótela hækki

Horfur eru á því að fasteignamat hótela og gististaða og þar með þau fasteignagjöld sem fyrirtækin þurfa að greiða muni hækka verulega árið 2020. Ástæðan er sú að Þjóðskrá Íslands hyggst endurmeta aðferðafræðina við að reikna út fasteignamat hótela og gististaða á næsta ári.

Greiningardeild Arion banka bendir á að upphaflega hafi endurmatið átt að liggja fyrir í fyrra en því hafi verið frestað tvö ár í röð.

Hún rifjar upp að þegar Þjóðskrá hóf að beita nýrri aðferð við útreikning á fasteignamati atvinnuhúsnæðis árið 2014 hafi matið hækkað verulega. Það sama geti gerst í tilfelli hótela.

„Það, ásamt versnandi horfum í íslenski ferðaþjónustu, mun að minnsta kosti ekki vænka rekstrarhorfur íslenskra hótela,“ segir greiningardeildin.

„Eftir því sem hagkerfið hægir á sér hljóta rökkin og raddirnar fyrir lækkun á álagningarprósentu sveitarfélaganna á atvinnuhúsnæði að verða háværari.“



65%

er hækkunin á fasteignamati atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2014 til 2019.

Það sé áleitinn spurning hve mikið svigrúm atvinnurekendur hafi til þess að takast á við hærri leigukostnað. Eftir miklar kostnaðarhækkunir á undanförunum árum sé óhætt að telja svigrúmið lítið. Horfur á harðri kjarabaráttu á vinnumarkaði á komandi mánuðum hjálpi ekki til.

„Hættan er því sú að leiguverðshækkunum verði að lokum velt út í verðlagið og þær ýti þannig undir verðbólgu. Okkur þykir raungengið hátt um þessar mundir og drögum í efa að við fáum aftur gengisstyrkingu sem myndi vega á móti slíkum innlendum verðbólguþrýstingi,“ nefnir Þorsteinn Andri og bætir við: „Ég reikna með því að hið opinbera vilji tryggja verð-

miklar hækkunir verða á opinberum gjöldum eins og til dæmis fasteignagjöldum. Áhættunni af hækkun fasteignamats er þannig deilt á milli leigutaka og leigusala,“ segir hann.

stöðugleika. Mikil hækkun fasteignagjalda er ekki til þess fallin.“

Þorsteinn Andri segir einnig álitamál hve mikið fasteignafélögin geti hækkað leigu sína. „Þau þurfa jú að hækka leiguna út af kostnaðarhækkunum en spurningin er hvort þau geti komið öllum þessum hækkunum út í leiguverð þannig að leigutakarnir ráði við þær með góðu móti.“

Einn viðmælendi Markaðarins bendir á að hærri leiguverð bitni sérstaklega á rekstri minni fyrirtækja, sem leigja atvinnuhúsnæði, sem hafi minna bolmagn en stærri fyrirtæki til þess að hagræða í rekstri sínum og takast á við hækkunirnar. Þeim sé „sá kostur einn nauðugur“ að velja hækkunum út í verðöld á vörum og þjónustu.

Þorsteinn Andri bendir á að á síðustu árum hafi Þjóðskrá Íslands metið, við útreikning á fasteignamati atvinnuhúsnæðis, gangvirði eigna út frá áætluðum leigutekjum á hverri eign. Hærri leigutekjur geri það því að verkum að fasteignamatíð hækkar. „Þá hækka fasteignagjöldin sem lögð eru á fasteignafélögin sem bregðast við með því að hækka leiguverð sem aftur leiðir til hærri fasteignamats og þannig koll af kalli. Maður áttar sig ekki alveg á því hvar þetta endar.“

Hann segir boltann vera hjá sveitarfélögunum. Sem dæmi hafi sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu lítið sem ekkert hreyft við álagningarprósentu sinni á atvinnuhúsnæði síðustu ár. „Sveitarfélögin hafa verið duglegri við að lækka álagningarprósentuna á íbúðarhúsnæði með þeim rökum að þau þurfi að koma til móts við miklar hækkunir á fasteignamati. Sömu rök hljóta að gilda um atvinnuhúsnæði.“

Margrét Ásta Jónsdóttir, prentsmiður og hestakona

Ísafold er ein stærsta prentsmiðja landsins og þjónustar daglega stóran hóp viðskiptavina. Verkefni okkar eru jafn fjölbreytt og viðskiptavinir okkar eru margir. Allt frá einföldum nafnspjöldum til bæklinga sem dreift er í öll heimili landsins. Bækur, tímarit, bæklingar og umbúðir. Við komum hugmyndum þínum í framkvæmd.


Hafðu samband og við klárum þetta saman.



Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfsvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsfni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

Áratugur breytinga: Hægt gengur að endurreisa traustið



Tómas Bjarnason
sviðsstjóri
mannauðsrann-
sóknna og ráð-
gjafar Gallup



Sigrún Drifa Jónsdóttir
umsjónar-
maður Þjóðar-
púls Gallup og
gæðastjóri

stofnana er enn almennt minna en fyrir hrun.

Mikilvægi trausts í samskiptum verður varla ofmetið, en mikilvægi þess er oft ekki ljóst fyrr en það bregst með einhverjum hætti. Við tökum áhættu með því að treysta og getum þurft að taka afleiðingunum af því. Í umfjöllun um traust er jafnan greint á milli almenns trausts í samskiptum og svo trausts á stofnunum. Þá er oft litið á stofnanatraust sem mælikvarða á lögmæti stofnunarinnar í augum þegna samfélagsins.

Stofnanatraust í alþjóðlegu samhengi

Almennt sýna kannanir á trausti að herinn, menntakerfið, lögreglan og kirkjan njóta mests trausts, en stórfyrirtækin, verkalyðshreyfingin og löggjafarþinginn minnst trausts. Síðustu fimm ár hafa verið þau allra verstu í sögu mælinga Gallup á trausti til bandaríska þingsins. Aðeins 7-12% hafa síðustu ár sagst treysta þinginu, en í byrjun tíunda áratugarins var traustið um 30%. Til samanburðar mældist traust á forsetaembættinu og bönkum 32% árið 2017 í Bandaríkjunum, traust á heilbrigðiskerfinu 37%, hæstarétti 40%, kirkjum 41%, lögreglunni 57% og hernum 72%. Traust á embætti forseta Bandaríkja-anna hefur litið breyst síðasta áratug, ef frá er talið árið 2009 sem er fyrsta ár Obama í embætti, en þá mældist traustið 51%.

Í könnunum Evrópusambandsins hefur traust á þjóðþingum aukist smám saman frá 2013 þegar það mældist lægst, en þá voru aðeins 24% sem svöruðu því til að þau treystu þjóðþingi sínu samanborið við


Talsverðar breytingar urðu á trausti almennings til margra stofnana samfélagsins í kjölfar bankahrunsins og var Alþingi sú stofnun sem tapaði hvað mestri tiltrú almennings ef frá er talið bankakerfið. Lögreglan er á hinn bóginn ein affáum stofnunum þar sem traust almennings hefur aukist frá því fyrir hrun.

Traust á löggjafarþinginu hefur þó þokast upp á við en hlutfall þeirra sem treysta þinginu mældist 29% í febrúar 2018 og hefur ekki mælt hærra síðan í febrúar 2008. Bankakerfið, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið eru fleiri dæmi um stofnanir þar sem traust hefur smám saman aukist frá hruni. Hástökkvarinn er þó forsetaembættið sem hefur nær tvöfaldað traust sitt frá árinu 2015. Enn sem komið er nýtur Landhelgisgæslan þó mests trausts hér á landi, af þeim stofnunum sem mældar eru, en ríflega níu af hverjum tíu bera mikið traust til gæslunnar. Þó miði í rétta átt sýna mælingar Gallup að traust til



Þótt traust til Alþingis hafi þokast upp á við er hlutfall þeirra sem treysta þinginu aðeins 29%. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Hlutfall þeirra sem bera mikið traust til stofnana



Traust til Alþingis maí 2018

Hlutfall sem ber mikið traust til Alþingis

0% 10% 20% 30% 40% 50% 60% 70%



Hversu vel eða illa finnst þér Alþingi leysa verkefni liðandi stundar

stjórnarflokkana og fólks með betri skuldastöðu og meiri menntun.

Þá breytist traustið líka með nýjum persónum og leikendum. Í könnun sem Gallup vann í ágúst 2016, stuttu eftir að Guðni tók við forsetaembættinu, báru næri sjö af hverjum tíu landsmönnum mikið traust til embættisins. Þó var traustið ívið minna meðal þeirra sem studdu þáverandi ríkisstjórnarflokka (Framsókn og Sjálfstæðisflokk) en meðal kjósenda t.d. Samfylkingar og Vinstri grænna. Frá 2015 hefur traust til embættisins nær tvöfaldað og síðustu tvö ár hefur það notið trausts fjögurra af hverjum fimm Íslendingum, og er traustið óháð kyni, aldri, menntun og fjölskyldutekjum svarenda

Enn má greina áhrif bankahrunsins í mælingum á trausti. Hugsanlegt er að traust í samfélaginu sé brothættara nú en það var áður, að hluta til vegna hrunsins og eftirmála þess og að hluta til vegna ýmiss konar samfélagslegra breytinga og strauma sem hafa áhrif á gildisat fólks.

TIL LEIGU

FOSSHÁLS – LAGERRÝMI/GEYMSLA

Um 650 fm. iðnaðarými eða lagerrými til leigu . Stór innkeyrsluhurð með mikilli lofthæð (7 metrar).

Laust strax!

Áhugasamir sendi póst á netfangið ritari.rvk@gmail.com



34% nú. Í síðustu mælingu mældist traustið lægst 11% hjá Litháum en hæst 69% hjá Svíum. Þess ber að geta að í þessum könnunum eru ekki notaðir sömu svarmöguleikar og Gallup á Íslandi notar og því er ekki hægt að bera niðurstöður saman milli kannana.

Hverjir treysta stofnunum og hverjir ekki?

Afstaða fólks til stofnana breytist eftir hagsmunum þess og gildismati. Þannig breytast viðhorf fólks til pólitískra stofnana eftir því hvaða flokkar eru við völd hverju sinni. Þá fer traustið eftir því hvernig fólki finnst stofnunin standa sig og hver eða hverjir eru í aðalhlutverki. Gengi efnahagslífsins hefur einnig áhrif og stofnanatraust eykst að jafnaði með betri efnahagsstöðu svarenda. Augljóst er af mælingum Gallup að hrunið olli sinnaskiptum þegar kemur að trausti til þingsins. Í könnunum kom fram að fólk hafði ekki mikla trú á að þingið starfaði af heilindum eða væri að

vinna að mikilvægustu verkefnum. Þetta olli djúpu vantrausti, einkum hjá þeim hópum sem áður treystu þinginu best.

Traust fólks til Alþingis er nátengt því hvernig því finnst stofnunin standa sig í að leysa verkefni liðandi stundar. Næri 70% þeirra sem telja að Alþingi standi sig vel bera mikið traust til þess, en aðeins 4% þeirra sem telja að þingið standi sig illa. Það getur einnig haft áhrif á traust hvaða mál stofnun tekst á við. Sem dæmi um mál sem klauf þjóðina og stjórnmalin allt frá hruni þar til EFTA dómstóllinn kvað upp úrskurð sinn í janúar 2013 er Icesave-málið svokallaða. Í því máli urðu forseti og Alþingi að einhverju leyti fulltrúar ólíkra hagsmuna, þjóðfélagsþópa og viðhorfa sem sést þegar bornir eru saman þeir hópar sem treystu annars vegar Alþingi og hins vegar forsetanum. Forsetinn naut þar frekar trausts stjórnarandstöðunnar og fólks með verri skuldastöðu og minni menntun að baki, en Alþingi naut frekar trausts þeirra sem studdu

90 milljarða króna leikur



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri
Íslandsbanka

Þann 15. ágúst næstkomandi hefst The International mótið í Vancouver í Kanada. Átján lið keppa um ríflega tveggja milljarða króna verðlaunafé og mun hver leikmaður sigurliðsins fara heim með 200 milljónir í vasnum en það er fimm sinnum meira en leikmenn þýska landsliðsins fengu fyrir heimsmeistaratilinn í knattspyrnu árið 2014. Gert er ráð fyrir að um 19.000 áhorfendur sækji úrslitaleik-

inn og milljónir fylgdist með beinni útsendingu.

Umrætt mót er gott dæmi um undraverðan vöxt fjármálahliðar keppni í tölvuleikjum. Velta þess sem almennt er kallað eSports hefur aukist um nær helming á hverju ári undanfarin sex ár og stefnir í um 90 milljarða króna í ár. Það er umtalsvert og jafngildir um fimmtungi heildarveltu tónlistarstreymis á heimsvísu.

Tekjur tölvuleikjaíðnaðarinnar eru töluvert meiri en bæði kvikmynda- og tónlistargeirans og með vexti tölvuleikjakeppna mun umfang hans bara aukast. Þetta snýst nefnilega ekki lengur bara um að grípa í einn skotleik eða drepa tímann í knattspyrnustjórnaleik í leiðinlegri kennslustund. Hundruð milljóna

Velta þess sem er almennt kallað eSports hefur aukist um nær helming á hverju ári undanfarin sex ár og stefnir í um 90 milljarða króna í ár.

út um allan heim fylgjast með öðru fólki spila tölvuleiki og þessum mikla vexti fylgja heilmiklir tekjumöguleikar.

Nú eru reistir leikvangar sem eingöngu eru ætlaðir tölvuleikjakeppnum. Auglýsendur keppast við að styrkja bestu liðin og leikmenn eru stjórnur. Kannski maður hefði átt að mæta oftari í Counter Strike, þar virðast peningarnir vera.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns



PRENTUN.IS



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

.....
Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

Skotsilfur



Fengu jafnmikið og Kristján Loftsson

Mikillar óánægju gætir meðal innlendra fjárfesta sem tóku þátt í hlutfjárútbóði Arion banka um þá ákvörðun Kaupþings að skerða tilboð þeirra nánast að fullu. Að sögn kunnugra var þannig fjöldi almennra fjárfesta – þeirra sem buðu 15 milljónir króna eða minna – um 3.600 en hver og einn fékk úthlutað hlut að jafnvirði um 170 þúsundum króna. Almennir fjárfestar fengu því samanlagt að eignast um 630 milljóna króna hlut í bankanum en það er álíka stór hlutur og Vogun, sem er að stærstum hluta í eigu **Kristjáns Loftssonar** og fjölshyldu, keypti í bankanum.



Kaupa auglýsingar á Facebook

Samkeppniseftirlitið sætir gagnrýni úr ýmsum áttum þessa dagana og það ekki að ástæðulausu. Eftirlitsstofnunin, sem **Páll Gunnar Pálsson**



stýrir, hefur reynt eftir fremsta megni að svara gagnrýnisröddunum eins og glöggir notendur samfélagsmiðilsins Facebook hafa vafalaust tekið eftir. Þannig hefur ríkisstofnunin keypt auglýsingar á miðlinum af miklum móð til þess að koma málflutningi sínum á framfæri. Það er ekkert óeðlilegt við að ríkisstofnanir svari gagnrýni á málefnalegan hátt en það hlýtur að mega setja spurningarkerki við að fjármunum skattborgara sé varið í að kaupa áróðursauglýsingar.

Skuldlaus hreppur

Sala Skútustaða-hrepps á 5,9 prósentu hlut í Jarðbóðunum við Mývatn gerði sveitarfélaginu kleift að greiða upp öll sín langtímalán og er það því orðið skuldlaust. Þessu lýsti sveitarstjórinn **Þorsteinn Gunnarsson** yfir í síðustu viku. Sveitarfélagið seldi hlutinn fyrir 264 milljónir króna í vor en til samanburðar lýstu fjárfestar fyrst yfir vilja til þess að kaupa hlutinn fyrir um 50 til 70 milljónir á vordögum 2015. Sólufarlið, sem var í höndum fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka og hófst í janúar á þessu ári, heppnaðist afar vel, að sögn Þorsteins, og reyndist hreinn söluhagnaður Skútustaðahrepps vera um 195 milljónir.



Kínversk hlutabréf lækka vegna tollastríðs



Áhyggjur kínverskra fjárfesta af yfirvofandi tollastríði Kína og Bandaríkjanna fara síst minnkandi og hafa hlutabréf í Asíu lækkað nokkuð í verði undanfarna daga. Tollar Bandaríkjustjórnar á innfluttar kínverskar vörur að virði allt að 34 milljarða dala taka gildi á föstudag. NORDICPHOTOS/GETTY

Þurrkur á fjármagnsmarkaði



Agnar Tómas Möller framkvæmdastjóri Sjóða hjá GAMMA


Ólíkt vætutíðinni á suðvesturhorninu sem ekki sér fyrir endann á, hefur sannkallaður „eyðimerkurþurrkur“

ríkt á íslenskum fjármagnsmarkaði undanfarnin misseri. Kólnun hagkerfisins hefur verið spáð á þessu ári og undanfarið birst skýrar vísbendingar þess efnis. Nýleg könnun sýnir mikinn viðsnúning í væntingum stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins sem hafa ekki verið svart-sýnni á ástand efnahagsmála næstu missera í sextán ár. Nýlegar kortaveltutölur gefa sterkar vísbendingar um að hægja taki á einkaneyslu og dróst innlend kortavelta saman á milli á ára að raunvirði í maí.

Það er áhyggjuefni að samhliða þessari þróun haldast vextir á skuldabréfamarkaði áfram háir þrátt fyrir lága verðbólgu og verðbólguvæntingar. Í nýjustu könnun sem Seðlabankinn gerir fjórum sinnum á ári á væntingum helstu markaðsaðila á skuldabréfamarkaði koma fram skýrar væntingar um óbreytta

Aukning fjárfestingarkosta frá 2015

í milljörðum króna.



vexti Seðlabankans næstu misseri og ár, þótt greiningardeildir hneigist frekar til lækkunar. Á sama tíma eru vextir óverðtryggðra skuldabréfa (til 4 ára) hins vegar um 1% hærri en skammtímavextir. Undanfarið hafa vaxtaálögur fyrirtækja og sveitarfélaga ofan á ríkistryggða skuldabréfavexti vaxið umtalsvert – flest smærri og millistór fyrirtæki geta í raun ekki sótt sér fjármagn gegnum skuldabréfaútgáfu í dag á eðlilegum kjörum.

Hvað veldur þessari þróun? Ástæðuna má fyrst og fremst finna í því að frá árinu 2015 hefur eftirspurn eftir fjármagni á skuldabréfamarkaði dregist mjög saman og framboð að sama skapi aukist. Lífeyrissjóðir veittu árið 2015 nær engin sjóðsfélagalán en veita nú yfir 100 milljarða króna nettó á ársgrunni á sama tíma og útgáfa skuldabréfa hefur vaxið mikið – fyrstu fimm mánuði þessa árs er skuldabréfaútgáfa á ársgrunni um

45% hærri en meðaltal seinustu fjögurra ára. Önnur kúvending frá 2015 er sú að lífeyrissjóðir flytja nú um 120 milljarða á ári út úr hagkerfinu að viðbættum öðrum innlendum fjárfestum. Á sama tíma hefur erlendum aðilum verið haldið frá skuldabréfamarkaðnum með innflæðishöftum. Mikið hefur verið rætt og ritað um skaðsemi innflæðishaftanna að undanfögnu, óþarfa þeirra og áhrif þeirra á íslenskt vaxtastig – nú seinast í niðurstöðum þeirra erlendu sérfræðinga sem nefnd um endurskoðun peningastefnunnar kallaði til. Skaðsemi hafta er meiri því smærri sem fjármagnsmarkaðir eru þar sem höft loka fyrir ákveðnar tegundir fjárfesta og stuðla að fákæppi fyrir þá sem eftir sitja. Einnig hefur mikil aukning sjóðsfélagalána lífeyrissjóða sogað til sín stóran hluta ráðstöfunarfjár þeirra sem hefur ásamt brottfarvi erlendra skuldabréfa fjárfesta stuðlað að fallandi veltu á

skuldabréfamarkaði. Samkvæmt tölum Seðlabankans minnkaði skuldabréfaeign lífeyrissjóða um 90 milljarða króna á árinu 2017, leiðrétt fyrir verðbólgu og metnu meðaltali áfallinna vaxta.

Áhrif þessa birtast víða. Þrátt fyrir mikinn efnahagsuppgang hefur ávöxtun hlutabréfavisitölnunnar einungis verið 3% á ári frá árslokum 2015 samanborið við 12% árlega ávöxtun S&P 500. Seinustu 12 mánuði hefur íslenska hlutabréfavisitalan lækkað um 0,5% en innlend fyrirtæki sem eru háð fjármögnun á innlendum skuldabréfamarkaði hafa hrapað fram af björgum. Atvinnuhúsnæðisfélagin þrjú hafa lækkað um 22% að meðaltali og vegin rekstrarávöxtunarkrafa umfram áhættulausa vexti nærri tvöfaldast, úr um 2% í 4%. Eina skráða íbúðaleigufélagið selst nú á 70% af bókfærðu virði eigna sinna.

Í umhverfi eins og hér hefur verið lýst vilja fjárfestar síður taka áhættu og ráðast í ný verkefni, frekar minnka skuldir og kaupa til baka eigið fé fyrirtækja. Með miklar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og öðrum innviðum fram undan, er rík ástæða til að hafa áhyggjur af þessari þróun. Vandinn er hins vegar heimatilbúinn. Óbreytt haftastefna Seðlabankans, sem lokar á aðgengi íslenskra fyrirtækja að nýju fjármagni, mun sjá til þess að kæla hagkerfið niður fyrir frostmark. Er ekki tími til kominn að við hlustum á ráðleggingar erlendra sérfræðinga?

Bein útsending: Konur í sókn



Rakel Sveinsdóttir formaður FKA

Fyrir ári velti ég fyrir mér hvort FKA ætti að hefja nýtt starfsár að hausti, undir yfirskriftinni „Stígum fram“. Hugmyndin var að hvetja konur til að stiga enn fastar

fram í því mikilvæga hlutverki sem við gegnum sem stjórnendur, leiðtogar, konur í eigin rekstri eða konur í stjórn. Af nægum verkefnum var að taka og því fór svo að þessar vangaveltur mínar urðu ekki að formlegri hugmynd sem ég kynnti stjórn FKA þegar hún tók til starfa í lok sumars. En viti menn: FKA þurfti ekkert slagorð því svo sannarlega fóru leikar þannig að konur stigu fram. Þannig hratt #metoo byltingin breytingarafl af stað í heiminum, sem enn sér ekki

fyrir endann á.

Nú stýttist í að starfsár FKA fyrir veturinn 2018-2019 fari af stað. Í rigningunni hef ég því farið í gegnum sambærilegar vangaveltur og í fyrra: Hverjar ættu áherslurnar okkar að vera? Ættum við að vera með yfirskrift eða slagorð fyrir veturinn? Af mörgu er að taka, stór verkefni í gangi eins og Jafnvægisvögin, fjölmiðlaverkefnið, uppbygging starfsins á landsvísi og síðan 20 ára afmælisárið fram undan á næsta ári. Ég geri því ekki ráð fyrir

að fylgja þessari slagorðahugmynd eftir, en ef ég væri að velja eitt-hvað myndi ég velja yfirskrift eins og „Bein útsending: Konur í sókn“. Vísa þar til þess að alls staðar eru konur að gera góða hluti, hvort sem er í atvinnulífi eða í stjórnárum, íþróttum, vísindum, fjölmiðlum, heilbrigðis- og menntageiranum, listgreinum og víðar.

Sumar afrekskonurnar okkar eru fyrir löngu orðnar sýnilegar, aðrar eru við það að standa upp af varamannabekknun núna. Þessar

konur eru ekki aðeins íslenskar, heldur alls staðar að úr heiminum. Það sem metoo kenndi okkur nefnilega, er að með því að leiðast betur hönd í hönd og heimshorna á milli, náum við meiri og hraðari árangri.

Ég hvet ykkur því til að fylgjast sérstaklega með fréttum um konur næstu misseri, innlendum sem erlendum. Setjið ykkur þetta jafnvel sem markmið. Það sem þessi mynd mun smátt og smátt sýna ykkur er eftirfarandi: Konur eru í sókn og útsendingin er hafin.

Landsmenn lesa Fréttablaðið
allan ársins hring

LÍKA Á SUMRIN!

Auglýsing í Fréttablaðinu
er ávallt jafn verðmæt



89% af lesendum dagblaða* á
höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring



* meðalbestur þeirra sem lesa bara
Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið
og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar
Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

Fréttablaðið - mest lesna dagblað
landsins, líka á sumrin

FRÉTTABLAÐIÐ

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Veður og peningar

Athyglisvert er að rýna í áhrif veðurfars á smásöluverslun. Þannig hefur einmuna veðurbliða í Bretlandi verið smásölugeiranum hliðholl. Bresku stórmarkaðirnir hafa selt býsni öll af grillmat, íspinnum, sólaráburði og tilheyrandi. Sama staða hefur verið uppi á Norðurlöndunum þar sem frændur okkar og frænkur hafa legið í sólbaði frá því snemma í vor.

Hvað Ísland varðar þá liggja svo sem ekki fyrir sölutölur um alla þá vætutíð sem að baki er þetta sumarið, að minnsta kosti hér syðra. Hins vegar má sjá stórútsölur á garðhúsgögnum í öllum helstu verslunum. Trampólín standa ónotuð og veðurbarin í ónotuðum gördum. Varla hefur heldur selst jafnmikið af grillmat og fyrri sumur. Íslendingar virðast hins vegar sólgirnir í ís hvernig sem viðrar. Sala á regnfatnaði hlýtur sömuleiðis að vera með mesta móti.

Vætutíðin gæti líka haft viðtækari langtímaáhrif. Fyrir liggur að hægst hefur á fjölgun erlendra ferðamanna. Vonandi hefur slæmt veðurfar ekki þó þau áhrif að enn frekar dragi úr. Eða kannski þveröfugt? Erlendir ferðamenn koma varla til landsins til að njóta einstakrar veðurbliðu?

Svo er enn hægt að halda áfram bollaleggingum. Nú hefur veðurfar verið mun betra bæði norðanlands og austan. Kannski hefur vætutíðin bara þau æskilegu áhrif að dreifa ferðafólki, innlendu og erlendu, betur um landið. Túristarnir flýi bleytuna sunnanlands í sólina nyrðra og eystra.

Ein æskileg áhrif, að minnsta kosti í efnahagslegu tilliti, eru þau að ef til vill fer fólk síður í sumarfrí með tilheyrandi jákvæðum efnahagslegum áhrifum. Eða hvað? Kannski þarf fólk frí til að standa sig í vinnunni.

Svo eru þessar pælingar kannski að æra óstöðugan. Að ætla að búa á Íslandi og láta veðrið stjórna sér er uppskrift að óhamingju.



Icelandair fær alþjóðlega ráðgjafa við hótelsölu

Icelandair Group hefur ráðið Íslandsbanka og HVS Hodges Ward Elliott til þess að veita ráðgjöf í söluferli Icelandair Hotels og þeirra fasteigna sem tilheyra hótelsrekstri samstæðunnar.

HVS Hodges Ward Elliott er ráðgjafar-fyrirtæki sem er með aðsetur í Lundúnum og sérhæfir sig í hóteliðnaðinum. Það hefur viðtæka reynslu af sölu hótela og hótelskeðja um alla Evrópu.

Greint var frá áformum Icelandair Group um miðjan maí en þau miða að því að selja Icelandair Group.



Björgólfur Jóhannsson, forstjóri

meirihluta í Icelandair Hotels. Pétur Þ. Óskarsson, yfirmaður samskiptasviðs Icelandair Group, segir í samtali við Markaðinn að gætt hafi mikils áhuga bæði íslenskra og erlendra fyrirtækja á að taka að sér verkeið. Mörg fyrirtæki hafi því komið til greina í ráðningarferlinu.

„Næsta skref er að safna upplýsingum og útbúa nauðsynleg sölugögn til þess að unnt sé að hefja formlegt söluferli,“ segir Pétur. – tff

28.06.2018

Ég taldi ástæðu til að skoða málin betur og horfa á framtíð fyrirtækisins áður en farið yrði svona bratt í þessa breytingu.

Anna G. Sverrisdóttir, stjórnarmaður í HB



Þarftu vinnurými sem getur vaxið með þér?

Við getum hjálpað til við það

Skrifstofurými okkar veitir þér fullkominn sveigjanleika og getur vaxið með rekstrinum þínum. Fyrirtæki eins og Google og Toshiba nota okkur til að fá rými sem getur stækkað á sama hraða og þau gera. Það er auðvelt í uppsetningu og við getum komið þér af stað í dag.

Hringdu og við sýnum þér hvernig

Sími : 5 27 27 87 eða inná www.regus.is
Höfðatorg Turninn, Ármúli 4 & 6, Tryggvagata 11, Skútuvogur 3 Skipagata 9 - Akureyri

Regus™



VW Tiguan track & style

Nýskráður 2/2013, ekinn 98 þús.km., dísel, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, möguleiki á allt að 90% láni.



Verð kr. 2.490.000



Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 2/2016, ekinn 150 þús.km., dísel, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, góð þjónustusaga, möguleiki á allt að 90% láni.



Verð kr. 2.990.000



Honda CR-V Lifestyle

Nýskráður 6/2011, ekinn 98 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, dráttarkrókur, möguleiki á allt að 80% láni.



Verð kr. 2.490.000



Honda CR-V ES

Nýskráður 1/2007, ekinn 156 þús.km., bensín, sjálfskiptur, dráttarkrókur, allt að 100% lán visa/euro/pei.



Verð kr. 850.000

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Lokað á laugardögum í sumar



NOTADIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

STIGA®



Stiga TwinClip 50 SB
Lúxus sláttuvél með drif B&S 625E mótur
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar 70 lítra kassi, "notendavænn" Frábær vél í flestan slátt

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -

Silfri ehf óskar eftir öflugum trailer bílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.



Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

TÍMAMÓT



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hördur Jónsson

fyrrum skipstjóri og útgerðarmaður á Patreksfirði,

lést laugardaginn 30. júní. Útför hans verður frá Grafarvogskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 13. Starfsfólki á hjartadeild Landspítalans færur við innilegar þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.

Edda Axelsdóttir

Jón Axel Harðarson
Heba Harðardóttir
María Harðardóttir

Izabela K. Harðarson
Jón S. Bjarnason
Þorsteinn Narfason

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

Bryndís Björnsdóttir

lést á heimili sínu þann 9. júní síðastliðinn eftir erfið veikindi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Fjölskyldan þakkar þann hlýhug og samúð sem okkur hefur verið sýnd. Móðir Bryndísar hefur stofnað styrktarrekning fyrir börn hennar, 515-14-123199, kt. 250346-3289.

**Kristín Laufey Bryndísardóttir Hafsteinn Ingi Sigurðsson
Björn Laufland Halldórsson
Christopher Allen DuBeck
Kristín Guðmundsdóttir
Anna Björg Björnsdóttir og fjölskylda
Guðmundur Björnsson og fjölskylda**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

Berglind Björnsdóttir

lést á heimili sínu þann 3. júní síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Fjölskyldan þakkar þann hlýhug og samúð sem okkur hefur verið sýnd.

**Sigurjón Magnússon Linda Mjöll Helgadóttir
Alexander Hrói, Sebastian Nói,
Andrea Ísold, Viktor Frosti
Kristín Guðmundsdóttir
Anna Björg Björnsdóttir og fjölskylda
Guðmundur Björnsson og fjölskylda**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,

Linda Mjöll Andrésdóttir

Bæjartúni 15, Kópavogi,

lést á krabbameinlækningadeild (11E) Landspítalans miðvikudaginn 27. júní. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju mánudaginn 9. júlí kl. 13. Fjölskyldan vill sérstaklega þakka fráberu starfsfólki 11E fyrir óeigingjart og faglegt starf.

**Páll Jakobsson
Jakob Felix Pálsson Andrea Arna Pálsdóttir
Guðrún Brynjólfssdóttir
Hildur Brynja Andrésdóttir Egill Örn Petersen
Jakob Ólafsson Helena Soffía Leósdóttir Little
og aðrir aðstandendur.**



Systir mín og frænka okkar,
Þórhildur Þorsteinsdóttir
(Dúdda)

fyrrum vararæðismaður Íslands og leiðsögumaður,

sem lést á heimili sínu í Fuengirola þann 12. maí sl., verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju í dag, 4. júlí, kl. 15.

**Þorsteinn Þorsteinsson Leifur Ragnar Jónsson
Gauti Kristmannsson Kristín Ragna Jónsdóttir
Þorsteinn Kristmannsson Jón Ragnar Jónsson
Kristmann Egill Kristmannsson
Eiður Páll Sveinn Kristmannsson**

Verðmætasti farmurinn

Blængur NK kom til heimahafnar í gær eftir veru í Barentshafinu frá því í lok apríl.

Síðustu þrjár vikurnar var veiðin afar róleg og það svæði sem helst var veiðivon á var lokað í heila viku vegna heræfinga," segir Bjarni Ólafur Hjálmarsson sem tók við skipstjórn Blængs NK sem kom til Neskaupstaðar í vikunni eftir að hafa verið að veiðum í Barentshafi frá því í lok aprílmánaðar. Í lestum skipsins eru 500 tonn af frystum afurðum eða um 27.000 kassar og var aflinn í veiðiferðinni um 1.450 tonn upp úr sjó og er þá miðað við óaðgerðan fisk. Verðmæti aflans er um 380 milljónir króna. Fullyrðir Síldarvinnslan að þetta sé verðmætasti farmur sem norðfrískt fiskiskip hefur komið með að landi úr veiðiferð.

Theodór Haraldsson var skipstjóri fyrri hluta veiðiferðarinnar en Bjarni Ólafur



Blængur í heimahöfn í bliðunni fyrir austan. MYND/KARL JÓHANN BIRGISSON

tók við eftir sjómannaþinginn. Bjarni Ólafur segir að veiðiferðin hafi gengið vel en aflinn hefði mátt vera meiri.

„Vegna æfinganna þurftum við að færa okkur austar og austast vorum við einar 60 sjómílur frá Novaja Zemlja.“

Eyjaklasinn Novaja Zemlja er trúlega þekktastur fyrir að hafa verið kjarnorku-tilraunastaða Rússa í kalda stríðinu.

„Öll samskipti við Rússana gengu vel og þar nutum við þess að Geir Stefánsson stýrimaður talar reiprennandi rússnesku. Rússarnir voru dálítið hissa þegar þeir uppgötvuðu rússneskumælandi mann um borð hjá okkur, þeir eiga líklega ekki slíku að venjast um borð í erlendum veiðiskípum sem sækja í Barentshafið,“ segir Bjarni Ólafur. benediktboas@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

Unnur Þórðardóttir

lést föstudaginn 29. júní síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

**Steinn Jónsson
Jónína G. Jónsdóttir**

**Jónína B. Jónasdóttir
Guðmundur Ragnarsson**



Minn kærri eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Bragi Jónsson

hagfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund að morgni sunnudagsins 01.07. sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Rósa Guðmundsdóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir Sigurður Axel Benediktsson
Guðmundur Jens Bjarnason Ásta Hrónn Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur sonur minn, bróðir, frændi og vinur okkar,

Bragi Húnfjörð Kárason

bóndi á Þverá í Norðurárdal, er látinn. Útförin fer fram frá Hólanseskirkju, Skagastönd, mánudaginn 9. júlí klukkan 13.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Höskuldsstaðakirkju eða björgunarsveit Blönduóss.

**Sólveig Bjarnadóttir
systkini og aðrir aðstandendur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Jóhannsdóttir

Brekkugötu 38, Akureyri,

lést þriðjudaginn 26. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 9. júlí kl. 13.30.

**Einar Guðbjartsson
Soffía Einarsdóttir
Eva Einarsdóttir
Jóhann Eyfjörð Hreiðarsson
Signý Jóhannsdóttir
Garðar Jóhannsson
Jenný Jóhannsdóttir
Hanna M. Jóhannsdóttir
Hreiðar Eyfjörð Hreiðarsson jr.
Alma Eyfjörð Hiim
Sveinn Eyfjörð Hreiðarsson
Íris Eyfjörð Hreiðarsdóttir
og langömmubörn.**

Bjarni Jónsson

**Halldór Jónasson
Margrét Ragnarsdóttir
Hrafn Davíðsson
Elís Rafn Jónsson
Elsa G. Sveinsdóttir
Susan Eyfjörð
Björn Benninghoff Hiim
Cathrine Pettersen**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinþóra Sumarliðadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi Hafnarfirði þann 28. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju þann 6. júlí kl. 13.

Örn Einarsson

**Aldis Björg Arnardóttir
Arna Þóra Káradóttir
Ellert Kárason
Aþena Líf, Atlas Ingi og Alexandra Ylfa**

**Kári Ellertsson
Örvar Hilmarsson**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Margrét Stefánsdóttir

Eyrarvegi 14, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 18. júní 2018. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir fær starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir einstaka umönnun og kærleika.

**Axel Ragnar Ström
Sigrún Linda Ström Lúðvík Magnús Ólason
Halldóra Björg Ström Hilmar Þór Hannesson
Stefán Ásgeir Ström Helga Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA Á GÓÐU VERÐI



2041

178.900,-kr.




2046

251.900,-kr.



6010

274.900,-kr.



2020

219.900,-kr.



2042

178.900,-kr.



2006

225.900,-kr.




2021

294.900,-kr.



106

295.900,-kr.



6080

375.900,-kr.



104

345.900,-kr.



129-3

395.900,-kr.

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Ath. Aukahlutir, svo sem lukt og vasi er ekki innifalið í verði. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK


Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Austlæg átt í dag og dálítill væta í flestum landshlutum en styttir upp á vestanverðu landinu með deginum. Milt í veðri.



Fimmtudagur

Reykjavík 9° ↘ 7	Ísafjörður 8° ↓ 5	Akureyri 5° ↘ 6	Reykjavík 9° ↑ 5	Ísafjörður 8° ↘ 3	Akureyri 11° → 4
Egilsstaðir 8° ↘ 7	Kirkjubæjarkl. 15° ← 2	Hveravellir 3° ↓ 7	Egilsstaðir 12° → 6	Kirkjubæjarkl. 13° ↗ 9	Hveravellir 8° ↗ 7

Föstudagur

LÉTT

	4			2	8		6	1
							2	5
9		3					7	8
7				8	2			6
		5	3				8	
	6			5	7			
8				4			9	
1								
	3	6		1				

MIDLUNGS

5				3	7			8
4				5	8	9		
		2	1					
	4			9			1	
9				2	1			6
1	5			8	7			
		9	4					7
				6	1	3		
		6				9		

PUNG

6			7	5				
					8		1	
					3			
	9				7		2	8
2	6		4					
8			2				3	
			3			7		5
4		1	6				9	
		6		9		1		

Krossgáta

LÁRÉTT

- korn
- mjaka
- tveir eins
- aðalsmaður
- tveir eins
- hald
- mynt
- nákomið
- einskær
- þátttakandi

LÓÐRÉTT

- álandsvindur
- sáðjörð
- spor
- að baki
- fitlari
- bein
- ljár
- spíra
- drykkur

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. hafna, 5. aka, 6. ft, 8. furstu, 10. m, 11. tak, 12. sent, 13. náð, 15. aðlöð, 17. aðill.
LÓÐRÉTT: 1. hartena, 2. akur, 3. far, 4. aftan, 7. fitlan, 9. steðji, 12. sigð, 14. ala, 16. öl.

Skák Gunnar Björnsson

Stantshev átti leik gegn Filipov í Sofíu í Búlgaríu árið 1948.

Hvítur á leik
1. Dxf7+! Hxf7 2. Ha8+ Kh7 3. Hh8# 1-0.

Róbert Lagerman sigraði á opna meistaramóti Vinaskákfélagsins í hraðskák sem fram fór í fyrradag.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.



3	4	8	1	5	7	2	6	9
7	6	9	4	2	8	5	1	3
1	2	5	6	3	9	4	7	8
2	3	6	5	4	1	8	9	7
8	5	7	2	9	3	6	4	1
9	1	4	7	8	6	3	2	5
4	9	2	3	1	5	7	8	6
6	8	3	9	7	2	1	5	4
5	7	1	8	6	4	9	3	2
3	5	1	4	6	7	2	9	8
2	6	7	5	9	8	4	1	3
8	9	4	1	2	3	5	6	7
4	8	3	6	5	9	7	2	1
5	7	6	2	3	1	9	8	4
9	1	2	7	8	4	6	3	5
6	4	9	3	1	5	8	7	2
7	3	8	9	4	2	1	5	6
1	2	5	8	7	6	3	4	9
4	1	2	8	6	5	9	7	3
5	8	9	7	1	3	2	4	6
6	3	7	4	9	2	8	1	5
7	9	4	5	2	8	3	6	1
3	2	5	1	7	6	4	8	9
8	6	1	3	4	9	5	2	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

Glæný og fersk störf í hverri viku.

Hvað? Hvenær? Hvar?

Miðvikudagur

Hvar@frettabladid.is

4. JÚLÍ 2018

Tónlist

Hvað? Alþjóðlegt orgelsumar – Schola cantorum

Hvenær? 12.00

Hvar? Hallgrímskirkja

Í dag syngur kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, íslenskar og erlendar kórperlur eftir Jón Nordal, Sigvalda Kaldalóns, Byrd, Mendelssohn, Sigurð Sævarsson, Bruckner og Händel í bland við íslensk þjóðlög. Tónleikagestum er boðið í kaffi og spjall við meðlimi kórsins að tónleikunum loknum. Miðaverð 2.500 kr.

Hvað? Stirni Ensemble

Hvenær? 21.00

Hvar? Mengi, Óðinsgötu

Stirni Ensemble er hópur íslenskra tónlistarmanna og -kvenna sem öll eru virk í (tón)listarlífi landsins. Kvartettinn leggur áherslu á nútímatónlist og hefur frumflutt hin ýmsu verk héraðs. Þau hafa komið fram meðal annars í Hörpu á Sigildum Sunnudögum og á Myrkum Músíkdögum en halda nú af stað á tónleikaferð um landið. Fyrsta stopp er í Mengi á Óðinsgötu.

Hvað? Kólga í Djúpinu

Hvenær? 21.00

Hvar? Hornið, Hafnarstræti



Bjarni Harðarson býður upp á söngöngu í Skálholti.

Kólga spilar í Djúpinu, litlum en gamalgrónum tónleikastað með mikla sál. Boðið verður upp á þjóðlagatónlist héðan og þaðan í hæsta gæðaflokki, og allt sungið á íslensku. Með almennilegum textum! Miðar seldir við innganginn. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en þeir sem kaupa nýjan geisladisk sveitarinnar á 2.500 kr. fá fritt inn. Einungis um 40 manns komast að í Djúpinu.

Hvað? HIMA Opnunartónleikar - Strengjakvartettar

Hvenær? 20.00

Hvar? Harpa

Á opnunartónleikum Alþjóðlegu tónlistarakadémiunnar í Hörpu má hlýða á kafla úr strengjakvartettum eftir Mozart, Shostakovich, Schumann, Haydn og Mendelssohn sem leiknir verða af nemendum námskeiðsins í strengjakvartettleik.

Hvað? Óskar Guðjónsson MOVE á Múlanum

Hvenær? 21.00

Hvar? Harpa

Á næstu tónleikum sumardagsskrár Múlans kemur fram kvartett saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar, MOVE. Á tónleikunum verða leikin lög eftir meðlimi. Einnig annarra manna lög frá gullaldararum amerískrar djasstónlist-

ar. Leikgleði og innrím einkennir nággun kvartettsins sem tekur mið af sameiginlegum hugsanarflutningi og flæði. Ásamt Óskari koma fram Eyþór Gunnarsson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Matthías MD Hemstock.

Hvað? Tónlistarflutningur í Akranesvita

Hvenær? 13.00

Hvar? Akranesviti

Nemendur Tónlistarskóla Akraness sjá um tónlistarflutning í Akranesvitanum.

Hvað? Slitnir Strengir - Céilidh

Hvenær? 20.30

Hvar? Gamla kaupfélagið, Akranes Slitnir Strengir ætla að starta Írskum dögum með því að leika Írsku tónlist á Gamla Kaupfélaginu.

Hvað? Krummi og hinir Alpafuglarnir

Hvenær? 20.00

Hvar? Listasafn Árnesinga, Hveragerði

Ekki missa af þessari austurrísku hljómsveit sem spilar íslenska þjóðlagatónlist í nýrri útsetningu sem einkennist af kímni, frásagnargleði og ástriðu fyrir Íslandi.

Viðburðir

Hvað? Söguganga um Skálholt 18. aldar

Hvenær? 19.30

Hvar? Skálholt

Í dag ætlar Bjarni Harðarson að bjóða upp á söngöngu. Bjarni er bóksali á Selfossi, fyrrverandi blaðaútfandi og var alþingismaður um skamma hríð. Hann sendi á síðasta ári frá sér skáldsögunu Í skugga drottins sem fjallar um Skálholt 18. aldar. Á þessu og næsta ári kemur framhald þeirrar sögu í bókum sem ná til þess tíma að skóli og stóll hafa flutt endanlega til Reykjavíkur. Gengið verður frá staðnum upp til Helgusystur í

Langasundi og Smiðjuhóla þar sem margvísir Skálholtssmiðir hafa breytt mýrarrauða í járn.

Sýningar

Hvað? Sýningin Petta vilja börnin sjá! farin á flakk

Hvenær? 10.00

Hvar? Bókasafnið í Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Farandsýningin Petta vilja börnin sjá! er komin til Hafnar í Hornafirði og verður þar til 15. júlí. Á sýningunni getur að líta myndskreytingar 14 íslenskra myndlistarmanna við samtals 17 barnabækur sem komu út á árinu 2017,

ásamt bókunum sjálfum. Myndir sýnenda eru eins fjölbreyttar og þær eru margar. Þarfir barna eru sérstaklega hafðar í huga við uppsetningu sýningarinnar, enda ljóst að viðfangsefni hennar er ætlað börnum frá byrjun.

Hvað? Welcome to New Zoéland | Zoé Sauvage

Hvenær? 13.00

Hvar? Listastofan, Hringbraut

New Zoéland/ Nýja Zoéland, er innblásin ferð í duttlungafullan hugarheim listamannsins Zoé Sauvage gegnum teikningu/málverk, myndband, innsetningu. Landið sem er heimsótt: frændeyja Nýja-Sjálands.

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



SUMAR
ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Risi, örn, dreki, naut og illgjarn dvergur

TÓNLIST

Píanótónleikar



Verk eftir Liszt, Ravel og Vincent van Gelder í flutningi hins síðastnefnda.

Myndlist: Natalie van Gelder

Kaldalón í Hörpu

laugardaginn 30. júní

Hvað eiga hafmeyja, hengdur maður og illgjarn dvergur sameiginlegt? Jú, þau eru öll viðfangsefni franska tónskáldsins Maurice Ravel í píanóverkinu Gaspard de la Nuit. Það er í þremur köflum sem eru innblásnir af ljóðum Aloysiusar Bertrand. Hið fyrsta er um hafmeyju sem seðir til sin dauðlega menn. Næst er dregin upp mynd af aftöku við rautt sólarlag. Þriðja ljóðið er um einhvers konar púka sem veldur gríðarlegum usla hjá saklausu mannfólkinu.

Hollenski píanóleikarinn Vincent van Gelder lék þessa tónsmíð Ravel á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á laugardaginn. Túlkun hans var kraftmikil og gædd videigandi stemningu; söngur hafmeyjunnar var heillandi og munúðarfullur, senan við gálgann tregafull og púkinn ógnandi.

Tæknilega séð var leikurinn þó ekki alltaf ásætlanlegur. Talsvert er um hröð tónahlaup og alls konar skraut sem krefst nákvæmni og hana vantaði stundum. Í tónleikaskránni stóð að Gelder hefði lent í slysi sem varð þess valdandi að hann missti næstum vísfingur vinstri handar. Vel heppnuð skurðaðgerð bjargaði honum og hann náði nánast fullum bata. Kannski var þetta ástæðan fyrir því að tæknileg hlið tónlistarinnar var ekki eins og best varð á



Túlkun Vincents van Gelder á verki Ravel, Gaspard de la Nuit, var kraftmikil.

kosið. Gelder virtist þó eiga í erfiðleikum með hægri höndina líka, en honum er vorkunn; Gaspard de la Nuit er eitt vandasamasta píanóverk tónbókmenntanna.


Gelder lék einnig tvær tónsmíðar eftir Liszt, Liebestraum og Aufenthalt, en sú síðarnefnda er útsetning Liszt á söngljóði eftir Schubert. Túlkunin var skáldleg og þrungið innblæstri, helst mátti finna að leik hraðra nótnaruna í Liebestraum, sem var nokkuð loðinn.

Forvitnilegasti hluti tónleikanna var samruni tónlistar og myndlistar, en um hann snerist dagskráin eftir hlé. Þrettán ára dóttir píanóleikarans, Natalie van Gelder, sýndi málverk eftir sig sem varpað var á tjald fyrir ofan sviðið. Fadirinn lék við þau frumsamda tónlist. Natalie er ákaflega hæfileikarík og efnileg, enda hefur hún þegar unnið til verðlauna. Málverkin hennar voru hvert

öðru flottara.

Forsaga málsins er sú að Gelder-fjölskyldan hefur komið til Íslands margoft, og þjóðsagnaheimur landsins, sérstaklega allt sem varðar landvættina, varð feðginum innblástur. Natalie teiknaði inn í ljósmyndir af náttúru Íslands ýmiss konar furðuverur, og Vincent samdi við myndirnar rómantíska, tilþrífurka tónlist í anda Liszt og samtíðarmanna hans. Þetta kom vel út á tónleikunum. Tónlistin var stórbrotin og magnaði upp stemninguna í myndlistinni, og myndmálið setti píanóleikinn ætíð í rétt samhengi. Útkoman var óneitanlega skemmtileg. **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Tæknilegar hliðar tónlistarflutningsins voru ófullkomnar, en túlkunin var sannfærandi. Samruni tónlistar og myndlistar eftir hlé var áhrifamikill.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK

81 kr.
verðlækkun



298
kr. 770 g

Myllu Heimilisbrauð
770 g - Verð áður 379 kr.

500g



898
kr. 500 g

OS Samlokuostur
í sneiðum, 500 g

Ódýrt og gott í
FERÐALAGIÐ



139
kr. 300 g

Homeblest Kex
300 g



89
kr. 120 g

Toffypops Kex
120 g



69
kr. 145 g

Maryland Kex
145 g, 4 tegundir

KAUPAUKI



9.998
kr. stk.

Philips Senseo Kaffivél
Kaupauki - 5 pakkar af
Senseo Classic eða Strong



398
kr. 420 g

Myllu Möndlukaka
420 g



98

kr. 500 ml

Egils Kristall
Sítrónubragð, 500 ml



kr. 330 ml

Egils Kristall
330 ml, 2 tegundir





1 kg

398

kr. 1 kg

Tómatar
Íslenskir, 1 kg, askja



198

kr. kg

Vatnsmelónur
í lausu



Ferskur
ANANAS

198

kr. stk.

Ananas
Ca. 1,57 kg, Spánn



198

kr. kg

Kínakál
Holland



198

kr. kg

Iceberg
Spánn

**FERÐALAGIÐ
BYRJAR Í BÓNUS**

NÝJAR OG ENDURBÆTTAR SÓSUR



198

kr. 300 ml

Bónus Hamburgarasósa
300 ml



198

kr. 300 ml

Bónus Kokteilsósa
300 ml



198

kr. 300 ml

Bónus Pítusósa
300 ml



259

kr. 270 ml

Bónus Grillsósar
270 ml, 2 teg.

BONUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

DAGSKRÁ

Miðvikudagur



Nýtt

GREYZONE
KL. 20:55

Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skríða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.



Frábær miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á stod2.is



THE BOLD TYPE
KL. 21:15

Frábærir þættir um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tískutímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York og það þekkja vinkonurnar.

NASHVILLE
KL. 21:45

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



THE ACCOUNTANT
KL. 22:00

Christian Wolff var sannkallað undrabarn í stærðfræði en leiðist út í að hvítþvo peninga fyrir hættulegustu glæpasamtök heims.



TWO AND A HALF MEN
KL. 20:45

Bráðfyndnir þættir um fertugan piparsvein sem nýtur mikillar kvenhylli og hefur gert það gott með því að semja auglýsingastef.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

stod2.is

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.20 Lina Langskokkur
- 07.45 Strákarnir
- 08.10 The Middle
- 08.35 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Doctors
- 10.20 Grand Designs
- 11.10 Spurningabomban
- 11.55 The Good Doctor
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Project Runway
- 13.50 The Path
- 14.45 The Night Shift
- 15.30 Heilsugengið
- 15.55 10 Puppies and Us
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 19.00 Fréttayfirlit og veður
- 19.05 Modern Family
- 19.25 Mom Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
- 19.50 The Middle
- 20.15 The Bold Type Önnur syrpa þessara frábæru þátta sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílmartí. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York því auk þess að sinna starfi sínu vel og lifa öfundsverðu lífi lenda vinkonurnar í ýmiss konar aðstæðum sem reyna á. Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi ritstýrunnar Joanna Coles hjá Cosmopolitan.

- 21.00 Greyzone
- 21.45 Nashville
- 22.30 High Maintenance
- 23.00 Deception
- 23.50 NCIS
- 00.30 Lethal Weapon
- 01.15 Tsunami: The Aftermath
- 02.55 Taboo Dramatískir þættir með Tom Hardy í hlutverki hins umdeilda James Keziah Delaney sem tekur við hnignandi skipaveldi föður síns sem er litad af svikum, illindum, undirferli og dauða. Sögusviðið er London í byrjun níjtjándu aldar.
- 03.50 Taboo
- 04.50 Unreal Stórgóðir gamanþættir sem eru hraðir og uppfullir af gráglettnum húmor. Þættirnir fjalla um það sem gerist í raun á bak við tjöldin við gerð raunveruleikabáttar sem gengur út á stefnumótakeppni. Framleiðendum er ekkert heilagt og ganga langt í því að teygja raunveruleikann og toga svo að úr verði gott sjónvarp.
- 05.35 Unreal

STÖÐ 2 SPORT

- 08.10 KA - Breiðablik
- 09.50 KR - Víkingur
- 11.45 Pepsi-mörkin
- 13.05 Fyrir Ísland
- 13.40 Víkingur Ó - ÍA
- 15.25 Premier League World
- 15.55 Sumarmessan
- 16.35 Pepsi-mörkin
- 17.55 Þór - Þróttur
- 20.00 ÍA - FH
- 21.40 Valur - Breiðablik
- 23.30 Sumarmessan

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

- 19.10 Man Seeking Woman
- 19.35 The Last Man on Earth
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Two and a Half Men
- 21.15 The Newsroom
- 22.10 The Hundred
- 22.55 Supergirl
- 23.40 The Detour
- 00.30 Man Seeking Woman
- 00.55 Seinfeld
- 01.20 Friends
- 01.45 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

- 07.24 Svampur Sveinsson
- 07.49 Lalli
- 07.55 Pinga
- 08.00 Strumpanir
- 08.25 Hvellur keppnisbill
- 08.37 Ævintýraferðin
- 08.49 Gulla og grænjaxlarnir
- 09.00 Stóri og Litli
- 09.13 Grettir
- 09.27 K3
- 09.38 Mæja býfluga
- 09.50 Tindur
- 10.00 Dóra könnuður
- 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveinsson
- 11.49 Lalli
- 11.54 Pinga
- 12.00 Strumpanir
- 12.25 Hvellur keppnisbill
- 12.37 Ævintýraferðin
- 12.49 Gulla og grænjaxlarnir
- 13.00 Stóri og Litli
- 13.13 Grettir
- 13.27 K3
- 13.38 Mæja býfluga
- 13.50 Tindur
- 14.00 Dóra könnuður
- 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 14.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveinsson
- 15.49 Lalli
- 15.54 Pinga
- 16.00 Strumpanir
- 16.25 Hvellur keppnisbill
- 16.37 Ævintýraferðin
- 16.49 Gulla og grænjaxlarnir
- 17.00 Stóri og Litli
- 17.13 Grettir
- 17.27 K3
- 17.38 Mæja býfluga
- 17.50 Tindur
- 18.00 Dóra könnuður
- 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 18.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 19.00 Ribbit

Doddli litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47



GOLFSTÖÐIN

- 09.00 The National
- 14.00 Golfing World
- 14.50 KPMG Women's PGA Championship
- 17.50 PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy
- 18.35 Golfing World
- 19.25 The National

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.40 Fly Away Home
- 13.25 Gold
- 15.25 Swan Princess: A Royal Family Tale
- 16.50 Fly Away Home
- 18.35 Gold Skemmtileg spennu-mynd frá 2016 með Matthew McConaughey í hlutverki Kenny Wells, misheppnaðs viðskiptamanna sem í leit að fljótfengnum auði fór ásamt jarðfræðingnum Michael Acosta til Indónesíu í gulleit. Eftir mikla erfðeika og mótvind fundu þeir æð sem var á þeim tíma talin einn mesti gullfundur aldarinnar. En þá er sagan svo sannarlega ekki öll sögð.
- 20.35 Swan Princess: A Royal Family Tale
- 22.00 The Accountant Hörkuspenndandi glæpamynd frá 2016 með Ben Affleck, Anna Kendrick, J.K. Simmons og Jon Bernthal. Christian Wolff var sannkallað undrabarn í stærð- og rúmfræði á kostnað félagslegra hæfileika enda var hann alltaf einn með sjálfum sér. Nú þegar hann er orðinn fullorðinn vinnur hann við að hvítþvo peninga hættulegustu glæpasamtaka heims.
- 00.05 Tracers
- 01.40 Amy
- 03.45 The Accountant

RÚV

- 15.55 Heimavöllur
- 16.45 Að rötum rytmans
- 17.25 Veidikofinn
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Tré-Fú Tom
- 18.22 Krakkastígur
- 18.28 Sanjay og Craig
- 18.50 Visindahorn Ævars
- 18.54 Vikinglotto
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Villi Valli
- 20.25 Grameðlan krufin
- 21.15 Neyðarvaktin
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kappaksturskonur
- 23.40 Myrkraengill
- 00.25 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil
- 08.40 The Tonight Show
- 09.20 The Late Late Show
- 10.00 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.25 King of Queens
- 12.50 How I Met Your Mother
- 13.10 Dr. Phil
- 13.50 Odd Mom Out
- 14.15 Royal Pains
- 15.00 Man With a Plan
- 15.25 LA to Vegas
- 15.50 Flökkulíf
- 16.15 Everybody Loves Raymond
- 16.40 King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 American Housewife
- 20.10 Kevin (Probably) Saves the World
- 21.00 The Resident
- 21.50 Quantico
- 22.35 Incorporated
- 23.25 The Tonight Show
- 00.45 Touch
- 01.30 9-1-1
- 02.15 Instinct
- 03.05 How to Get Away with Murder
- 03.50 Zoo
- 04.40 Síminn + Spotify



Sumartilboð Neyslugeymar

Neyslugeymar í
Fellihýsi
Hjólhýsi
Húsbíla

80 Amper kr. 16.900
100 Amper kr. 19.900
115 Amper kr. 19.900



 **Stilling**
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Taktu 4. júlí alla leið

Sumir segja Ísland bara vera nýlendu Bandaríkjanna og því þá ekki að taka það bara alla leið og halda upp á þjóðhátíðardag þeirra Bandaríkjamanna? Eina leiðin til að fagna þessum degi er að gera bara ótrúlega ameríska hluti.

Sprengja flugelda

Blaðamaður biðst forláts en það að sprengja flugelda er eina leiðin til að fagna 4. júlí fyrir hönd Bandaríkjanna. Ég veit, ég veit, það er líklega ólöglegt og af því er mikið ónáði en risastórir flugeldar að springa yfir íbúðahverfum er við hæfi í dag. Margir lesendur blaðsins verða vafalaust handteknir fyrir athæfið en það er bara fórnarkostnaður.

Fara í Costco

Costco er gríðarlega amerísk búð, jafnvel þó að hún sé í raun eiginlega bresk hér á landi. Ef þú hlustar ekki á breskan hreim starfsfólksins og hunsar breskar merkingar á vörum er það að koma inn í Costco nánast eins og ganga á land í hinni stóru Ameríku. Stórar pakkningar, ódýrar gallabuxur og svo eitt stykki „hot dog“ eftir kaupin.



Sirka svona er best að klæða sig í dag.

Borða Krispy Kreme OG Dunkin' Donuts

Fagnaðu Bandaríkja-deginum almennilega og fæðu þér bæði Krispy Kreme og Dunkin' Donuts á sama deginum. Það má allt í dag, um að gera að leyfa sér.

BBQ

Það sem við Íslendingar köllum „að grill“ er ekki á nokkurn hátt það sama og hið ameríska BBQ. Þar á bæ er BBQ listform eða jafnvel lífsstíll. BBQ tekur marga klukkutíma en kjötið, oftast svínakjöt en líka naut og kjúklingur, er hægeldað og jafnvel reykt á gríðarlega lágum hita og grillmeistarar standa yfir herlegheitunum allan sólarhringinn og smyrja fleskið með heimagerðum sósum og mæla hita á mínútu fresti. Það er best að byrja strax, eða að hafa byrjað að undirbúa þetta í gær.

Drekka bjór sem er meira eins og vatn en bjór

Það amerískasta af öllu er að drekka bjór sem er lapþunnur og heitir eitt-hvað „light“. Þessi síður snýst alls ekki um bragðið af bjórnum, enda er bragð bara fyrir snobbara, heldur snýst þetta um að koma niður sem mestu magni af sem allra köldustum bjór á stuttum tíma. Eftir það verður maður „wasted“ og það er frábært.

Fánar, alls staðar

Það er mikilvægt að skreyta rétt í dag og þá eru það fánalitirnir sem eru það eina sem kemur til greina. Bandaríkjamenn eru ekki með ströng fánalög og því er bókstaflega hægt að fá hvað sem er í sömu litum og ameríska flaggið. Það væri til að mynda hægt að fá sér húsgögn skreytt stjörnunum og röndunum fallegu, skella myndum af fánanum á veggina, skipta út allri nærfata-skúffunni fyrir nariur í sömu litum og Gamla dýrðin og geyma gögnin á USB-lykli sem litur út eins og pínuútgáfa stjörnum stráða klútsins. stefanthor@frettabladid.is




Ahh! Einn skítaldur og bragðlaus beint úr áldós.



Harrison Ford sem forseti Bandaríkjanna öskrar bara „Ameríka!“



Hér getur að líta Ameríkana að nostra við grillkjötið sitt.



Tom Cruise í sínum besta ham.

HOLLYWOOD-RÆMUR

Hvað er amerískara en Hollywood? Hér eru nokkrar góðar Hollywood-ræmur í tilefni dagsins:

Independence Day

Þetta segir sig sjálf. Í guðanna bænum ekki horfa á nýju myndina heldur þessa frá 1996 með Will Smith.

Born on the Fourth of July (1989)

Tom Cruise með sitt hár og skegg í hjólastól að garga hásri röddu? Tilvalið.

Jaws (1975)

Jaws gerist í kringum 4. júlí og er frábær mynd. Það ætti að nægja.

Forrest Gump

Seinni hluti 20. aldarinnar í Bandaríkjunum í gegnum gleraugu Hollywood, svaka fint í dag.

Air Force One

Forseti Bandaríkjanna gengur frá hryðjuverkamönnum og hann er Harrison Ford. Fullkomið.

The Patriot

Ótrúlega „over the top“ dramatisk og væmin þjóðernisleðja úr smíðju hins ástralska Mels Gibson.

Top Gun

Tom Cruise er ótvíræður sigurvegari í leiknum „Besti 4. júlí leikarinn“. Hér flýgur hann um í þotum með góðum félögum.

Við erum
eldsnöggir að
skoða bílinn!



Bílinn yfirfarinn og allir öruggir!

Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja



Fólksbílar/jeppar



Felli - og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Söluskoðun



Hópbílar



Farprófari

Við bjóðum góða
þjónustu og hagstæð
kjör á skoðunum

IS JU 19 567



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í
þeim mánuði sem síðasti tölustafur á
skráningarmerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar
skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til
skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!



Frumherji

www.frumherji.is

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með **TUDOR**



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR



VELABORG
www.velaborg.is

Crawford
ASSA ABLOY

Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is

weber gæði... ending... ánægja.



skoðaðu úrvalið á Weber.is

HANGCHA
SÉRIE 3

Brettatjakkar
Kynningarverð:
43.179 kr. m/vsk



RMI
OFNASMÍÐJAN

s. 511 1100 | www.rymi.is

Útlendingar tala um Ísland

Claire Boston

fréttakona Bloomberg

bendir Gara á að ferðamennirnir eru á Gullna hringnum og það sé sniðugt að fara út fyrir hann. Best sé að elda sjálfur enda veitingastaðir ótrúlega dýrir. Pylsurnar á bensinstöðvunum séu ódýrar og góðar.



Tom Gara, ritstjóri skoðanagreina á BuzzFeed News, er á leiðinni til Íslands. Hann óskaði eftir aðstoð á Twitter um hvað hann ætti að gera og ekki stóð á svörum. Erlendir vinir hans bentu honum á nokkrar íslenskar staðreyndir.



David Whitley

ferðablaðamaður

bendir á að áfengi sé mjög dýrt og best sé að kaupa eins mikið og mögulegt er í Frihöfninni. Tíu manns ýttu á fav-takkann.

Toby Earle

sjónvarpsgagnrýnandi Evening Standard

Hér er einfaldleikinn. Earle bendir Gara á að eiga næga peninga.

Robin Wigglesworth

markaðsfræðingur Financial Times

vill að Gara stoppi á Sægreifanum og fái sér hvalakebab. Ef ekki þá sé humarsúpan frábær. Gara reyndar segist seint leggja sér hval til munns en list vel á humarsúpuna.

Thin

fréttakona Reuters

segir að Einstök sé frábær bjór, Hallgrímskirkja sé heppileg fyrir gott útsýni yfir borgina og sundlaugarnar séu frábærar.



Ashley Vance

rithöfundur og pistlahöfundur um viðskipti

vill að Gara hringi í Arctic Trucks því að það ævintýri sé gott innlegg í minningabankann. Fyrirtækið svarar svarinu og bendir honum á hlekk þar sem hægt er að fá að keyra breytta jeppa sjálfur.



Roland Hughes

ritstjóri vefsíðu BBC

vill að Gara stoppi á Bæjarins beztu. Sé ekki of lengi í Reykjavík heldur leigi bíl og fari út á land. Þá vill hann að Gara forðist Bláa lónið í lengstu lög sem sé túristagildra og of dýrt.

Önnur ummæli

„Kauptu framrúðutryggingu. Það eru malarvegir á Íslandi.“

„Nýttu þér birtuna.“

„Þingvellir. Upprunalega þingið og hægt að standa á flekaskilunum milli Norður-Ameríku og Evrópu.“

„Vertu með myrkvunargluggatjöld.“

„Kauptu mat í Bónus og eldaðu sjálfur. Birgðu þig upp af áfengi í Frihöfninni.“

„Borðaðu íslenskt nammi. Draum, Nóa Kropp og Þrist.“

„Kauptu þér lopapeysu.“

„Allt er dásamlegt. Slakaðu á og njóttu.“

„Finndu Dynjanda. Fallegasti staður jarðarinnar.“

„Fáðu þér svefngrimu svo að þú getir sofið.“

ORMSSON Þar sem gæðin og góða verðið fara saman

AEG



25%

Takmarkað magn!

AEG VEGGOFN BPB331021-M STÁL

MEÐ SJÁLFHREINSIBÚNAÐI - vrn. HT 949 718 616

Fjölkerfa veggofn sjálfhreinsibúnaði (Pyrolytic) og rafeindaklukku. Litur: Stál með kámvörn, sókkhnappar og snertihnappar. Hurð með stangarhaldi. Ofninn slekkur á blæstri þegar hurð er opnuð. Rafeindastýrð hitastjórnun, ofninn mælir með hitastigi á völdum kerfum.

ÁÐUR: 119.900,- / NÚ: 89.925,-

Tefal
Pottar og pönnur



25%

brabantia

Strauborð
Nokkrar útfærslur og áklæði.

Verð frá:
9.990,-

Netverslun

ORMSSON.IS



Alltaf lágt verð í netverslun!



AEG

AEG ÞVOTTAVÉL

7KG 1200SN

kr. 79.900,-



SAMSUNG

SAMSUNG ÞVOTTAVÉL

ECO BUBBLE

7KG 1400SN

kr. 59.900,-



Öflugi ofnahreinsirinn sem allir eru að tala um



Minum á ryksugupokana.



brabantia

Þrifalegu ruslaföturnar

AEG **20%**

Kraftmiklu og hjóðlátu ryksugurnar

Gott úrval af ryksugum frá AEG, kraftmiklar, hjóðlátar og endast vel.



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust í allt að 12 mánuði



Opnunartímar:

Virka daga 10-18

Lokað laugardaga í sumar

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
-----------------------------------	---	---------------------------------	-------------------------------------	-----------------------------------	----------------------------------	--	---	---	--	---------------------------------------	---------------------------------	---



BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Leit að betra lífi

Það er ómurllegt að horfa upp á hvernig börn innflytjenda í Bandaríkjunum eru tekin frá foreldrum sínum og jafnvel geymd í búrum.

Í flestum tilfellum er um heiðarlegt fólk að ræða sem er einfaldlega í leit að betra lífi fyrir sig og fjölskyldu sína. Eina sem þau hafa til sakar unnið er að fæðast röngu megin við ímyndaða línu. Í stað meðalhófs og umburðarlyndis er rekin stefna án umburðarlyndis.

Við getum vel tekið betur á móti innflytjendum og boðið fleiri kvótaflóttamönnum að koma hingað til lands. Eitt af því sem helst þarf að bæta varðandi móttöku innflytjenda er menntun barna þeirra.

Margt bendir til að þar sé pottur brotinn. Menntun er lykilþáttur í að nýir Íslendingar nái að aðlagast lífinu hér og skapa sér gott líf til framtíðar. Sveitarfélögin þurfa að gyrða sig í brók hvað þetta varðar.

Það er ekki bara siðferðisleg skylda okkar að taka vel á móti innflytjendum heldur sýna rannsóknir að innflytjendur hafa góð áhrif á hagkerfi þróaðra ríkja. Þeir sinna störfum sem ella væru ef til vill ekki unnin og nota launin sín til að kaupa vörur og þjónustu. Þetta skapar hagvöxt í nýja heimalandinu.

Uppsveiflan sem við höfum séð hér síðustu árin hefði ekki verið svona mikil ef við hefðum ekki notið krafta erlends vinnuafis.

Í dag, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna, er talið að um 2.300 börn innflytjenda séu í haldi stjórnvalda fjarri foreldrum sínum. Land frelsis og tækifæra hefur að mörgu leyti snúist upp í andhverfu sína.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

SÓL RÍKAR STRANDIR OG SANGRÍA!

Það þarf ekki að kosta mikið að skella sér í sólina.

Láttu ameríska drauminn rætast, upplifðu yndislegar

Evrópuborgir eða láttu líða úr þér með kokteil á

sundlaugarbakkanum. Bókaðu þína WOW-ferð strax

í dag — þú átt það svo sannarlega skilið!



BÓKAÐU NÚNA
Á WOWAIR.IS

WOW
air